

Stjórnartíðindi

1981 - A-deild

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. VI, XVII, 18, 45, 57, 64, 72, 74, 77, 82-83, 87, 93, 96, 108-109, 113, 118-119, 123, 129, 131, 134-135, 138, 143-144, 166-167, 170-173, 203, 211, 219, 247, 253, 263, 278, 290-291, 294-295, 297-299, 304, 331, 362, 371, 378, 382, 437-440, 442, 444, og 453-454.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1981

A-DEILD



REYKJAVÍK — 1981
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

WORLD BANK

1990

1990

1990

Útgefandi: Dómsmálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	9. jan.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar	1
2	13. febr.	Lög um breyting á lögum, nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt, sbr. lög nr. 7 22. febrúar 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyting á þeim lögum	2—3
3	24. febr.	Lög um söngmálastjóra og Tónskóla Þjóðkirkjunnar	4—5
4	25. febr.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	5
5	1. mars	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	5
6	2. mars	Lög um breyting á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám	6
7	10. mars	Lög um breyting á lögum nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands	6—7
8	9. apríl	Lög um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf.	8—9
10	13. apríl	Lög um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu	22—24
9	15. apríl	Barnalög	10—22
11	22. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum	25—26
14	24. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 108 31. desember 1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða	33—34
15	24. apríl	Lög um tímabundið oliugjald til fiskiskipa	34—35
13	28. apríl	Lánsfjárlög fyrir árið 1981	29—33
12	30. apríl	Lög um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana	27—28
16	8. maí	Lög um breyting á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976	36
18	12. maí	Lög um breyting á lögum nr. 55 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla	38—39
19	12. maí	Lög um breyting á lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni	40
17	13. maí	Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	37—38
20	18. maí	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955	41—44

IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
21	18. maí	Lög um kirkjubyggingasjóð	44—46
22	18. maí	Lög um breyting á og viðauka við lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977 og lög nr. 61/1977 ..	46—47
23	18. maí	Lög um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og bensíni	47
24	18. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 94/1933, um tékka	48
66	18. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslegt öryggi, m. fylgiskj.	177—186
67	18. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, m. fylgiskj.	187—201
25	21. maí	Lög um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignaskatt, sbr. lög nr. 7 22. febrúar 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febrúar 1981 ..	49—54
26	21. maí	Lög um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex	55—56
27	25. maí	Lög um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga	57
70	25. maí	Forsetabréf um þinglausnir	216
28	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði	58—66
29	26. maí	Lög um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti	66—67
30	26. maí	Lög um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum	67—68
31	26. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá, með síðari breytingum	68
32	26. maí	Lög um lagningu sjálfvirks síma	69
33	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili ..	69—70
34	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum	70—71
35	26. maí	Lög um þýðingarsjóð	71—72
36	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum	72
37	26. maí	Lög um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs	73
38	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979	73
39	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla ..	74
40	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 112 frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn	74
41	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum	75

V

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
42	26. maí	Lög um breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978	75
43	26. maí	Lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands	76—77
44	26. maí	Lög um horfna menn	78—82
45	29. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	82—84
46	29. maí	Lög um breyting á og viðauka við lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja	84—85
47	29. maí	Lög um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra	85—86
48	29. maí	Lög um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 15/1980	86—88
49	29. maí	Lög um framkvæmdasjóð aldraðra	88—89
50	29. maí	Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit	90—105
51	29. maí	Lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum	106—107
52	29. maí	Lög um breyting á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra	107—108
53	29. maí	Lög um loðdýrarækt	108—110
54	29. maí	Lög um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna	110—112
55	29. maí	Lög um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 55/1970 og lög nr. 30/1977	113—114
56	29. maí	Lög um vitamál	114—118
68	29. maí	Lög um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, m. fylgiskj.	202—214
69	29. maí	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973, lög nr. 24/1976 og lög nr. 52/1980	215
64	2. júní	Lög um atvinnuleysistryggingar	137—146
57	3. júní	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	119—120
58	4. júní	Lög um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins	121—124
59	4. júní	Lög um stálbræðslu	124—125
60	4. júní	Lög um raforkuver	125—127
61	4. júní	Lög um steinullarverksmiðju	127—128
62	4. júní	Lög um sjóefnavinnslu á Reykjanesi	128—130
63	5. júní	Lög um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni	130—137
65	11. júní	Auglýsing um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1981—1984	147—176
71	28. júlí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	217

VI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
72	28. júlí	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands	217—218
73	6. ágúst	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	218
74	28. ágúst	Bráðabirgðalög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.	219
75	14. sept.	Lög um tekjuskatt og eignarskatt	220—267
76	14. sept.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1981	268
79	23. sept.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum	274—275
77	1. okt.	Lög um dýralækna	269—273
78	21. okt.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	273
80	2. nóv.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	275
95	11. des.	Lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	474—486
85	18. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	279
81	21. des.	Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.	276—277
82	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með áorðnum breytingum	277
83	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum	277—278
84	28. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum	278—279
87	29. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við Norðurlandasamning um aðstoð í skattmálum, með fylgiskjali	281—297
86	31. des.	Lög um iðnráðgjafa	280
88	31. des.	Lög um breyting á lyfjalögum, nr. 49/1978	298
89	31. des.	Lög um breytingu á lögum, nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum	298—299
90	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis	299—300
91	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrtækja (verslunarlánasjóð)	300
92	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 45/1972, um Stofnlánadeild samvinnufélaga	301
93	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 49/1981, um Framkvæmdasjóð aldraðra	301—302
94	31. des.	Fjárlög	303—473

Yfirlit

eftir málaflokkum.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Ábyrgðarheimildir, sjá Ríkisábyrgðir.			
Almannatryggingar.			
36	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum	72
30	26. maí	Lög um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum	67—68
Alþingi.			
1	9. jan.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar	1
70	25. maí	Forsetabréf um þinglausnir	216
76	14. sept.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1981	268
85	18. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	279
90	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis	299—300
Alþjóðasamningar.			
67	18. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, m. fylgiskj.	187—201
68	29. maí	Lög um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, m. fylgiskj.	202—214
69	29. maí	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973, lög nr. 24/1976 og lög nr. 52/1980	215
Atvinnuleysistryggingar, sjá Félagsmál.			
Atvinnuréttindi.			
27	25. maí	Lög um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga	57
77	1. okt.	Lög um dýralækna	269—273

VIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Atvinnuvegir, sjá Iðnaður; Landbúnaður; Sjávarútvegur.			
Bankamál.			
12	30. apríl	Lög um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana	27—28
24	18. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 94/1933, um tékka	48
74	28. ágúst	Bráðabirgðalög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o.fl.	219
81	21. des.	Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o.fl.	276—277
Barnavernd.			
9	15. apríl	Barnalög	10—22
40	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 112 frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn	74
Bátaábyrgðarfélög, sjá Siglingar; Skip; Tryggingar.			
Bráðabirgðalög.			
74	28. ágúst	Bráðabirgðalög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o.fl.	219
Dánarsönnun.			
44	26. maí	Lög um horfna menn	78—82
Dómsmál.			
28	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði	58—66
34	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum	70—71
44	26. maí	Lög um horfna menn	78—82
Dýralæknar.			
77	1. okt.	Lög um dýralækna	269—273
Efnahagslögsaga, sjá Landhelgismál.			
Efnahagsmál.			
10	13. apríl	Lög um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu	22—24
12	30. apríl	Lög um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana	27—28
13	28. apríl	Lánsfjárlög fyrir árið 1981	29—33
16	8. maí	Lög um breyting á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976	36

IX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Erfðamál.			
44	26. maí	Lög um horfna menn	78—82
Fasteignir.			
17	13. maí	Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	37—38
47	29. maí	Lög um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra	85—86
54	29. maí	Lög um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna	110—112
Félagsmál.			
8	9. apríl	Lög um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf.	8—9
10	13. apríl	Lög um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu	22—24
47	29. maí	Lög um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra	85—86
49	29. maí	Lög um framkvæmdasjóð aldraðra	88—89
52	29. maí	Lög um breyting á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra	107—108
63	5. júní	Lög um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni	130—137
64	2. júní	Lög um atvinnuleysistryggingar	137—146
93	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 49/1981, um Framkvæmdasjóð aldraðra	301—302
Fiskveiðar, sjá Sjávarútvegur.			
Fjárlög, ríkisreikningur.			
13	28. apríl	Lánsfjárlög fyrir árið 1981	29—33
94	31. des.	Fjárlög	303—473
Fjarskipti.			
32	26. maí	Lög um lagningu sjálfvirks síma	69
Flugmál.			
8	9. apríl	Lög um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf.	8—9
Forseti Íslands.			
4	25. febr.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	5
5	1. mars	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	5
71	28. júlí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	217

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
73	6. ágúst	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	218
78	21. okt.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	273
80	2. nóv.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	275
Gengismál, sjá Bankamál.			
Gjaldeyrismál.			
74	28. ágúst	Bráðabirgðalög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o.fl.	219
81	21. des.	Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o.fl.	276—277
Gjöld, sjá Skattar, gjöld.			
Háskóli Íslands.			
72	28. júlí	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands	217—218
79	23. sept.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum	274—275
Hegningarlög, sjá Refsilög.			
Heilbrigðismál.			
19	12. maí	Lög um breyting á lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni	40
42	26. maí	Lög um breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978	75
50	29. maí	Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit	90—105
88	31. des.	Lög um breyting á lyfjalögum, nr. 49/1978	298
Iðnaður.			
26	21. maí	Lög um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex	55—56
58	4. júní	Lög um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins	121—124
59	4. júní	Lög um stálbræðslu	124—125
61	4. júní	Lög um steinullarverksmiðju	127—128
62	4. júní	Lög um sjóefnavinnslu á Reykjanesi	128—130
86	31. des.	Lög um iðnráðgjafa	280

XI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Innflutningsmál.			
11	22. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum	25—26
26	21. maí	Lög um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex	55—56
Jarðir (kaup, sala).			
54	29 maí	Lög um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna	110—112
Kennarar, sjá Menntamál.			
Kirkjumál.			
3	24. febr.	Lög um söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar	4—5
21	18. maí	Lög um kirkjubyggingasjóð	44—46
Kosningar.			
90	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis	299—300
Landbúnaður.			
29	26. maí	Lög um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti	66—67
45	29. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl.	82—84
51	29. maí	Lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum	106—107
53	29. maí	Lög um loðdýrarækt	108—110
77	1. okt.	Lög um dýralækna	269—273
95	11. des.	Lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl.	474—486
Landhelgismál.			
38	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979	73
Lántökur.			
13	28. apríl	Lánsfjárlög fyrir árið 1981	29—33
37	26. maí	Lög um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs	73
Launamál.			
8	9. apríl	Lög um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf.	8—9

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
10	13. apríl	Lög um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu	22—24
22	18. maí	Lög um breyting á og viðauka við lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977 og lög nr. 61/1977	46—47
46	29. maí	Lög um breyting á og viðauka við lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja	84—85
48	29. maí	Lög um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 15/1980	86—88
52	29. maí	Lög um breyting á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra	107—108
Lífeyrissjóðir.			
48	29. maí	Lög um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 15/1980	86—88
Lyf, sjá Heilbrigðismál.			
Lögheimili.			
33	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili	69—70
Menntamál.			
3	24. febr.	Lög um söngmálastjóra og Tónskóla Þjóðkirkjunnar	4—5
6	2. mars	Lög um breyting á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám	6
7	10. mars	Lög um breyting á lögum nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands	6—7
18	12. maí	Lög um breyting á lögum nr. 55 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla	38—39
35	26. maí	Lög um þýðingarsjóð	71—72
39	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla	74
40	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 112 frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn	74
72	28. júlí	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands	217—218
79	23. sept.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum	274—275
Milliríkjasamningar, sjá Alþjóðasamningar; Norræn samvinna.			
Norræn samvinna.			
66	18. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslegt öryggi, m. fylgiskj.	177—186

XIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
87	29. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við Norðurlanda-samning um aðstoð í skattamálum, með fylgiskjali	281—297
Opinberir starfsmenn.			
22	18. maí	Lög um breyting á og viðauka við lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977 og lög nr. 61/1977 ..	46—47
29	26. maí	Lög um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti	66—67
Prestar, sjá Kirkjumál.			
Rafmagnsveitur ríkisins, sjá Raforkumál.			
Raforkumál.			
60	4. júní	Lög um raforkuver	125—127
89	31. des.	Lög um breytingu á lögum, nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum	298—299
Refsilög.			
20	18. maí	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955	41—44
69	29. maí	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973, lög nr. 24/1976 og lög nr. 52/1980	215
Ríkisábyrgðir.			
37	26. maí	Lög um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráða-sjóðs	73
54	29. maí	Lög um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kaupþúna	110—112
Ríkisborgararéttur.			
57	3. júní	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	119—120
Ríkisstofnanir.			
43	26. maí	Lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands	76—77
50	29. maí	Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit	90—105
54	29. maí	Lög um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kaupþúna	110—112
Samgöngumál, sjá Bifreiðar; Flugmál; Hafnir; Siglingar, skip;			
Umferðarmál; Vegamál.			
Samvinnufélög.			
92	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 45/1972, um Stofnlána-deild samvinnufélaga	301

XIV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Sifjaréttarmál.			
9	15. apríl	Barnalög	10—22
44	26. maí	Lög um horfna menn	78—82
Siglingar, skip.			
34	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum	70—71
48	29. maí	Lög um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 15/1980	86—88
56	29. maí	Lög um vitamál	114—118
Sjávarútvegur.			
14	24. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 108 31. desember 1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða	33—34
16	8. maí	Lög um breyting á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyting á lögum um útlutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976	36
38	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979	73
58	4. júní	Lög um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins	121—124
74	28. ágúst	Bráðabirgðalög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o.fl.	219
81	21. des.	Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o.fl.	276—277
84	28. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útlutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum	278—279
Sjóðir.			
21	18. maí	Lög um kirkjubýggingasjóð	44—46
35	26. maí	Lög um þýðingarsjóð	71—72
37	26. maí	Lög um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs	73
49	29. maí	Lög um framkvæmdasjóð aldraðra	88—89
54	29. maí	Lög um Landakaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna	110—112
58	4. júní	Lög um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins	121—124
Skattar, gjöld.			
2	13. febr.	Lög um breyting á lögum, nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt, sbr. lög nr. 7 22. febrúar 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyting á þeim lögum	2—3

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
10	13. apríl	Lög um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu	22—24
11	22. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum	25—26
12	30. apríl	Lög um verðlagsaðhald, lækun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana	27—28
15	24. apríl	Lög um tímabundið oliugjald til fiskiskipa	34—35
16	8. maí	Lög um breyting á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976	36
17	13. maí	Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	37—38
25	21. maí	Lög um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febrúar 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febrúar 1981	49—54
26	21. maí	Lög um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex	55—56
31	26. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá, með síðari breytingum	68
36	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum	72
41	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum	75
56	29. maí	Lög um vitamál	114—118
74	28. ágúst	Bráðabirgðalög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o.fl.	219
75	14. sept.	Lög um tekjuskatt og eignarskatt	220—267
81	21. des.	Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o.fl.	276—277
83	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o.fl., með áorðnum breytingum	277—278
84	28. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum	278—279
89	31. des.	Lög um breytingu á lögum, nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum	298—299

Skip, sjá Siglingar, skip.

Skólar, sjá Menntamál.

Sveitarstjórnarmál.

54	29. maí	Lög um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kaupþúna	110—112
----	---------	--	---------

Tékkar, sjá Bankamál.

XVI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Tollamál, sjá Skattar, gjöld.			
Tryggingar.			
64	2. júní	Lög um atvinnuleysistryggingar	137—146
Umferðarmál.			
55	29. maí	Lög um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 55/1970 og lög nr. 30/1977	113—114
Útanríkismál, sjá Alþjóðasamningar; Norræn samvinna; Sjávarútvegur; Þróunarlönd.			
Útflutningur.			
16	8. maí	Lög um breyting á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976	36
84	28. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum	278—279
Vátryggingar, sjá Almennatryggingar; Tryggingar.			
Vegamál.			
65	11. júní	Auglýsing um þingsályktun um vegaáætlun fyrir árin 1981—1984	147—176
Verðlagsmál.			
10	13. apríl	Lög um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu	22—24
12	30. apríl	Lög um verðlagsaðhald, lækkingu vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana	27—28
23	18. maí	Lög um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og bensini	47
41	26. maí	Lög um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum	75
45	29. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	82—84
74	28. ágúst	Bráðabirgðalög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o.fl.	219
81	21. des.	Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o.fl.	276—277
82	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með áorðnum breytingum	277
89	31. des.	Lög um breytingu á lögum, nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum	298—299

XVII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
Verslun.			
12	30. apríl	Lög um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindi- ðingsskyldu innlánsstofnana	27—28
17	13. maí	Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhús- þætti	37—38
45	29. maí	Lög um breyting á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðar- ins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbún- aðarvörum o.fl.	82—84
91	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 48/1966, um Stofnlána- deild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð)	300
95	11. des.	Lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o.fl.	474—486
Vinnudeilur, sjá Félagsmál.			
Vísitala.			
10	13. apríl	Lög um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu	22—24
Þróunarlönd.			
43	26. maí	Lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands	76—77

Skrá um útgáfudaga A-deildar 1981.

A 1, nr. 1	22. jan.
A 2, nr. 2	13. febr.
A 3, nr. 3—7	17. mars
A 4, nr. 8	9. apríl
A 5, nr. 9—10	28. apríl
A 6, nr. 11	27. apríl
A 7, nr. 12	30. apríl
A 8, nr. 13—15	8. maí
A 9, nr. 16	11. maí
A 10, nr. 17—19	18. maí
A 11, nr. 20—26	22. maí
A 12, nr. 27—54	9. júní
A 12, nr. 55—70	18. júní
A 14, nr. 71—73	11. ágúst
A 15, nr. 74	28. ágúst
A 16, nr. 75—76	24. sept.
A 17, nr. 77—80	13. nóv.
A 18, nr. 81—85	31. des.
A 19, nr. 86—94	15. jan. 1982
A 20, nr. 95	19. febr. 1982

Endurprentuð blöð: 31, 293.

Leiðrétting: Bls. 473, neðsta lína, Stjórnartíðindi A 17—19, nr. 77—94, les Stjórnartíðindi A 19, nr. 86—94.

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1981

9. janúar 1981.

1

Nr. 1.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar mánudaginn 26. janúar 1981 kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 9. janúar 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

Stjórnartíðindi A 1, nr. 1. Útgáfudagur 22. janúar 1981.

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1981

Nr. 2.

2

13. febrúar 1981.

L Ö G

um breyting á lögum, nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. og 7. töluliðir A-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna verði 7. og 8. töluliðir, en við bætist nýr töluliður er verði 6. töluliður og orðist svo:

Kostnað vegna handverkfæra innan viss hámarks er launþegar í löggiltum iðngreinum þurfa að leggja sér til vegna starfs síns. Ríkisskattstjóri skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og getur hann ákveðið hámark árlegs frádráttar mismunandi eftir iðngreinum. Þá er þeim, er hafa tekjur skv. 1. málsg. 1. töluliðs A-liðs 7. gr. af hljóðfæraleik og leggja sjálfir til hljóðfæri, heimilt að færa til frádráttar kostnað vegna hljóðfæruna eftir nánari reglum sem ríkisskattstjóri setur.

2. gr.

1. töluliður E-liðs 1. málsg. 30. gr. laganna orðist svo:

Vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 2. mgr. 51. gr., að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.—5. tl. 1. mgr. 8. gr., allt að 2 500 000 gkr. (25 000 nýkr.) hjá hverjum manni, en 5 000 000 gkr. (50 000 nýkr.) hjá hjónum, enda séu gjöld þessi af skuldum sem sannanlega eru notaðar til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða endurbóta á því. Endurbót telst það í þessu sambandi ef heildarkostnaður við endurbæturnar á skattárinu er 7% eða meira af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins í árslok.

Vaxtagjöld vegna annarra skulda en fasteignaskulda til tveggja ára eða lengri tíma er þó einungis heimilt að draga frá tekjum:

- a) Að því er íbúðar kaup eða endurbætur varðar á næstu 3 skattárum talið frá og með kaupári eða því ári er endurbæturnar eiga sér stað.
- b) Að því er nýbyggingar varðar á næstu 6 skattárum talið frá og með því ári, sem bygging er hafin á, eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

3. gr.

1. málslíður 2. málsg. 30. gr. laganna orðist svo:

Í stað frádráttar samkvæmt D- og E-liðum 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum skv. 1. tl. A-liðs 7. gr. þegar frá þeim hafa verið dregnir þeir liðir sem um ræðir í 1.—6. tl. A-liðs 1. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við skattlagningu á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 skulu lán með sjálfskuldarábyrgð til tveggja ára eða lengri tíma lögð að jöfnu við sambærileg fasteignaveðlán að því er varðar frádráttarbærni vaxtagjalda, sbr. 1. tölulið E-liðs 1. mgr. 30. gr. laga þessara.

Gjört í Reykjavík 13. febrúar 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Söngmálastjóri starfar innan þjóðkirkjunnar. Skal hann hafa sérmenntun í orgelleik, litúrgíu og kórstjórn. Kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra að fenginni tillögu biskups Íslands. Laun hans, svo og embættis- og ferðakostnaður, greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Söngmálastjóri hefur með höndum yfirumsjón og skipulagningu kirkjusöngs innan þjóðkirkjunnar. Hann heldur námskeið með kirkjuorganistum, leiðbeinir þeim í orgelleik, söngkennslu og söngstjórn og aðstoðar þá við stofnun kirkjukóra. Hann skal eftir því sem við verður komið heimsækja kirkjukóra og organista og vera þeim í hvívetna til leiðbeiningar og hvatningar um kirkjusöng. Hann hefur jafnframt samstarf við sóknarpresta og sóknarnefndir og er þeim til aðstoðar við ráðningu organista og útvegum og val kirkjuhljóðfæra.

Biskup Íslands setur í erindisbréfi nánari ákvæði um starf söngmálastjóra.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að fengnum tillögum söngmálastjóra og biskups Íslands að ráða menn til aðstoðar söngmálastjóra við raddþjálfun og söngkennslu.

Biskup Íslands setur þeim erindisbréf í samráði við söngmálastjóra.

4. gr.

Þjóðkirkjan starfrækir tónskóla, sem söngmálastjóri veitir forstöðu. Skal skólinn vera búinn nauðsynlegum hljóðfærum til kennslu og æfinga.

Hlutverk tónskólans er að veita verðandi og starfandi kirkjuorganistum menntun í orgelleik, söngstjórn, raddþjálfun, litúrgíu, tónfræði, hljómfræði, tónheyrn og öðru því, er að kirkjutónlist lýtur.

Skólanefnd skipa 3 menn: Starfandi prestur tilnefndur af biskupi Íslands, kennari í messusöng við Háskóla Íslands og maður tilnefndur af kirkjumálaráðherra.

Kostnaður við stofnbúnað og rekstur tónskólans greiðist úr ríkissjóði.

Nánari ákvæði um hlutverk skólans og starfrækslu skulu sett í reglugerð.

Heimilt er ráðherra að setja ákvæði um að nemendur skólans greiði skólagjöld.

5. gr.

Þeir, sem æskja inngöngu í Tónskóla þjóðkirkjunnar, hafi meðmæli sóknarprests síns.

6. gr.

Lokapróf frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar veitir sömu réttindi og aðrir tónlistarskólar, þ. e. til starfa sem organisti og sem kennari í tónlist. Tónskóli Þjóðkirkjunnar skal kenna í samræmi við námsskrá, sem hlotið hefur staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

Nemendur Tónskólans öðlast að öðru leyti réttindi í samræmi við þá áfanga (námsstig), sem þeir ljúka í námi, og í samræmi við ákvæði í reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 73 27. júní 1941 um söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar.

Gjört í Reykjavík, 24. febrúar 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

25. febrúar 1981.

Nr. 4.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir fór í dag í opinbera heimsókn til Danmerkur.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 25. febrúar 1981.

Gunnar Thoroddsen.

Gísli Arnason.

1. mars 1981.

Nr. 5.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 1. mars 1981.

Pálmi Jónsson.

Gísli Arnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. gr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Sá sem lokið hefur fyllsta námi frá Vélskóla Íslands á hverjum tíma og hefur auk þess lokið sveinsprófi í vélvirkjun eða annarri málmíðnaðargrein, sbr. 14. gr. þessara laga, á rétt á starfsheitinu vélfræðingur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 2. mars 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Tómas Árnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Inntaka og skrásetning nemenda.

4. gr. orðist svo:

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Stúdentspróf eða annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, og menntamálaráðuneytið fellst á það.
2. Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsnámi frá Kennaraháskóla Íslands, geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan prófi. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar.
3. Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfni-prófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslensku og fleiri greinum.
4. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu nemenda, og eru þeir einir taldir nemendur skólans, er hafa skráð sig til náms. Skrásetningargjöld skulu háð samþykki skólaráðs og menntamálaráðherra.

5. Ákvæði um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu má setja í reglugerð. Öllum skrásettum nemendum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem skólaráð ákveður.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar.

2. gr.

6. gr. orðist þannig:

Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:

I. Uppeldisgreinar, 4 hlutir.

II. Námsgreinar grunnskóla.

a) Kjarni, 4 hlutir.

b) Valgreinar, 4 hlutir.

Nemendur velji 2 bóklegar greinar eða eina list- og verkgrein.

Skólaráð getur heimilað nemendum að auka við sig námi í valgrein.

III. Verklegt nám, æfingakennsla og annað starf á vettvangi, 12 vikur hið minnsta. Saman skal fara, eftir því sem við verður komið, samstillt og hnitmiðað nám í námsgreinum grunnskólans og uppeldisgreinum, einkum kennslufræði. Verklega námið fer fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum og stofnunum, eftir því sem þörf krefur.

IV. Fjalla skal um það efni á námskeiðum, sem ekki er unnt að skipa eðlilega á samfellda stundaskrá annar- eða vetrarlangt.

3. gr.

Aftan við 12. gr. komi ný málsgrein:

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim, sem innritast hafa í Kennaraháskóla Íslands fyrir gildistöku laga þessara, er heimilt að velja hvort þeir stunda nám samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1971 eða ákvæðum þessara laga.

Gjört í Reykjavík 10. mars 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ingvar Gíslason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1981

Nr. 8.

8

9. apríl 1981.

L Ö G

um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Takist ekki samkomulag um sameiningu starfsaldurslista þeirra félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Félags Loftleiðaflugmanna, sem starfa hjá Flugleiðum hf., fyrir milligöngu sérstakrar sáttanefndar samkvæmt 3. gr. laga nr. 33 16. maí 1978, tilnefnir Hæstiréttur Íslands þrjá menn sem úrskurðaraðila um það efni.

Hæstiréttur Íslands kveður á um hver hinna þriggja úrskurðaraðila skuli vera formaður.

Úrskurðaraðilar setja sér starfsreglur og afla sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum, sem og fyrirsvarsmönnum Flugleiða hf. og stéttarféлага þeirra, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Úrskurðaraðilar skulu hefja störf ef starf sáttanefndarinnar ber ekki árangur, þó ekki síðar en innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara.

3. gr.

Vinnustöðvun sú, sem boðuð er frá og með 10. apríl 1981, vegna deilu um starfsaldurslista er óheimil, svo og aðrar vinnustöðvanir í því skyni að knýja fram aðra skipan mála en lög þessi gera ráð fyrir.

4. gr.

Ákvarðanir úrskurðaraðila skulu vera bindandi fyrir hlutaðeigandi frá 15. mars 1981.

5. gr.

Laun úrskurðaraðila greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

BARNALÖG.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallst á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til allra barna, en um kjörbörn eru einnig sérlög. Einstök ákvæði laganna ná til stjúpbarna og fósturbarna samkvæmt því sem í þeim segir.

Réttarstaða barna er í hvívetna hin sama nema lög mæli annan veg.

Í lögum þessum er mælt fyrir um framfærslu barna að einkarétti, en ekki gagnvart hinu opinbera, nema sérstaklega sé getið.

II. KAFLI

Faðerni skilgetins barns.

2. gr.

Það barn er skilgetið, sem alið er í hjúskap móður barnsins eða svo skömmu eftir hjúskaparslit, að það sé hugsanlega getið í hjúskapnum, enda sé ekki vefengt á þann hátt, sem síðar segir, að barn sé skilgetið.

Nú giftast foreldrar óskilgetins barns eftir fæðingu þess, og telst barnið þá skilgetið.

Eigi raskar það réttarstöðu barns, þótt hjúskapur foreldra þess sæti ógildingum með dómi.

3. gr.

Barn, sem 2. gr. tekur til, telst barn eiginmanns móður barnsins, uns faðerni er hnekkkt samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

4. gr.

Mál til vefengingar á faðerni barns geta höfðað eiginmaður móður barns, móðir þess, barnið sjálft og lögráðamaður barns, sem sérstaklega er skipaður, ef því er að skipta. Enn fremur að eiginmanni látnum sá erfingi hans, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum.

Eiginmaður móður barnsins skal höfða mál innan eins árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik, sem orðið getur efni til þess að vefengja faðerni barns, og þó eigi síðar en innan fimm ára frá fæðingu barnsins. Nú er eiginmaður látinn, en málshöfðunarfrestur þó ekki liðinn, og getur þá sá, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hinn látna, höfðað vefengingarmálið innan 6 mánaða frá því, að hann fékk vitneskju um fæðingu barnsins og dauða eiginmannsins.

Dómsmálaráðherra getur heimilað, að mál verði höfðað eftir lok fresta þeirra, sem greinir í 2. málsg., ef alveg sérstaklega stendur á.

5. gr.

Dómari metur á grundvelli sönnunargagna máls, hvort vefengingarkrafa samkvæmt 4. gr. verði tekin til greina.

6. gr.

Vefengingarmál skulu rekin og dæmd þar á dómþingi, sem segir í 46. gr. Þeir dóm-
arar fjalla um mál, sem dæma almenn einkamál.

Játning aðilja kemur aðeins til greina sem sönnunargagn, og er aðildareiður óheimill.

Nú er eiginmaður móður barns látinn, áður en mál er höfðað, og má þá beina máli gegn húi hans.

Um meðferð og rekstur mála þessara fer að öðru leyti samkvæmt því sem segir í 56. gr.

III. KAFLI

Faðerni óskilgetinna barna.

7. gr.

Það barn er óskilgetið, sem ekki hefir réttarstöðu skilgetins barns samkvæmt 2. gr., svo og barn, sem faðerni þess hefir sætt vefengingu með dómi eftir reglum II. kafla.

8. gr.

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni barns fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins. Ef barnsfaðir er yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er uppi látin, skal hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns.

Nú hjúgæu móðir barns og maður, sem hún lýsti föður þess saman samkvæmt því, er greinir á þjóðskrá, eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum, við fæðingu barnsins, og jafngildir það þá faðernisviðurkenningu.

Nú hafa maður, sem kona hefir lýst föður að barni sínu, og móðir barns tekið síðar upp sambúð samkvæmt því, er greinir í 2. málsg., og jafngildir það faðernisviðurkenningu, enda sé barnið feðrað.

9. gr.

Nú er þann veg háttað sálrænum högum lýsts barnsföður, að varhugavert er að taka mark á yfirlýsingu hans, og skal dómur þá ganga á mál.

Hið sama er, ef upp kemur, að fleiri menn en hinn lýsti faðir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barnsins, enda verði eigi talið fyrirfram, að faðerni annarra en þess, er gangast vill við faðerni, sé útilokað.

10. gr.

Nú er faðernisviðurkenning fengin með nauðung, svikum, misneytingu eða hún á rót að rekja til mistaka eða hún er málamyndagerningur, og er þá hægt að kröfu þess, sem gengist hefir við barni, eða lögráðamanns hans að dæma hana ógilda. Sama er, ef gögn koma fram, er sýna, að maður þessi geti ekki verið faðir barnsins.

Nú er mál höfðað samkv. 1. málsg., og á þá 51. gr. við.

11. gr.

Dómsmálaráðherra getur mælt svo fyrir, að faðernisviðurkenning, sem fengin er erlendis, sé jafngild faðernisviðurkenningu, sem fengist hefir hér á landi.

12. gr.

Sá maður telst faðir óskilgetins barns, sem sannað er, að hafi haft samfarir við móður þess á getnaðartíma barns, nema gögnum sé til að dreifa, sem geri það lítt sennilegt, að hann sé faðir barnsins.

Nú sannast að móðir barns hefir haft samfarir við fleiri menn en einn á getnaðartíma barnsins, og verður þá varnaraðili í barnsfaðernismáli því aðeins dæmdur faðir barns, að verulega meiri líkur séu á, að hann sé faðir barnsins, en annar eða aðrir, sem til greina hafa komið.

Aðildareiður er óheimill.

Í dómsmáli út af faðerni barns verður varnaraðili ekki dæmdur meðlagsskyldur, nema hann sé dæmdur faðir barns.

Dómsmálaráðherra kveður í reglugerð á um framkvæmd blóðrannsóknna og mannfæðisráðgjafra rannsóknna í barnsfaðernismálum, sbr. 51. gr.

13. gr.

Um meðferð og rekstur máls til ákvörðunar á faðerni barna fer að ákvæðum IX. kafla laga þessara.

IV. KAFLI**Framfærsla barna.****14. gr.**

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra börn sín. Framfærslu barna skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barna. Ákvæði þetta á einnig við um kjörbörn og kjörforeldra.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra stjúpbarn sitt, svo sem eigið barn þess væri. Sama á við um sambúðarforeldri.

Nú er barn í fóstri, sbr. 35. gr. laga nr. 53/1966, án meðlagsgreiðslna, og er þá fósturforeldri skylt að framfæra fósturbarn sitt með sama hætti og væri það eigið barn þess.

15. gr.

Nú fullnægir foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni, og getur valdsmaður þá úrskurðað það til greiðslu framfærslueyris með því.

Framfærslueyri skal ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þ. á m. aflahæfi þeirra.

Nú hefir faðir barns sætt dómi fyrir brot samkvæmt XXII. kafla almennra hegningarlaga gagnvart móður þess, og telja verður, að barn sé getið við þessa háttsemi, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barns að öllu leyti.

16. gr.

Í meðlagsúrskurði skal auk fulls nafns meðlagsskylds foreldris tilgreina nafnúmer þess og fæðingarstað, svo og heimilisfang þess, stöðu og atvinnustað á þeim tíma, sem meðlagsúrskurður er gefinn út.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri nemur, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í lögum um almannatryggingar, né heldur takmarka meðlagsskyldu meðlagsskylds foreldris við lægri lágmarksaldur en þann, er greinir í 17. gr. laga þessara. Frá gildistöku laga þessara skal greiða meðlag með barni, skilgetnu og óskilgetnu, þar til það nær framangreindum aldri, þótt annað aldurstakmark hafi verið ákveðið í meðlagsúrskurði.

Aðiljar þeir, er greinir í 23. gr., 2. mgr., geta skotið úrskurði valdsmanns um meðlag til dómsmálaráðuneytis innan 3 mánaða frá því, að úrskurður gekk. Úrskurður ráðuneytisins er fullnaðarúrskurður um fjárhæð meðlags.

17. gr.

Framfærsluskyldu lýkur, er barn verður 18 ára. Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma, ef barn giftist, nema valdsmaður ákveði annað. Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar barns er heimilt að ákveða allt til þess, er barn nær 20 ára aldri.

Ákvæði 20. gr. 1. málsg. eiga við um ákvarðanir valdsmanns samkv. 1. málsg.

18. gr.

Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrirfram, nema annað sé löglega ákveðið.

19. gr.

Heimilt er að úrskurða framfærsluskyldan (meðlagsskyldan) aðilja til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

Framlög samkvæmt 1. málsg. verða því aðeins úrskurðuð, að krafa um það sé uppi höfð við valdsmann innan þriggja mánaða frá því, að svara varð til útgjalda, nema eðlileg ástæða hafi verið til að bíða með slíka kröfu.

20. gr.

Valdsmaður getur breytt meðlagsúrskurði, ef rökstudd beiðni kemur fram um það, enda sé sýnt fram á, að hagir foreldra eða barns hafi breyst, sbr. og 24. gr.

Ákvörðun um framfærslueyri, sem eindagaður er, áður en beiðni er uppi höfð, verður þó ekki breytt, nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess, og almennt ekki lengra aftur í tímann en í eitt ár, frá því að beiðni var sett fram.

21. gr.

Samningar um framfærslueyri með börnum eru því aðeins gildir, að valdsmaður staðfesti þá. Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, og eigi má takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barna en þann, sem greinir í 17. gr.

22. gr.

Staðfestur samningur um framfærslueyri, sbr. 21. gr., er því ekki til fyrirstöðu, að valdsmaður skipi máli annan veg en samningur kveður á um, enda telji hann að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhögð við þarfir barns.

23. gr.

Framfærslueyrir samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyri barni. Nú er greidd af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu, og skal þá varðveita fúlguféð með þeim hætti, sem fyrir er mælt almennt um fé ófjárráða, sbr. 38. gr. laga nr. 95/1947, eða í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.

Sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, getur krafist þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða hafi haft hana, er forsjárskyldu lauk, eða hafi barnið í fóstri samkvæmt lögumatri skipan. Nú hefir verið innt af hendi framfærsluframlag af hendi almannaalvalds, og hefir þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann, sem í 1. málslið greinir.

24. gr.

Ákvörðun á framfærslueyri með börnum við skilnað foreldra hlítir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt, þ. á m. um breytingu á ákvörðunum um framfærslueyri.

V. KAFLI

Barnsfararkostnaður o. fl. greiðslur, er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu.

25. gr.

Valdsmaður getur úrskurðað föður barns til að greiða framfærslueyri með konu samtals í þrjá mánuði fyrir og eftir fæðingu barns.

Nú sýkist kona vegna meðgöngu eða barnsfara, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlega styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en 9 mánuði eftir fæðingu.

Skylda má menn til greiðslu framlaga samkvæmt þessari grein, þótt barn fæðist andvana.

26. gr.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður sem um getur í 3. málsg. 15. gr., skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngu og barnsförum stafar.

Valdsmaður getur enn fremur úrskurðað þann sem valdur er að þunga konu til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar.

27. gr.

Framlög þau, sem greind eru í 25. gr. og 26. gr. 1. málsg., eru gjaldkræf þegar við ákvörðun á þeim, ef barn er þá fætt, og endranær á því tímamarki, er valdsmaður ákveður. Framlög samkv. 26. gr. 2. málsg. eru gjaldkræf við úrskurðun þeirra.

Framlög samkv. 1. málsg. verða ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að beiðni var sett fram, nema alveg sérstakar ástæður leiði til annars.

Framlög samkv. 25. og 26. gr. tilheyra móður barns eða þeirri opinberu stofnun, er staðið hefir straum af útgjöldum þeim, sem hér getur verið um að ræða.

VI. KAFLI

Greiðsla framfærslueyris og innheimtuúrræði.

28. gr.

Framfærslueyrir (meðlag) með börnum, sem valdsmaður hefir úrskurðað, er lögtakskræfur, sbr. 1. og 7. gr. laga nr. 29/1885. Hinu sama gegnir um greiðslur, sem valdsmaður úrskurðar samkv. 19., 25. og 26. gr., sbr. 27. gr.

Greiðslur samkv. 1. málsgrein, sem samningur aðilja tekur til, staðfestur af valdsmanni, eru einnig lögtakskræfar.

29. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslu rétt hér á landi, og öðrum þeim aðiljum, sem greinir í 31. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni, skilgetnu eða óskilgetnu, samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns, er greinir í almanna-tryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði hverju sinni, sbr. 14. gr. og 73. gr. laga nr. 67/1971, 3. gr. laga nr. 96/1971, 1. og 2. gr. laga nr. 85/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 62/1974.

Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður löglega birtur. Lifeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilriki liggja fyrir um, að barn verði ekki feðrað, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1980. Á sama hátt getur barnsmóðir fengið meðlag með barni þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, sbr. 45. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Um kröfu þessa svo og endurgreiðslu hennar gilda að öðru leyti ákvæði 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980, þ. á m. um endurgreiðslu ríkissjóðs á meðlögum, er Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

30. gr.

Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna framfærslueyris, sbr. 25. gr. 1. málsg., fer svo sem segir í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur, sem greinir í 19. gr., og barnsmóðir um greiðslur samkvæmt 25. gr. 2. málsg. og 26. gr. 1. málsg. þessara laga, enda fer um endurkröfurétt Tryggingastofnunarinnar eftir því sem fyrir er mælt í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, má ákveða hámark þeirra greiðslna, sem Tryggingastofnunin innir af hendi samkv. 1. og 2. málsg.

31. gr.

Þeir, sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmaeltum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri samkvæmt 28.—30. gr.

32. gr.

Um skyldu foreldris til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlög og um innheimtuúrræði þeirrar stofnunar segir í 5. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971.

VII. KAFLI

Lögsaga íslenskra dómstóla um faðerni barna o. fl.

33. gr.

Mál um faðerni barna er heimilt að höfða hér á landi, ef varnaraðili á hér lögheimili eða dvelst hér á landi eða dánarhú hans sætir eða hefir sætt skiptameðferð hér á landi.

Slík mál má enn fremur höfða hér á landi, ef móðir barns eða barnið á lögheimili hér á landi.

Víkja má frá reglum 1. og 2. málsg. með samningum við erlent ríki.

Um varnarþing í faðernismálum fer eftir því sem segir í IX. kafla um slík mál.

34. gr.

Nú er barnsfaðernismál höfðað gegn manni, sem staddur er erlendis og tekur eigi til varna í máli, og metur dómari þá eftir að gagna hefir verið aflað með þeim hætti, sem fyrir er mælt um mál þessi, hvort unnt sé að leyfa barnsmóður að styrkja framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Að svo búnu tekur hann mál til efnisúrlausnar. Nú er varnaraðili dæmdur faðir barns, og er þá unnt að kveða upp úrskurð um meðlag og barnsfararkostnað á grundvelli dómsins, en úrskurð skal kveða upp á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins greiðslur þær, er hún innir af hendi samkvæmt þessu. Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns.

Nú færir barnsmóðir fullnægjandi sönnur að mati valdsmanns, þar sem hún á lögheimili, á faðerni barns samkv. 2. og 8. gr., sbr. 11. gr., en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans, og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og barnsfararkostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Rík-

issjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns eftir því sem fært reynist.

Nú hefir faðir barns forsjá þess, en meðlagsúrskurður verður eigi gefinn út á hendur barnsmóður af því að hún er heimilisföst erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hennar. Skal valdsmaður þá úrskurða honum meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins, og fer það að öðru leyti svo sem segir í 2. mgr.

VIII. KAFLI

Foreldraskyldur, forsjá barns og umgengnisréttur.

35. gr.

Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barna og þörfum. Foreldrum ber að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og ala með þeim iðjusemi og siðgæði.

Barnið á rétt á forsjá foreldra sinna uns það verður sjálfráða, en einstakar forsjárskyldur geta þó haldist lengur, ef þarfir barns krefjast þess. Um framfærsluskyldu segir í 17. gr.

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðilja til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Þeir, sem hafa forsjá barns á hendi, hafa rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins, sbr. 24. gr. laga nr. 95/1947.

Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því, að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Foreldrum ber að hafa samráð við börn sín, áður en persónulegum málefnum þeirra er ráðið til lykta, eftir því sem gerlegt er, þ. á m. með tilliti til þroska barns.

Ákvæði þessarar greinar eiga við um kynforeldri, kjörforeldri, stjúeforeldri og fósturforeldri, sbr. 14. gr. 3. málsg., svo og um sambúðarforeldri, þ. e. karl eða konu, sem er í sambúð við kynmóður barns eða kynföður samkvæmt því er greinir á þjóðskrá eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum.

36. gr.

Skilgetið, ósjálfráða barn á rétt á forsjá foreldra, sem búa samvistum, og eru þau forsjárskyld við barnið.

Nú eru foreldrar skildir að borði og sæng eða lögskildir, og fer þá um forsjá barns samkvæmt því, er segir í skilnaðarbréfi eða dómi, sbr. 38. gr.

Nú gengur lögskilið foreldri, sem hefir forsjá barns síns, í hjúskap að nýju, og er forsjá barns þá einnig í höndum stjúforeldris. Ef lögskilið foreldri stofnar til sambúðar, sbr. 35. gr. 6. málsg., er forsjá barns einnig hjá sambúðarforeldri. Ákvæði þessarar málsgreinar á einnig við um sambúðarfólk, er slítur samvistir, þar sem öðru foreldri hefir verið fengin forsjá barns.

Nú er annað foreldri látið, og hefir hitt þá forsjá barns og stjúforeldri að auki, ef foreldri gengur að nýju í hjúskap, og að sínu leyti sambúðarforeldri, ef foreldri hefir stofnað til sambúðar, sbr. 35. gr. 6. málsg. Nú eru báðir kynforeldrar barns látnir, en stjúforeldri eða sambúðarforeldri er á lífi, og hefir það þá forsjá barns, nema önnur skipan sé á gerð af hálfu almannavalds.

37. gr.

Ósjálfráða barn ógiftra foreldra, sem saman búa, sbr. 8. gr. 2. mgr., á rétt á forsjá þeirra beggja, og eru þau forsjárskyld við það samkvæmt 35. gr.

Nú búa foreldrar óskilgetins barns eigi saman, sbr. 8. gr. 2. mgr., og á þá barnið rétt á forsjá móður, sem er forsjárskyld við það, samkvæmt 35. gr., eða föður, ef

honum hefir verið falin forsjá barnsins. Stjúpforeldri hefir einnig forsjá barns, ef því er að skipa, svo og sambúðarforeldri, sbr. 35. gr. 6. málsg. Nú andast móðir barns eða faðir, sem falin hefir verið forsjá barnsins, og fer þá stjúpforeldri (sambúðarforeldri) með forsjá barnsins, en ella hitt kynforeldrið, nema almannavald geri aðra skipan á.

Umsjá forsjá barna foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 8. gr. 2. málsg. og 35. gr. 6. málsg. og slíta samvistir, fer sem í 38. gr. segir.

Foreldri ósjálfráða barns, sem eigi er skilgetið, getur óskað þess, að dómsmálaráðuneytið kveði svo á, að því sé falin forsjá barns síns, þ. á m. ef hitt foreldri barns er ekki hæft til að hafa á hendi forsjá þess, svo og ef hitt foreldri barns hefur veitt samþykki sitt til að barn sé ættleitt. Ráðuneytið ræður þessu máli til lykta eftir því sem best hentar hag barns, og skal þá m. a. tekið tillit til tengsla barns við foreldri að undanfögnu.

38. gr.

Nú slíta foreldrar, sem eru giftir, eða búa saman, sbr. 8. gr. 2. málsg. og 35. gr. 6. málsg., samvistir. Ákveða þau þá, hvort þeirra fari með forsjá barns, nema í hága komi við þarfir barnsins. Í síðastgreinda tilvikinu, svo og þegar foreldra skilur á, skal ráða málefni til lykta með úrlausn dómsmálaráðuneytis, að fenginni umsógn barnaverndarnefndar, eftir sanngirni og því, sem best hentar hag og þörfum barns. Forsjá barns skal vera óskipt hjá öðru foreldrinu. Nú er hvorugt foreldra hæft til að fara með forsjá barns, að dómi barnaverndarnefndar (barnaverndarráðs), og skal dómsmálaráðuneytið þá skipa máli eftir því sem best hentar hag og þörfum barnsins.

Forsjarmálum skal ávallt skipa, þegar leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng og við úrlausn um lögskilnað. Dómsmálaráðuneyti eða dómstóll getur ákveðið til bráðabirgða, hvernig fara skuli um forsjá barns foreldra, sem krafist hafa skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Dómsmálaráðuneytið getur og mælt fyrir um slíka skipan vegna samvistarsslíta foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 8. gr. 2. málsg. og 35. gr. 6. málsg. Ákvæði 1. málsg. eiga hér við að sínu leyti. Breyta má þessum ákvörðunum vegna breyttra aðstæðna. Ákvörðun til bráðabirgða bindur ekki hendur úrskurðarvalds, þegar skipa skal forsjá barns til frambúðar.

Um ákvörðun framfærslueyris með barni vegna samvistarsslíta foreldra fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla, sbr. m. a. 24. gr.

39. gr.

Samningi foreldra um forsjá barns, sbr. 38. gr., má breyta með ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, ef aðiljar eru sammála um að ráðuneytið leysi úr málinu, eða með dómi. Breyting skal því aðeins á gerð, að slíkt teljist réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins.

Nú hefir dómsmálaráðuneytið mælt fyrir um, hvernig haga skuli forsjá barns, og getur ráðuneytið þá að ósk annars foreldris breytt ákvörðun sinni í þessu efni, ef breyting þykir réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins. Sama er að sínu leyti um dómstól, sem kveðið hefir á um það, að annað foreldri skuli hafa forsjá barns.

40. gr.

Nú er forsjá barns aðeins í höndum annars foreldris, og á barnið þá rétt á umgengni við hitt foreldra sinna, enda er foreldri skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum, er að því lúta. Ef sérstök atvik valda því að mati dómsmálaráðuneytisins, að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag þess og þörfum, getur ráðuneytið kveðið svo á, að umgengnisréttar njóti ekki við.

Ef foreldrar verða sammála um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti, skal eftir því farið, nema sú skipan komi í bága við hag og þarfir barnsins að mati dómsmálaráðuneytisins. Ef foreldra greinir á um þetta efni, kveður dómsmálaráðuneytið á um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt, nema ráðuneytið telji rétt að synja um umgengnisrétt, eins og á stendur, sbr. 1. málsg. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar, þegar ástæða þykir til þess, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins.

Nú torveldar það foreldri, sem hefir forsjá barns, að hitt fái að umgangast barnið, og getur dómsmálaráðuneytið þá knúið það að viðlögðum allt að 200 króna dagsektum, er renni til ríkissjóðs, til að láta af tálmunum. Öðrum lagaúrræðum verður eigi beitt til framdráttar umgengnisrétti.

Nú er annað foreldri barns látið eða bæði, og geta nánir ættingjar látins foreldris þá krafist þess, að dómsmálaráðuneytið mæli fyrir um umgengnisrétt þeirra við barn. Ráðuneytið ræður máli til lykta eftir því sem best hentar hag barnsins.

Ágreiningsefni út af umgengnisrétti lúta ávallt úrlausn dómsmálaráðuneytisins, sem breytt getur ákvörðunum sínum að ósk annars foreldris, ef hagur og þarfir barns gera slíkt réttmætt.

41. gr.

Nú hefir forsjármáli eigi verið ráðið til lykta, og getur dómsmálaráðuneytið þá að ósk annars foreldris lagt svo fyrir, að það foreldra, sem barn hefir hjá sér, megi ekki fara úr landi með barnið.

Nú á annað foreldra umgengnisrétt við barn, og má hitt foreldra þá eigi flytjast með barnið úr landi, nema því foreldra, sem umgengnisréttinn á, sé veitt færi á að tjá sig um málið og þ. á m. bera mál undir dómsmálaráðuneytið.

42. gr.

Foreldrar geta falið öðrum forsjá barna að nokkru leyti eða öllu. Þeir geta þó hvenær sem er tekið í sínar hendur forsjá barnsins, nema almannavald telji barninu hentara, að ráðstöfun haldist, sbr. lög 53/1966, 36. gr. 3. málsg. Ákvæði þetta á ekki við um ættleiðingu.

Ef sá, sem fer með forsjá barns, misbeitir forráðum sínum eða vanrækir forsjárskyldur, svo sem vegna drykkjuskapar, eða hann er óhæfur af öðrum ástæðum til forsjár, getur dómsmálaráðuneytið svipt hann forsjá barns og falið öðrum forsjá þess, sbr. lög 53/1966, m. a. 26. og 36. gr. Nú er annað foreldri slíkum annmarka háð, og má þá fela hinu að fara með forsjá barnsins.

Almannavald getur svipt foreldri, annað eða bæði, forsjá barns eftir því sem lög mæla fyrir um.

IX. KAFLI

Mál til faðernis barna.

a. Faðerni óskilgetinna barna.

43. gr.

Barnsfaðernismál má höfða á heimilisvarnarþingi móður eða föður, sbr. og 3. málsg.

Nú á móðir ekki varnarþing hér á landi, og skal þá höfða mál á varnarþingi varnaraðilja eða því varnarþingi, sem hann átti síðast hér á landi, ef hann er farinn af landi eða ókunnugt er, hvar hann er niður kominn, eða á varnarþingi, þar sem með bú hans er farið.

Höfða má mál á varnarþingi barns, ef varnarþingi hér á landi samkvæmt 1. og 2. málsgrein er ekki til að dreifa, eða fyrir öðrum dómstóli hér á landi samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

Nú flyst aðili úr lögsagnarumdæmi, áður en nokkrar aðiljaskýrslur eru teknar í máli, og má þá vísa máli til dómstóls á þeim stað, þar sem varnarþing verður eftir flutning aðilja.

44. gr.

Sóknaraðili barnsfaðernismáls er móðir barns eða barnið sjálft. Nú hefir móðir barns höfðað mál, og sóknaraðili andast, áður en máli er lokið, og getur þá einstaklingur eða það sveitarfélag, sem við framfærslu barns hefir tekið að nokkru eða öllu, haldið áfram málinu.

Varnaraðili máls er sá maður eða þeir menn, sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns. Nú er varnaraðili látinn, áður en mál er höfðað, og má þá höfða það á hendur búi hans, að tilstefndum skiptaráðanda eða skiptaforstjóra, ef opinber skipti eru á höfð, en ella gegn erfingjum.

Ef vist má þykja eða líklegt, að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns, skal stefna þeim báðum eða öllum.

Nú er málsaðili yngri en 18 ára, og skal lögráðamaður þá koma fram fyrir hönd skjólstaðings síns í málinu. Sama er, ef málsaðili er sviptur lögræði.

45. gr.

Barnsfaðernismál er höfðað, þegar dómari hefir veitt viðtöku ósk frá réttum aðilja um, að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð.

Meðan á rannsókn og meðferð barnsfaðernismáls stendur, á barnsmóðir kröfu á liðsinni barnaverndarnefndar, eftir því sem dómari telur þörf á. Sama er um barn, ef það er sóknaraðili.

Sóknaraðili barnsfaðernismáls skal hafa gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti.

46. gr.

Barnsfaðernismál eru rekin og dæmd á bæjarþingi eða aukadómþingi. Dómendur í málum þessum eru héraðsdómarar utan Reykjavíkur, en yfirsakadómari og sakadómarar í Reykjavík.

Mál þessi sæta almennri meðferð einkamála, nema annan veg sé mælt í lögum.

47. gr.

Dómari semur og gefur út stefnu í málum þessum og sér um birtingu hennar, og gildir það einnig, þegar ákveðið er að draga inn í mál nýja varnaraðilja. Ekki er þörf á stefnu í máli, ef varnaraðili kemur fyrir dóm eftir kvaðningu dómara.

Birta má stefnu í Lögbirtingablaði, ef varnaraðili á hvorki heimili hér á landi né dvelst hér.

Lögreglumenn eru skyldir til að veita dómara lið til að leita uppi lýstan barnsföður og færa hann fyrir dómara til skýrslutöku, og eru viðkomendur skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana.

48. gr.

Læknir eða ljósmóðir, sem tekur við barni, skal þegar skrá skýrslu um öll þau atriði, er af má ráða um þroska barnsins, eftir því sem nánar segir í stjórnvaldsreglum um störf þessi. Spyrja skal móður um faðerni barns og skrá skýrslu hennar um það, og skal sú skýrsla greind í kirkjubók (manntalsbók). Gæta skal þess, að fram

komi, ef barn er óskilgetið, að móðir lýsi tiltekinn mann föður barns, en eigi má fortakslaust greina hann föður, nema viðurkenning hans liggja fyrir eða önnur úrlausn um faðerni barns.

49. gr.

Dómari skal af sjálfsdáðum afla allra upplýsinga og gagna til skýringar málinu. Dómari ákveður, hverjir skuli kvaddir til aðiljayfirheyrslu og hverjir skuli krafðir vættis í málinu, svo og hverra yfirlýsinga og álitsgerða skuli leitað af hendi sérkunnáttumanna og svo annarra sönnunargagna.

Ákvæði laga nr. 85/1936 um útivist málsaðilja eða áhrif þess að hreyfa eigi andmælum við staðhæfingum gilda eigi um mál samkvæmt þessum kafla.

Dómari getur ákveðið að taka skýrslur af vitnum án þess að málsaðiljar séu viðstaddir, en jafnan skal tilkynna málsaðiljum hvenær dómþing fari fram, þar sem vitni komi fyrir dóm.

50. gr.

Nú er maður yfirheyrður sem málsaðili eða vitni í barnsfaðernismáli, og er honum þá skylt að gefa skýrslu um samneyti sitt við barnsmóður á getnaðartíma barns.

Barnsmóður er skylt að skýra frá því í slíku máli, hverjir hafi átt samneyti við hana á getnaðartíma barns.

Aðiljum máls er skylt, eftir kröfum dómara, að mæta fyrir dómi og gefa skýrslu, konunni þó ekki ef hún er sóknaraðili máls, enda skal vísa máli frá dómi, ef hún neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa fyrir dómi, eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn sem dómari mælir fyrir um.

51. gr.

Dómari getur mælt fyrir um, að blóðrannsókn sé gerð á móður barns og barninu svo og varnaraðiljum, og enn fremur aðrar sérfræðilegar kannanir, þ. á m. mannerfðafræðilegar rannsóknir. Eru viðkomendur skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana. Dómari getur kveðið svo á, að blóðrannsókn og mannerfðafræðileg rannsókn skuli fram fara á foreldrum og eftir atvikum systkinum barnsmóður og varnaraðilja, svo og á öðrum börnum barnsmóður og öðrum börnum lýsts barnsföður.

52. gr.

Dómari leysir úr sakarefni án tillits til þeirra krafna, sem uppi eru hafðar í málinu.

Um lyktir barnsfaðernismáls og efnislega úrlausn fer svo sem segir í 12. gr.

53. gr.

Dómþing í barnsfaðernismálum skulu háð fyrir luktum dyrum. Fulltrúi barnaverndarnefndar getur sótt dómþing með barnsmóður eða barni.

Nú er dómur í barnsfaðernismáli prentaður eða birtur með öðrum hætti opinberlega, og skal þá gæta leyndar um nöfn þeirra, stöðu og heimili sem greindir eru í dóminum.

54. gr.

Dómari barnsfaðernismáls annast um birtingu dóms.

55. gr.

Nú er óskað endurupptöku á barnsfaðernismáli, sem dæmt hefir verið í héraði, en ekki áfrýjað til Hæstaréttar, og skal þá héraðsdómari, þar sem leyst hefir verið

úr máli, meta það, hvort endurupptaka verði leyfð. Ber að beita við það mat meginreglum 59. gr. laga nr. 75/1973. Ákvörðun héraðsdóms sætir kærnu, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Umsókn um endurupptöku skal berast héraðsdómi eigi síðar en einu ári eftir að málsaðili fékk vitneskju um atvik þau, sem umsókn styðst við, og þó eigi síðar en 5 árum frá fæðingu barns. Dómsmálaráðherra getur lengt fresti þessa, ef alveg sérstaklega stendur á.

Nú hefir barnsfaðernismál sætt dómi Hæstaréttar, og ákveður Hæstiréttur þá samkvæmt 59. gr. laga nr. 75/1973, hvort endurupptaka skuli leyfð. Ákvæði 1. málsgr. um fresti til að hafa uppi kröfu, eiga hér einnig við, þó svo, að ráðherra leitar umsagnar Hæstaréttar, áður en afstaða er tekin til lengingar frests. Ef endurupptaka er leyfð getur Hæstiréttur ákveðið, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju í héraðsdómi.

Nú er endurupptaka leyfð, og er þá heimilt í nýjum efnisdómi að taka ákvörðun um endurgreiðslu meðlaga og annarra fjárgreiðslna, sem inntar hafa verið af hendi samkv. fyrri dómi.

b. Mál til vefengingar á faðerni skilgetinna barna.

56. gr.

Um aðild máls fer svo sem segir í 4. gr. um málsmeðferð eftir því sem mælt er fyrir um í 6. gr. og um úrslit samkvæmt því sem á er kveðið í 5. gr.

Nú er mál höfðað af eiginmanni, og ber þá að öðru leyti að beita almennum reglum um meðferð einkamála í héraði. Ákvæði 44. gr. 2. og 4. málsgr., 49. gr. 3. málsgr., 52. gr. 1. málsgr., 53. gr. og 54. gr. og 55. gr. eiga þó við um þessi mál. Nú telur dómari, að kröfur eiginmanns séu studdar verulegum rökum, og má þá einnig beita ákvæðum 51. gr. Nú er barn sóknaraðili vefengingarmáls, og á þá 3. málsgr. 45. gr. við um mál.

X. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

57. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1982.

Dómsmálaráðherra getur sett fyrirmæli um einstök atriði, er varða framkvæmd laganna. Dómsmálaráðuneytið skal kynna almenningi efni laga þessara, þegar eftir setningu þeirra.

58. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi, sbr. þó 2. málsgr., lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna nr. 57/1921 og lög nr. 91/1971, er breyta þeim lögum. svo og lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 87/1947 ásamt breytingarlögum nr. 32/1954, 27/1971 og 92/1971, svo og 22. gr. 2.—4. málsgr. og 23. gr. laga um lögræði nr. 95/1947. Þá fellur enn fremur úr gildi XVIII. kafli laga nr. 85/1936, sbr. þó 2. málsgr.

Ákvæði II., III. og IX. kafa laga þessara, að undanskilinni 4. og 54. gr., taka til þeirra barna einna, sem fædd eru eftir gildistöku laganna. Ákvæðum 4. og 54. gr. laganna skal þó einnig beitt varðandi börn sem fædd eru fyrir gildistöku laganna. Hinu sama gegnir um ákvæði IV., V. og VI. kafa, um framfærslueyri og önnur fram-

lög en þó aðeins að því er varðar tímabilið eftir gildistöku laganna, nema annars sé sérstaklega getið. Reglur 16.—23. gr. eiga einnig við, þegar tiltekinn maður eða menn hafa verið dæmdir meðlagsskyldir með barni án þess að skorið hafi verið úr um faðerni samkv. löggjöf, er gilti fyrir gildistöku laganna.

Eiginmaður móður getur höfðað mál samkv. 4. gr., uns 2 ár eru liðin frá gildistöku laga þessara, þótt meira en 5 ár séu liðin frá fæðingu barns.

Lög þessi raska eigi ákvörðunum á faðerni eða meðlagsskyldu, sem átt hafa sér stað fyrir gildistöku laganna.

Gjört í Reykjavík, 15. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

L Ö G

um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr., 1. mgr. laga nr. 121 30. des. 1978 um kjaramál orðist svo:

Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var fyrir 1. janúar 1981 til 1. maí 1981 nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Fyrsti málsliður ákvæðis til bráðabirgða í 33. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. orðist svo:

Vaxtaákvæðanir skulu við það miðaðar, að fyrir árslok 1981 verði komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána, sbr. VII. kafla þessara laga um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

3. gr.

Við 36. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. bætist eftirfarandi ákvæði:

Stofna skal til verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, þar sem binda má fé til sex mánaða.

4. gr.

Kauplagnesnefnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar miðað við verðlag í janúarbyrjun 1981. Heildarútgjöld vísitölnunnar þá skulu vera sú grunnupphæð, er síðari breytingar hennar miðast við, og jafngilda því grunntölu 100 1. janúar 1981. Síðan skal vísitalan reiknuð miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember 1981, og eftir það fjórum sinnum á ári í sömu mánuðum, eftir grundvallarreglum, sem Kauplagnesnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

Nú óskar stjórn Alþýðusambands Íslands eða stjórn Vinnuveitendasambands Íslands eftir því, að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í öðrum mánuði en skylt er að reikna hana samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, og skal þá Kauplagnesnefnd verða við þeirri ósk, enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

5. gr.

Á tímabilinu 1. mars til 31. maí 1981 skal greiða verðbætur á laun, eins og þau eru í ársbyrjun, í hlutfalli við breytingu vísitölu framfærslukostnaðar frá grunntölu hennar í janúarbyrjun til febrúarbyrjunar 1981. Þó skulu verðbætur á laun 1. mars 1981 ekki vera meira en 7 prósentustigum lægri en orðið hefði samkvæmt ákvæðum laga nr. 13 1979. Á hverju þriggja mánaða tímabili frá 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1981 skal síðan greiða verðbætur á laun samkvæmt hlutfallslegri breytingu á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. febr. til 1. maí, 1. maí til 1. ágúst, og 1. ágúst til 1. nóv. 1981.

Við útreikning á breytingu vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt fyrstu málsgrein skal miða við hana að frádregnum áfengis- og tóbakslíðum.

Verðbætur 1. júní, 1. september og 1. desember á þann hluta dagvinnulauna, sem er yfir 725 þúsund krónur á mánuði, eða hliðstæð vikulaun og tímalaun, skulu skerðast skv. ákvæðum 50. gr. laga nr. 13 frá 1979, og breytist þessi viðmiðunartala í samræmi við áorðna hækkun verðbótavísitölu.

6. gr.

Verðbætur á laun samkvæmt þessum lögum skulu reiknaðar með tveimur aukastöfum. Kauplagnesnefnd tilkynnir opinberlega hverju sinni, hvaða verðbætur skuli greiddar á laun.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta framkvæmdum þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1981, sem þar er gert ráð fyrir, eða í lánsfjáráætlun fyrir sama ár, telji hún það nauðsynlegt. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnar með öðrum lögum en fjárlögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 70 20. nóvember 1967 um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl.
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

27. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 550 fólksbifreiðum fyrir fólk sem er fatlað á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 12 000 krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 24 000 krónum.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 40 bifreiðum árlega um allt að 24 000 krónur fyrir þá sem mestir eru öryrkjar en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 48 000 krónum af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

Fjármálaráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum skv. 2. og 3. málsg. til samræmis við þróun framfærsluvisitölu og vegna breytinga sem kunna að verða á aðflutningsgjöldum af bifreiðum.

Öryrki, sem fengið hefur eftirgjöf gjalda af bifreið samkvæmt ákvæðum þessarar heimildar, getur sótt um eftirgjöf að nýju að fjórum árum liðnum talið frá tollafgreiðsludegi bifreiðar vegna eldri eftirgjafar. Þó getur öryrki, sem fengið hefur eftirgjöf skv. 3. málsg., sótt um eftirgjöf að nýju að þremur árum liðnum.

Aðilar, sem njóta tollivílnunar skv. 41. tl. 3. gr., geta notið hálftrar ívilnunar skv. 2. málsg.

Fjármálaráðherra skipar sex manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu fimm nefndarmenn vera lækna og skipaðir samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands en sá sjötti skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum sem ekki verða gerðir hér á landi svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólk.

2. gr.

Á eftir 22. tl. 3. gr. laganna komi ný heimild er orðist svo:

23. Að heimila tímabundna afhendingu vara án greiðslu gjalda, til þess að fram geti farið á vörum þessum á ábyrgð farmflytjanda og innflytjanda nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum. Heimild þessa má binda skilyrðum um vörslu og meðferð vörunnar, svo og að fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir greiðslu áfallinna gjalda og öðrum kostnaði sem leiða kann af leyfisveitingunni. Heimild þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 11 29. mars 1979 og lög nr. 19 30. apríl 1980.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

30. apríl 1981.

27

Nr. 12.

L Ö G

um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé má ekki hækka fram til 31. desember 1981 frá því sem það var 30. apríl 1981, nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neinar hækkunar umfram brýnustu nauðsyn. Miða skal verðlagsáskvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum sem ríkisstjórnin ákveður á hverjum tíma. Leyfi til verðhækkana innan þeirra marka sem ríkisstjórnin setur hverju sinni tekur gildi með samþykkt viðkomandi verðlagsyfirvalda og staðfestingu viðskiptaráðherra. Sé samþykkt verðlagsyfirvalda umfram hin settu mörk tekur hækkunin ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Fari aðili eða samtök aðila ekki að fyrirætlum rétttra verðlagsyfirvalda er verðlagsstofnun heimilt að krefjast þess að fógeti leggi lögbann við byrjuðu eða yfirvofandi broti á fyrirætlunum.

Ákvæði III. kafla laga nr. 18 frá 22. mars 1949 um kyrrsetningu og lögbann taka og til lögbanns samkvæmt þessari grein eftir því sem við á.

3. gr.

Í 1. gr. B laga nr. 77 23. des. 1980 um vörugjald komi 17% í stað 30% frá 1. maí 1981. Fyrir tímabilið 1. mars til 30. apríl 1981 skal fjármálaráðherra heimilt að lækka eða endurgreiða vörugjald þetta um fjárhæð sem nemur allt að 1/6 hluta gjaldsins.

Við innheimtu vörugjalds af innfluttum vörum, sem ekki hafa verið tollafgreiddar við gildistöku laga þessara, fer eftir ákvæðum 14. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga og lánsfjárlaga ársins 1981 svo og sérstakra laga, sem gilda um einstaka útgjaldaliði, er ríkisstjórninni heimilt að lækka ríkisútgjöld, þar með talin lögbundin framlög, um allt að 31 milljón króna.

5. gr.

Drátt fyrir ákvæði 31. gr. laga nr. 13/1979 skal Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða hærri og sveigjanlegri bindiskyldu innlánsstofnana á tímabilinu 1. maí 1981 til 30. apríl 1983 en kveðið er á um í lögnum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

LÁNSFJÁRLÖG

fyrir árið 1981.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 289 685 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 158 100 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981.

3. gr.

3. gr. laga nr. 82/1977, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1980, hljóði svo:

Hverjum lífeyrissjóði sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er ríkissjóði, Framkvæmdasjóði Íslands, Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupir bréf af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár svo og ákvæði um lánstíma og lánskjör.

4. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 462 190 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjafoss og til annarra framkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 14 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að endurlána Járblendifélaginu í samræmi við ákvæði 6. tl. 3. gr. laga nr. 18/1977 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. ákvæði 3. tl. 5. gr. aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket A/S.

6. gr.

Kísiliðjunni hf. er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 2 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á framkvæmdum og tímabundnum rekstrarerfiðleikum.

7. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 31 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 70 750 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 62 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Lán á árinu 1981 til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 34 650 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1981 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að fjárhæð 15 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð 27 200 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

10. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1981 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður annast lántöku sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að taka að fjárhæð allt að 17 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Framleiðsluráðsins og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta, verðbóta og annars kostnaðar.

11. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem tilgreindir eru í 7., 8. og 9. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður. Þó skal jafnan liggja fyrir umsögn samkvæmt ákvæði 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 um að hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæm áður en lán til hitaveituframkvæmda eru veitt.

12. gr.

Þrátt fyrir 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag rikissjóðs til Byggðasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 37 500 þús. kr. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 31 500 þús. kr.

13. gr.

Byggðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 18 500 þús. kr. til að endurlána til smíði og kaupa á fiskiskipum. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd rikissjóðs að ábyrgjast endurlánin með sjálfskuldarábyrgð.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag rikissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1981 eigi fara fram úr 10 830 þús. kr.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag rikissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1981 eigi fara fram úr 18 540 þús. kr.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag rikissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 8 694 þús. kr.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977, skal framlag rikissjóðs samkvæmt þeim lögum til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1981 eigi fara fram úr 27 887 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast af launaskatti 1981 rennur í rikissjóð, sbr. b-lið 37. gr. laga nr. 51/1980 og 18. gr. þessara laga. Heildarframlag rikissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skv. 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal eigi fara fram úr 43 000 þús. kr.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag rikissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 75 000 þús. kr. á árinu 1981.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag rikissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1981 eigi fara fram úr 3 150 þús. kr.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjárskattar af erfðafjárskatti á árinu 1981 eigi fara fram úr 6 000 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1981 af erfðafjárskatti rennur í rikissjóð.

21. gr.

Drátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 2 430 þús. kr.

22. gr.

Drátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 20 100 þús. kr. á árinu 1981.

23. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 3 191,5 þús. kr.

24. gr.

Drátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilásjóðs eigi fara fram úr 2 961 þús. kr. á árinu 1981.

25. gr.

Drátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1981 eigi fara fram úr 30% af skilafé Frihafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 250 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Frihafnarinnar er fellur til ráðsins.

26. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána m. a. Rafmagnsveitum ríkisins til að greiða eftirstöðvar kostnaðar við lagningu byggðalína á árinu 1980 og til að greiða upp bráðabirgðalán vegna annarra framkvæmda á vegum ríkissjóðs á árinu 1980 er tekin voru hjá Seðlabanka Íslands.

27. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð á skuld Útvegsbanka Íslands við Seðlabanka Íslands allt að 50 000 þús. kr. Skuld þessi skal færð á sérstakan reikning Útvegsbankans í Seðlabankanum og greiðir ríkissjóður vexti og afborganir af skuldinni með föstum árlegum greiðslum að fjárhæð 7 500 þús. kr. í 12 ár, í fyrsta sinn á árinu 1982.

28. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að upphæð 400 þús. kr., sem verja skal til skipaðnaðarverkefna. Fjárhæðin skiptist þannig:

Til Akraness	100 þús. kr.
Til Stykkishólms	20 þús. kr.
Til Ísafjarðar	80 þús. kr.
Til Vestmannaeyja	150 þús. kr.
Til Garðabæjar	50 þús. kr.
Samtals	400 þús. kr.

29. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af erlendum lánum rikissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggja fyrir.

30. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd rikissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 370 þús. krónum. Skal þessari fjárhæð ráðstafað til viðgerða á ferjubryggjum við Ísafjarðardjúp vegna skemmda, sem urðu í fárviðri á þessum vetri, til þess að koma bryggjunum í nothæft ástand og tryggja að ekki verði á þeim frekari skemmdir.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 28. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 108 31. desember 1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. bætist:

Framleiðslueftirlitið skal og veita Fiskvinnsluskólanum nauðsynlega aðstoð við námskeið á vegum skólans skv. 3. gr. laga nr. 55 15. apríl 1971.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir matsmenn. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu hljóta löggildingu að loknu prófi frá Fiskvinnsluskólanum sem freðfiskmatsmenn. Löggilding til mats á ferskfiski, saltfiski, saltsíld og skreið fer fram eftir að þeir hafa starfað 2 mánuði eða minnst 300 vinnustundir að mati með löggiltum kennslu-matsmanni. Aðra matsmenn löggildir sjávarútvegsráðuneytið að fenginni umsögn forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi þeir sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn. Sjávarútvegsráðuneytið lætur matsmenn undirrita eiðstaf um að þeir vilji rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær, sem starfi þeirra fylgja. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að svipta matsmann löggildingu um stundarsakir að fenginni umsögn Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi hann sýnt vankunnáttu eða óvandvirgni í starfi. Þó skal veita matsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en hann er sviptur löggildingu um stundarsakir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 24. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 7.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjárjósðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 1.0% olíugjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaafloverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1981 nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Gjört í Reykjavík 24. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1981

Nr. 16.

36

8. maí 1981.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyting á lögum um
útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði, til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal útflutningsgjald af frystum sjávarafurðum fram-
leiddum á árinu 1981 nema 4,5% af fob-verðmæti útflutnings og útflutningsgjald
af skreið og hertum þorskhausum framleiddum á árinu 1981 10% af fob-verðmæti
útflutnings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Stjórnartíðindi A 9, nr. 16. Útgáfudagur 11. maí 1981.

13. maí 1981.

37

Nr. 17.

L Ö G

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds skulu á árinu 1981 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum og auk þess bönkum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1980 á þeirri fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgangsskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1980.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1981 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1980. Ennfremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1981 skila skráum skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,4% af skattstofni skv. 3. grein. Skattinn skal leggja á í heilum tugum nýkróna þannig að lægri fjárhæð en 10 nýkr. sé sleppt. Sérstakan eignarskatt sem ekki nær 1000 nýkr. skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII—XIV kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1981 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1982. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1981.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Skólinn skal halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins, sem miði að því að veita þeim starfsmönnum fiskiðnaðar, er vinna að móttöku og verkun sjávarafla, hagnýta fræðslu um meðferð og vinnslu aflans. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins eftir því sem við verður komið. Skólinn skal einnig, þegar þörf krefur, halda námskeið til endurmenntunar matsmanna verk- aðs sjávarafla, svo og til þjálfunar og menntunar nýrra matsmanna.

Fela skal skólanum að hafa námskeið í meðferð sjávaraflla fyrir nemendur sjómannaskóla.

Skólinn skal hafa samráð við Framleiðslueftirlit sjávarafurða um námskeiðahald fyrir matsmenn samkvæmt þessari grein.

2. gr.

7. gr. hljóði svo:

Menntamálaráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti:

Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu Fiskmatsmannafélags Íslands og einn úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar, annar skal vera frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða, hinn úr röðum framleiðenda.

Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar formann.

Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

3. gr.

3. mgr. 10. gr. orðist svo:

Til þess að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðist próf upp úr fiskiðndeild og auk þess lokið 9 mánaða skipulagðri starfsþjálfun, sem lýkur með prófi eða sérstöku verkefni. Varðandi saltfisk, skreið og saltsild skal fara fram sérstakt verklegt próf, sem geti sýnt alhliða þekkingu á meðferð og mati afurðanna í samræmi við þarfir markaðslandanna, sbr. 11. gr. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um efni og framkvæmd þessara verklegu prófa.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 57 21. maí 1974.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ingvar Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. laga nr. 85/1968 orðist svo:

Ákvæði um skráningu eiturefna og hættulegra efna til sérstakra nota.

14. gr.

Eiturefni og hættuleg efni, hrein og blönduð má því einungis selja eða flytja til landsins og nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni, þar með talin aflífunarefni, að þau hafi sérstaklega verið skráð á listum yfir slík efni, annaðhvort með samheiti eða með sérheiti framleiðanda, sbr. 2. mgr. 2. gr. Ákvæði þessi taka einnig til örvera eða hluta lífvera („biological products“), ef þau eru notuð í sama skyni. Ráðherra setur nánar ákvæði um framangreint efni í reglugerð.

Ráðherra getur að fengnum tillögum eiturefnanefndar látið ákvæði 1. mgr. um skráningu á lista einnig ná til eiturefna og hættulegra efna, sem ætluð eru til annarra nota en þar segir, svo sem fúavarnarefna, fegrunar- og snyrtiefna og lífrænna leysi-efna. Skal þá kveða nánar á um skráningu slíkra efna í reglugerð, þ. á m. um notkun og bann við notkun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 59. gr., sbr. 1. málsg. 6. gr. laga nr. 22/1955, orðist svo:

Ef aðili rýfur í verulegum atriðum skilyrði þau eða fyrirmæli, sem honum hafa verið sett samkvæmt 1.—6. tölulið 3. málsg. 57. gr., getur saksóknari krafist þess, að dómari taki málið fyrir að nýju, enda sé skilorðstími ekki liðinn, þegar rannsókn hefst gegn aðila sem sökunaut fyrir rétti eða lögreglustjóra (rannsóknarlög-reglustjóra ríkisins) eða löglærðum fulltrúa hans.

2. gr.

1. málsliður 60. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, orðist svo:

Nú hefur rannsókn út af nýju broti aðila hafist með þeim hætti, sem segir í 1. málsg. 59. gr., áður en skilorðstíma lýkur, og er dómstólum þá heimilt að dæma refsingu fyrir það brot sér í lagi án skilorðs, en láta skilorðsdóm haldast.

3. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna verði þessi:

Fyrning sakar, brottfall viðurlaga og uppreist æru.

4. gr.

80. gr. orðist svo:

Sakir fynast samkvæmt ákvæðum 81. og 82. gr. Á það einnig við um brot samkvæmt sérrefsilögum, nema þar sé annan veg mælt.

5. gr.

81. gr. orðist svo:

Sök fynist á þeim tíma, er hér segir:

1. Á 2 árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 1 árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum.
2. Á 5 árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 4 ára fangelsi.
3. Á 10 árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 10 ára fangelsi.
4. Á 15 árum, ef þyngsta refsing við broti er 16 ára fangelsi eða lengra tímabundið fangelsi.

Sök samkvæmt 262. gr. fyrnist þó ekki á skemmri tíma en 5 árum. Hinu sama gegnir um brot, sem fólgir eru í því, að sakborningur kemur sér undan greiðslu á tollum, sköttum eða öðrum gjöldum til hins opinbera.

Nú gerist maður sekur um háttsemi, sem varðar við fleiri en eitt refsíákvæði, og skal þá miða fyrningarfrest brotanna við það ákvæði, er geymir þyngst refsímörk.

6. gr.

82. gr. orðist svo:

Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er refsiverðum verknaði eða refsiverðu athafnaleysi lauk.

Nú er refsináemi háð því að nokkru leyti eða öllu, að háttsemi hafi í för með sér tiltekna afleiðingu, og hefst fyrningarfrestur þá ekki fyrr en afleiðing þessi kemur fram. Hinu sama gegnir að sínu leyti, ef refsináemi er háð því, að tiltekið atvik beri að höndum eftir að háttsemi er uppi höfð, og tekur sök þá ekki að fyrnast, fyrr en atvik þetta hefur gerst.

Nú er refsiverður verknaður framinn á íslensku skipi eða loftfari, utan refsilögsögu íslenska ríkisins, og tekur sök þá ekki að fyrnast, fyrr en skipið eða loftfarið er komið til íslenskrar hafnar. Fyrningarfrestur hefst þó ekki síðar en 1 ári frá því að brot var framið.

Fyrningarfrestur rofnar, þegar rannsókn hefst gegn manni sem sökunaut fyrir rétti eða lögreglustjóra (rannsóknarlögreglustjóra ríkisins) eða löglærðum fulltrúa hans út af broti. Nú heimila lög lögreglumanni að ljúka máli með sátt, og er fyrning þá rofin, er lögreglumaður sakar mann um brot og gerir honum kost á sátt. Þegar stjórnvaldi er endranær heimilað að gera mönnum refsingu fyrir brot, rofnar fresturinn er stjórnvald sakar mann um slíkt brot.

Nú er hætt við rannsókn samkvæmt næstu málsgrein hér á undan vegna þess að handhafi ákærvalds ákveður að höfða ekki mál gegn sakborningi eða hverfur síðar frá ákæru og fyrnist sök þá án tillits til þeirrar rannsóknar. Rannsókn, sem hætt er við um óákveðinn tíma, rýfur ekki heldur frestinn, nema stöðvunin stafi af því að sökunautur hafi komið sér undan rannsókni. Þá telst tími sá, sem rannsóknin stóð yfir, ekki til fyrningartímans. Hafi mál ónýst, sem höfðað var innan loka fyrningarfrests, má taka það upp að nýju á næstu 3 mánuðum frá því að það ónýttist.

Nú er sök fyrnd samkvæmt framansögðu og verður þá hvorki refsað fyrir háttseminu né dæmd viðurlög þau, sem mælt er um í 62.—67. gr. Hinu sama gegnir um eignarupptöku og réttindasviptingu og úrræði samkvæmt 2. málsg. 148. gr. og 2. málsg. 241. gr. Fyrningarfrestur um eignarupptöku er ekki skemmri en 5 ár, en 10 ár um eignarupptöku samkvæmt 3. tölulið 1. málsg. 69. gr. og hliðstæðum ákvæðum í sérrefsilögum, nema þar sé öðruvísi kveðið á.

7. gr.

83. gr. orðist svo:

Refsivist eða hælisvist, sem dæmd hefur verið, fellur niður, ef fullnusta dóms er eigi byrjuð áður en frestir þeir eru liðnir sem hér greinir:

1. 5 ár, ef refsing er varðhald eða fangelsi allt að 1 ári eða dæmd er hælisvist samkvæmt 65. gr.
2. 10 ár, ef refsing er fangelsi lengur en 1 ár og allt að 4 árum, og á þetta einnig við um dæmd viðurlög samkvæmt 62., 66. og 67. gr.
3. 15 ár, ef refsing er fangelsi lengur en 4 ár og 8 ár hið mesta.
4. 20 ár, ef tímabundin fangelsisrefsing er dæmd lengri en 8 ár.

Fyrning samkvæmt framansögðu hefst, þegar unnt er að fullnægja dómi samkvæmt almennum ákvæðum laga.

Frestun á fullnustu refsingar samkvæmt skilorðsdómi telst ekki til fyrningartíma né heldur sá tími sem aðili sætir refsivist eða hælisvist samkvæmt öðrum dómi. Hinu sama gegnir um skilyrta náðun, þó þannig að fyrningartími lengist ekki nema sem skilorðstíma svarar.

Fyrning er rofin, þegar fullnusta dóms er hafin.

Nú hefur fangi tekið út nokkurn hluta refsivistar eða hælisvistar, en er veitt reynslulausn eða skilyrt náðun. Rjúfi hann síðan skilorð og ákvörðun er tekin um, að hann afpláni það, sem eftir stendur af refsivist eða hælisvist, og telst þá fyrning á fullnustu eftirstöðva refsingar og annarra dæmdra viðurlaga frá því, er slík ákvörðun var tekin. Ef fullnusta refsingar eða annarra viðurlaga samkvæmt 1. málsg. stöðvast af öðrum ástæðum en þeim, sem greinir í þessari málsgrein, telst fyrning frá því, að stöðvun varð.

8. gr.

Ný grein, 83. gr. a., orðist svo:

Fésektarrefsing, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fyrnist, þegar liðin eru 3 ár frá því að unnt var að fullnægja dómi, úrskurði eða sátt samkvæmt almennum ákvæðum laga. Ef fésekt er 5000 krónur eða hærrí er fyrningarfrestur þó 5 ár.

Fjárnám eða önnur trygging, sem aflað hefur verið fyrir sektinni fyrir lok fyrningarfrests, heldur þó gildi sínu.

Vararefsing við fésekt, sbr. 53. gr., fellur niður samkvæmt ákvæðum 1. mgr., nema fullnusta hennar sé hafin innan þar greindra tímamarka.

Eignarupptaka, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fellur niður þegar liðin eru 5 ár frá því að unnt var að fullnægja ákvörðun um eignarupptöku. Í dómi er þó heimilt að ákveða að frestur sé allt að 10 árum. Ákvæði 2. mgr. gildir einnig um eignarupptöku.

Sá tími, sem fullnusta frestast vegna ákvæða skilorðsdóms eða skilyrtrar náðunar, telst ekki með fyrningarfresti.

9. gr.

Ný grein, 83. gr. b., orðist svo:

Dómi, úrskurði eða sátt um refsingu eða önnur viðurlög samkvæmt VII. kafla verður eigi fullnægt eftir andlát sakfellds manns, sbr. þó 2. málsg., nema lagaheimild sé til annars.

Nú hefur dómi, úrskurði eða sátt um eignarupptöku eigi verið fullnægt að nokkru eða öllu, þegar sakfelldi andaðist, og getur rikissaksóknari þá krafist þess, að héraðsdómari í síðasta varnarþingi sakfellda kveði svo á með úrskurði að fullnægja skuli ákvæðum um eignarupptöku, enda stafi hún af hagnaði sakfellda af broti eða varði hluti, sem til hafa orðið við misgerning. Dómari getur þá breytt eignarupptökuákvæði svo, að í stað upptöku á hlut komi tiltekin fjárhæð. Úrskurður dómara sætir kæru samkvæmt ákvæðum XXI. kafla laga nr. 74/1974, og eru erfingjar hins látna réttir kæruaðilar.

Dómsákvæðum samkvæmt 2. málsg. 148. gr. og 2. málsg. 241. gr. er unnt að fullnægja eftir andlát dómfellda.

10. gr.

217. gr. orðist svo:

Hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segir, skal sæta sektum eða varðhaldi, en fangelsi allt að 1 ári, ef háttsemin er sérstaklega vítavörð.

Málssókn er opinber út af broti samkvæmt 1. málsg. og skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist þess.

11. gr.

218. gr. orðist svo:

Hafi maður með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar árárarinnar verða taldar honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru.

Nú hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón af árás eða brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þ. á m. tækja, sem notuð eru, svo og þegar sá, er sætur líkamsárás, hlýtur bana af atlögu, og varðar brot þá fangelsi allt að 16 árum.

12. gr.

Ný grein, 218. gr. a., orðist svo:

Nú hefur sá, sem dæmdur er sekur um brot á 217. eða 218. gr., áður sætt refsingu samkvæmt þeim greinum eða honum hefur verið refsað fyrir brot, sem tengt er að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi, og má þá hækka refsingu allt að helmingi.

Samþykki til líkamsárásar veldur því, að refsingu, sem ella væri unnið til, má lækka. Nú varðar verknaður við 217. gr., og verður þá ekki refsað, þegar samþykki liggur fyrir.

Nú er líkamsárás unnin í áflogum eða átökum milli þess, sem henni veldur, og þess, sem misgert er við, og er þá heimilt að lækka refsingu eða jafnvel láta hana falla niður, þegar verknaður á undir 217. gr. Sama er, ef sá, sem verður fyrir tjóni, á upptök að átökum með árás, ertingum eða líku.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1981.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

L Ö G

um kirkjubyggingasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hlutverk kirkjubyggingasjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 43/1954, er að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum, sbr. og 6. gr.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða árlega í kirkjubyggingasjóð eigi lægri fjárhæð en 600 000 krónur. Endurskoða skal þá upphæð með hliðsjón af byggingavísitölu, eins og hún er 1. júlí ár hvert.

Kirkjubyggingasjóður veitir viðtöku gjöfum og fer um tekjuskatt af þeim samkv. 30. gr. E-liðs laga nr. 40/1978.

3. gr.

Stjórn kirkjubyggingasjóðs skal skipuð þrem mönnum. Biskup Íslands er formaður hennar, en kirkjuþing kýs tvo stjórnarmenn og jafnmarga til vara. Skal annar þeirra vera leikmaður, en hinn starfandi prestur. Kjörtímabil er fiögur ár.

Kirkjubyggingasjóður er í vörslu biskupsembættisins, er annast fjárreiður sjóðsins og bókhald.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.

4. gr.

Sóknarnefndir skulu í lánsúmsóknum gera glögga grein fyrir áformum um kirkjubyggingu eða endurbót á eldri kirkju, þ. á m. kostnaðaráætlunum og áætlunum um framkvæmdatíma. Teikningar og kostnaðaráætlanir skulu lagðar fyrir þriggja manna nefnd, sem í eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þriðji maður, sem kirkjumálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. og skipar hann varamann til sama tíma. Biskup er formaður nefndar þessarar. Eigi má veita lán úr sjóðnum nema teikning af kirkjubyggingu eða af endurbót á eldri kirkju hafi hlotið samþykki nefndarinnar.

5. gr.

Lánsupphæð miðast við stærð kirkju. Má hún vera allt að 200 krónum á hvern teningsmetra. Þó aldrei meira en 1000 krónur á hvern fermetra gólfplatnar, en fjárhæðir þessar breytast í samræmi við byggingavísitölu, sbr. 2. gr. 1. málsg. r.

Byggingalánin endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 40 árum.

Til endurbóta á eldri kirkjum má eigi veita hærri lán en sem svarar $\frac{2}{5}$ kostnaðar samkvæmt reikningum, sem sjóðstjórn úrskurðar. Lán þessi endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 20 árum.

6. gr.

Heimilt er að veita lán úr kirkjubyggingasjóði til kirkjubyggingar eða endurbóta á kirkju, bótt í einkaeign sé, að fengnum meðmælum sóknarnefndar og umsógn héraðsprófasts, enda sé kirkja notuð í hágu þjóðkirkjusafnaðar, svo sem safnaðareign væri, og eignir hennar ófullnægjandi til framkvæmdanna að dómi stjórnar kirkjubyggingasjóðs.

7. gr.

Biskup Íslands getur nefnt fulltrúa sinn til að sitja fundi stjórnar kirkjubyggingasjóðs og nefndar samkv. 4. gr., og hefir fulltrúinn sömu stöðu og biskupi er ætluð í þessu sambandi.

Stjórn kirkjubyggingasjóðs og nefnd sú, sem mælt er fyrir um í 4. gr., geta leitað eftir aðstoð í störfum sínum, og greiðir kirkjubyggingasjóður þann kostnað.

8. gr.

Stjórn kirkjubyggingasjóðs semur frumvarp til reglugerðar, er kirkjumálaráðherra staðfestir, um starfsemi sjóðsins og starfshætti stjórnar sjóðsins og nefndar samkv. 4. gr. svo og um framkvæmd laganna að öðru leyti. Í reglugerð er rétt að

setja ákvæði um vexti af lánum og önnur lánakiör að svo miklu leyti sem um þau er eigi mælt í lögum þessum og enn fremur um það, hversu umsóknir um lán skuli vera úr garði gerðar og hver gögn fylgi þeim og fyrir hvaða tíma umsóknir skuli berast ár hvert.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög um Kirkjubyggingasjóð nr. 43/1954 ásamt breytingum, sbr. lög nr. 47/1955 og 26/1962.

Skipunartímabili núverandi stjórnar kirkjubyggingasjóðs lýkur, er kirkjuþing hefir kosið stjórnarmenn samkvæmt 3. gr. 1. málsg. og tilkynnt kirkjumálaráðherra um kosninguna.

Kirkjumálaráðherra skipar aðalmann og varamann í nefnd þá, er greinir í 4. gr., þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

L Ö G

um breyting á og viðauka við lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977 og lög nr. 61/1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 61/1977) orðist svo:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, biskups Íslands né ráðuneytisstjóra.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 61/1977) orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, biskups Íslands og ráðuneytisstjóra skulu ákveðin af kjaradómi.

3. gr.

Við löginn bætist nýr kafli, IX. kafli, svohljóðandi:

IX. KAFLI

33. gr.

Þeir félagar BHM í þjónustu ríkisins, sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að at-

vinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

34. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá BHM, einum frá fjármála-ráðuneyti, og einn skal skipaður af Hæstarétti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953,
um verðjöfnun á olíu og bensíni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Söluverð á gasolíu, svartolíu, ljósaolíu, bifreiðabensíni, flugvélabensíni og flugsteinolíu skal vera hið sama, hvar sem er á landinu.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara gilda ekki um flugsteinolíu og flugvélabensín, sem ætlað er til notkunar í utanlandsflugi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Tómas Arnason.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 94/1933, um tékka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Tilkynning banka um tékka til greiðslujöfnunarstöðvar (clearing-house) jafngildir sýningu hans til greiðslu.

2. gr.

1. mgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Hafi útgefandi tilkynnt greiðslubankanum, að hann afturkalli tékkann, er greiðslubankanum eigi heimilt að innleysa tékkann, sbr. þó 25. gr. Greiðslubankinn skal þegar í stað tilkynna greiðslujöfnunarstöð um afturköllunina.

3. gr.

1. mgr. 40. gr. orðist svo:

Sé tékki eigi greiddur, er hann er sýndur til greiðslu á réttum tíma, getur handhafi hans krafist fullnustu hjá framseljendum, útgefanda og öðrum tékkaskuldurum, enda sé greiðslufallið sannað:

- 1) með opinberri gerð (afsagnargerð),
- 2) með dagsettri yfirlýsingu greiðslubankans, ritaðri á tékkann, og sé þar tilgreindur sýningardagurinn, eða
- 3) með dagsettri yfirlýsingu frá greiðslujöfnunarstöð, um að tilkynning banka um tékka hafi borist stöðinni og hafi þá eigi verið næg innistæða til greiðslu tékkans á hlutaðeigandi reikningi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Tómas Árnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febrúar 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febrúar 1981.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. töluliður 4. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem hann rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á svo og Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands.

2. gr.

Í stað orðanna „eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en“ í 2. mgr. 1. töluliðs A-liðs 7. gr. laganna komi orðin: sambærilegt endurgjald fyrir starf sitt og.

3. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu fasteigna, sem ekki er heimilt að fyrna skv. 32. gr., þar með talin ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, ófyrnanleg náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, svo sem lóðarréttindi, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

4. gr.

Aftan við 2. mgr. 14. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 7/1980, bætist nýr málslíður er orðist svo:

Frá fasteignamati leigulóðar í þessu sambandi skal draga afgangsskvaðarverðmæti, sbr. 2. mgr. 1. tl. 74. gr.

5. gr.

5., 6., 7. og 8. mgr. 16. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 7/1980, orðist svo:

Falli sala íbúðarhúsnæðis bæði undir ákvæði þessarar greinar og 14. gr. skal söluhagnaði skipt til skattlagningar í sama hlutfalli og er milli þess rúmmáls íbúðarhúsnæðis sem seljandi átti umfram 600 m³ á söludegi eða 1 200 m³, eftir því sem við á, sbr. 1. mgr., og heildarrúmmáls hins selda húsnæðis.

Fjármálaráðherra skal ákveða með reglugerð hvernig reikna skuli rúmmál íbúðarhúsnæðis samkvæmt þessari grein.

Við útreikning á söluhagnaði af íbúðarhúsnæði skal ekki telja til stofnverðs eignaauka vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Ákvæði þessarar greinar gilda um íbúðarhúsnæði án tillits til byggingarstigs og ná einnig til lóða eða lóðarréttinda sem slíku húsnæði fylgja, enda sé lóðin innan þeirra stærðarmarka sem almennt gerist um íbúðarhúsaloðir. Um söluhagnað lóðar umfram þessi mörk gilda ákvæði 14. gr.

6. gr.

2., 3. og 4. málsliður 2. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Kaupverð hlutabréfa í hendi seljanda ákvarðast annað hvort sem samanlagt nafnverð hlutabréfanna og þeirra jöfnunarhlutabréfa sem hann hefur fengið úthlutað eða heimilt hefði verið að úthluta honum, eða sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr., sé það hærra. Kaupverð hlutabréfa sem skattaðili hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 56. gr. skal ákvarðast jafnt framreiknuðu kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi. Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt framreiknuðu meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

7. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Tap á sölu eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri er heimilt að gjaldfæra á söluári, sbr. 34. gr., þó ekki tap á sölu eigna þeirra sem um er rætt í 17. og 18. gr.

8. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Þegar seld er sérgreind fasteign eða mannvirki, ásamt lóð, landi eða réttindum tengdum þessum eignum, í heild eða að hluta, skal söluverðinu skipt í sama hlutfalli og hinar seldu eignir eru metnar til fasteignamats á söludegi. Sama gildir um skiptingu söluverðs mannvirkja eingöngu. Þegar um lóðarréttindi er að ræða skal afgjaldskvaðarverðmætið, sbr. 2. mgr. 1. tl. 74. gr., dregið frá fasteignamati áður en hlutfallið er reiknað.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um ákvörðun stofnverðs.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um skiptingu söluverðs milli mannvirkis og leigulóðar þegar selt er mannvirki sem stendur á leigulóð og endurmetið var í hendi seljanda á árinu 1979 á grundvelli upphaflegs stofnverðs.

9. gr.

4. tl. 28. gr. laganna orðist svo:

Eignaauki sem stafar af aukavinnu sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin afnota. Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis, sbr. 14. og 16. gr., telst þó sem mismunur heildarandvirðis að frádregnum beinum kostnaði við sölu annars vegar og framreiknaðs stofnverðs án eigin aukavinnu hins vegar.

10. gr.

Aftan við 3. tl. C-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 1. gr. I. nr. 20/1980, komi ný mgr., er orðist svo:

Nú nýtist námsmanni 20 ára eða eldri eða maka hans ekki námsfrádráttur samkvæmt þessum tölulið meðan á námi eftir 20 ára aldur stendur og er honum þá heimilt að draga fjárhæð, er svarar heildarupphæð hins ónýtta námsfrádráttar, frá tekjum á næstu fimm árum eftir að námi lýkur og skal við notkun þessarar heimildar taka tillit til þeirrar lækkunar í tekjuskattsstofni er foreldri námsmanna kynni að hafa notið samkv. ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Fjárhæð frádráttarins skal skipt jafnt á hvert þessara fimm ára, en frádráttarfjárhæð vegna hvers árs skal síðan hækka eða lækka samkvæmt ákvæðum 26. gr.

11. gr.

Í stað orðsins „fasteignaskulda“ í 2. mgr. 1. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1981, komi: fasteignaveðskulda.

12. gr.

Við E-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 3. tl. og orðist svo:
Helming greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota enda sé hún vegna tekjuársins.

13. gr.

3. másl. 2. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:
Hjá öðrum mönnum en þeim sem skattlagðir eru eftir reglum þeim sem gilda um hjón, sbr. 63. gr., skal þessi frádráttur aldrei nema lægri fjárhæð en 550 000 gkr., hjá einstæðum foreldrum, sbr. 69. gr., skal þessi lágmarksfrádráttur vera 75% hærri.

14. gr.

1. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 7/1980 orðist svo:
Til viðbótar fyrningu skv. 38. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama fjárstrarári og söluhagnaður færist til tekna. Einnig er heimilt að fyrna sömu eignir um fjárhæð er nema má allt að 40% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr. Þegar 60% af tekjufærslu ársins skv. 53. gr. eru hærri en fjármagnskostnaður skv. 51. gr. að frádregnum fjármagnstekjum skv. 8. gr. er heimilt, auk fyrninga skv. 2. másl. þessarar málgreinar, að fyrna þessar eignir um fjárhæð er nemur allt að þessum mun að viðbættum 6% af þeim stofni er tekjufærsla skv. 53. gr. er reiknuð af.

15. gr.

2. másl. 2. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 7/1980, orðist svo:
Skal hundraðshluti þessarar fyrirframfyrningar nema að hámarki sama hundraðshluta og tekjufærsla skv. 53. gr. og reiknast hann af fjárhæð sem er jafnhá fjárfestingu í þessum rekstrarfjármunum í lok næst liðins árs.

16. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:
Hjá löggaðilum skal árlega tekið tillit til þeirra áhrifa sem almennar verðbreytingar hafa á eignir þeirra og skuldir, eftir því sem nánar er ákveðið í grein þessari. Sama á við hjá þeim mönnum er hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi varðandi þær eignir þeirra og skuldir sem rekstrinum eru tengdar.

17. gr.

5. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:
Þegar heildarskuldir skattaðila skv. 76. gr. eru hærri en heildareignir hans skv. 73. gr. í lok reikningsárs skal sá hluti reiknaðrar tekjufærslu samkvæmt þessari grein falla niður sem umfram er tap ársins og ójöfnuð töp frá fyrri árum. Með tapi ársins er í þessu sambandi átt við skattskyldar tekjur ársins að frádregnum frádráttarþærum gjöldum ársins án tillits til verðbreytingarfærslu. Hjá mönnum, er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er með heildareignum og heildarskuldum í þessari málgrein átt við allar framtalsskyldar eignir þeirra og skuldir án tillits til þess, hvort þær eru tengdar rekstrinum eða ekki. Til eigna í þessu sambandi telst þó ekki verðmæti íbúðarhúsnæðis til eigin nota og einkabifreiðar allt að 50 000 000 gkr. (500 000 kr.) og til skulda teljast ekki þær skuldir sem sannanlega hafa verið notaðar til öflunar þessara eigna. Fjárhæð í 4. másl. þessarar mgr. er grunnfjárhæð og skal hún hækkuð eða lækkuð árlega samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., í fyrsta skipti við álagningu skatta ársins 1982.

18. gr.

7. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Verðbreytingarfærslu samkvæmt þessari grein skal reikna í lok hvers reikningsárs og skal miða við stöðu eigna og skulda í lok næst liðins reikningsárs.

19. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðist svo:

Ef maður, er starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða hjá aðila honum tengdum, telur sér til tekna af starfi þessu lægri eða hærri fjárhæð en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launþegi hjá óskyldum aðila, sbr. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., án þess að skýringar fylgi, skal skattstjóri skriflega skora á framteljanda að láta í té skriflegar skýringar á framtöldu endurgjaldi studda nauðsynlegum gögnum, sbr. 1. mgr. 96. gr. Berist ekki fullnægjandi skýringar eða gögn innan tilskilins tíma skal skattstjóri ákvarða honum endurgjald fyrir starfið. Ríkisskattstjóri skal árlega setja viðmiðunarreglur til leiðbeiningar fyrir skattstjóra varðandi þessa ákvörðun og reglur um framkvæmd greinarinnar að öðru leyti. Ríkisskattstjóri skal miða viðmiðunarreglurnar við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma. Skal hann hafa hliðsjón af gildandi kjarasamningum og raunverulegum tekjum í viðkomandi starfsgrein. Viðmiðunartekjur þeirra, er landbúnað stunda, skulu miðast við vinnuþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða að frádregnum einum þriðja, þó að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, svo sem þess ef bændur ná ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis eða annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra. Skattstjóri skal við ákvörðun sína gæta aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Við ákvörðun launa elli- eða örorkulífeyrisþega skal þess gætt, að tap myndist ekki við það á rekstrinum. Við ákvörðunina skal taka tillit til launatekna frá öðrum. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má aldrei mynda tap sem er meira en nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. og gjaldfærslu skv. 53. gr.

20. gr.

1. málsliður 1. mgr. 66. gr. laganna orðist svo:

Skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

21. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 3 241 379 gkr. af tekjuskattsstofni reiknast 25%, af næstu 2 965 517 gkr. af tekjuskattsstofni reiknast 35% en af tekjuskattsstofni yfir 6 206 896 gkr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

22. gr.

68. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 524 828 gkr. Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt

hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur sem enn er óráðstafað fellur niður, nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar sem þá verður enn óráðstafað fellur niður.

23. gr.

Á eftir 1. mgr. 80. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr. greinarinnar, og orðist svo:

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun eignarskattsstofns hans þegar svo stendur á sem greinir í 1. og 7. tl. 1. mgr. 66. gr.

24. gr.

Í stað 1. mgr. 98. gr. laganna (sbr. 44. gr. laga nr. 7/1980) komi:

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skv. 95. gr. og eftir því sem við á skv. 3. mgr. 96. gr. og skulu skattstjórar þá semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir skv. lögum þessum. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m. a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár liggi frammi. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

25. gr.

Á eftir 7. mgr. 100. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 8. mgr. greinarinnar, og orðist svo:

Berist ríkisskattanefnd kæra og hún er rökstudd með skattframtali, sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá skattstjóra, getur nefndin sent kærana til skattstjóra til uppkvaðningar kærúrskurðar að nýju. Nefndin skal tilkynna skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun. Skattstjóri skal hafa kveðið upp kærúrskurð í slíku máli innan 30 daga frá því honum barst það til meðferðar.

26. gr.

3. mgr. 101. gr. laganna orðist svo:

Telji ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun skattstjóra um skattstofn eða skattálagningu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um skatta og gjöld, sem skattstjórar leggja á, getur hann ákvarðað skattaðila skattstofn og skatt að nýju eða falið það skattstjóra, enda séu uppfyllt skilyrði 96. og 97. gr., ef um hækkun er að ræða. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar eftir reglum 99. og 100. gr.

27. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 107. gr. laganna orðist svo:

Skattur af álagi skv. 106. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

28. gr.

1. másl. 5. mgr. 107. gr. laganna falli niður.

29. gr.

1. mgr. 112. gr. laganna orðist svo:

Sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 1.—4. og 6.—8. mgr. 110. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 110. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

30. gr.

Á eftir 2. málslið 1. mgr. 113. gr. laganna (sbr. 49. gr. laga nr. 7/1980) bætist nýr málsliður er orðist svo:

Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum skv. lögum þessum og gjöldum skv. IV. kafla laga nr. 73/1980.

31. gr.

Á eftir orðunum „1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr.“ í 121. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1980, bætist við: 2. mgr. 30. gr.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 og eigna í lok þess árs. Þó skulu ákvæði 10. og 12. gr. eigi koma til framkvæmda fyrr en við álagningu skatta á árinu 1982 vegna tekna ársins 1981.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða

Ríkisskattstjóri getur veitt gjaldendum heimild til fyrningar skv. 14. gr. laga þessara vegna rekstrarársins 1979, enda komi fram umsókn um það frá gjaldanda.

Fjármálaráðherra skal fela ríkisskattstjóra að kanna í hvaða mæli reglur laga nr. 40/1978 með síðari breytingum, er lúta að fyrningum af endurmetnu stofnverði, meðferð fjármagnskostnaðar og reiknuðum verðbreytingarfærslum, hafa leitt til verulegrar þyngingar á skattbyrði miðað við reglur eldri laga hjá einstökum hópum manna er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Skal könnun þessari lokið fyrir nóvemberlok 1981 og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir Alþingi.

Ákvæði 1. mgr. 98. gr. varðandi samningu og framlagningu álagningarskrár öðlist ekki gildi fyrr en við álagningu 1982 vegna tekna ársins 1981 og eigna í lok þess árs.

Gjört á Selfossi 21. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð tímabundið gjald. Gjaldið skal greiða af innfluttum vörum sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Innflutningsgjald %
17.04.01	Lakkrís, sykraudur og lakkrísvörur	40
17.04.03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót.a.	40
17.04.04	Tyggigúmmi, húðað með sykri og óhúðað	40
17.04.05	Karamellur	40
17.04.06	Vörur úr gúmmi arabikum	40
17.04.09	Aðrar	40
18.06.04	Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri	40
18.06.05	Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt	40
18.06.06	Fyllt súkkulaði og súkkulaðihúðað sælgæti, þ.m.t. konfekt	40
18.06.09	Annars	40
19.08.01—09	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti	32

Við vöruflokkun til gjaldskyldu skv. 1. gr. skulu gilda flokkunarreglur laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

2. gr.

Innflutningsgjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð gjaldskyldra vara eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

3. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álagningu, innheimtu, úrskurð um tollflokkun til gjaldskyldu, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd varðandi innflutningsgjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollaftirlit með áorðnum breytingum og laga nr. 47/1960 um tollvörugæymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Óheimilt er vegna álagningar innflutningsgjalds skv. 1. gr. að hækka verð vörubirgða sem gjaldið hefur ekki verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með áorðnum breytingum.

5. gr.

Hafi innflytjandi fyrir gildistöku laga þessara afhent til tollmeðferðar skjöl sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað skal varan tollafgreidd án greiðslu hins tímabundna innflutningsgjalds skv. 1. gr., en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið innan átta daga talið frá og með gildistökudegi laga þessara.

Af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga eða heimildir í öðrum lögum, skal greiða innflutningsgjald skv. 1. gr., nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

6. gr.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörutegundir gjaldskyldu, eða lækka gjaldið á einstökum eða öllum vöruflokkum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. mars 1982.

Gjört í Reykjavík 21. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1981

25. maí 1981.

57

Nr. 27.

L Ö G

um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga, hagfræðinga eða nota heiti, sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur, hafa þeir menn hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra. Þeir sem lokið hafa prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

2. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðskiptafræði eða hagfræði við háskóla eða annan æðri skóla.

Þó má veita mönnum, sem starfað hafa sem viðskiptafræðingar eða hagfræðingar eigi skemur en sex ár, leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Áður en leyfi er veitt samkv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal leita álits þriggja manna nefndar, sem menntamálaráðherra skipar á eftirfarandi hátt: Einn nefndarmaður samkv. tilnefningu Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, annar samkv. tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

3. gr.

Ráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun starfsheita, sem fela í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur.

4. gr.

Hver sem notar heiti, er leyfi þarf til skv. lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

5. gr.

Með mál út af brotum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ingvar Gíslason.

A 8

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð
einkamála í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

I. kafli, um sáttir, falli niður. Í stað hans komi nýr kafli, sem kallast: I. kafli. Um réttarsáttir.

2. gr.

1. gr. orðist þannig:

1) Héraðsdómari skal leita sátta í einkamálum, ef aðilar eiga forræði á sakarfninu, nema hann telji víst, að sáttatilaun verði árangurslaus vegna eðlis málsins, afstöðu aðila eða annarra ástæðna.

2) Dómari leitar venjulega sátta, þegar verjandi hefur tjáð sig um málið skv. 1. mgr. 106. gr. Þó má hann fresta sáttatilaun, ef hann telur það heppilegt, og jafnan getur hann síðar leitað sátta, þótt það hafi þegar verið gert.

3) Ekki veldur það ómerkingu héraðsdóms í æðra dómi, að sátta hefur ekki verið leitað.

3. gr.

2. gr. orðist þannig:

1) Dómari getur synjað aðilum um að gera réttarsátt, ef hann telur ólögsmætt að gera hana, efni hennar óljóst eða ómögulegt að efna hana. Dómari skal kveða upp úrskurð um synjun sína, ef þess er krafist.

2) Gera má réttarsátt um hluta málsefnis, og heldur mál þá áfram að öðru leyti í héraðsdómi. Ef sátt verður um allt annað en málskostnað, skal hann ákveðinn með úrskurði.

3) Gera má réttarsátt um atriði, þótt kröfur um þau hafi ekki verið gerðar í stefnu.

4) Gera má réttarsátt í héraðsdómi um málsefni, sem dæmt hefur verið í héraði, á næstu 9 mánuðum eftir birtingu dóms.

4. gr.

3. gr. orðist þannig:

Í þingbók eða dómabók skal geta réttarsáttar og skulu aðilar eða umboðsmenn þeirra undirrita bókunina. Tekur réttarsáttin þá gildi. Réttarsáttin skal gerð skriflega, og sé hún ekki skráð í heild í réttarbókina, skal leggja hana fram í dómi sem málsskjal. Ef mál heldur áfram að nokkru, skal þess getið í bókuninni, ella er dómsmálinu lokið.

5. gr.

4. gr. orðist þannig:

Réttarsátt er löglegur aðfarargrundvöllur, enda sé hún gildur samningur og fullnægi formkröfum réttarfars.

6. gr.

5. gr. orðist þannig:

1) Höfða má dómsmál með venjulegum hætti til að fá réttarsátt staðfesta eða ógilta að hluta eða öllu leyti.

2) Ef aðili byggir rétt fyrir dómi, þar á meðal fógeta-, skipta-, uppboðs- eða þinglýsingarrétti, á réttarsátt, getur gagnaðili vefengt gildi hennar, og sker dómurinn úr.

3) Héraðsdómari er bundinn af úrlausn hliðsetts dómstóls um atriði, sem hann hefur tekið ákvörðun um.

4) Ákvarðanir héraðsdómara um réttarsáttir má kæra til æðra dóms innan 3 mánaða frá því, að bókað var um hana í þingbók eða dómabók skv. 3. gr.

7. gr.

29. gr. orðist þannig:

1) Með dómstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógeta-, uppboð og þinglýsingar, fara sýslumenn í sýslum landsins, bæjarfógetar í kaupstöðum, sérstakir héraðsdómarar í sýslum og kaupstöðum, borgarfógetar, sakadómarar og borgardómarar í Reykjavík og lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli. Meðdómendur sitja í dómi eftir reglum laga.

2) Rétt er öllum héraðsdómurum að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns, ef það þykir heppilegt til upplýsinga í máli, enda valdi það ekki verulegum drætti á því.

3) Sá, sem settur er til að dæma ákveðið mál, skal kveða upp dóm í þinghá, þar sem hann er búsettur, nema dómsuppkvaðning í því lögsagnarumdæmi, þar sem mál var flutt, valdi hvorki kostnaðarauka né drætti á dómsuppsögn.

8. gr.

31. gr. orðist þannig:

1) Forseti Íslands skipar reglulega héraðsdómara.

2) Hinir reglulegu héraðsdómarar skulu hafa skrifstofu í lögsagnarumdæmi sínu. Ef sami maður er reglulegur héraðsdómari í tveimur eða fleiri lögsagnarumdæmum, skal dómsmálaráðherra ákveða, hvar skrifstofa eða skrifstofur hans skuli vera nema lög kveði á um það atriði.

9. gr.

Á eftir 37. gr. bætist ný grein, 37.A. gr., og hljóði þannig:

1) Ef deilt er um staðreyndir, sem fram eru bornar sem málsástæður og dómari telur þörf sérkunnáttu í dómi, getur hann skipað 2 meðdómsmenn, sem slíka kunnáttu hafa. Taka þeir að jafnaði sæti í dómi, áður en þing er háð til munnlegra skýrslugjafa, en dómari getur þó kvatt meðdómsmenn til fyrr. Heimilt er að meðdómsmaður sé einn fram að munnlegum flutningi máls eða töku skriflega flutts máls til dóms.

2) Ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði eða fyrir aðila, er dómara rétt að kveðja til annan embættisdómara eða dómarafulltrúa, sem sitji í dómi með einum sérfróðum meðdómsmanni, eða tvo embættisdómara eða dómarafulltrúa. Til kvaðningar embættisdómara þarf dómari þó samþykki forstöðumanns embættis.

3) Ef meðdómsmaður hefur tekið sæti í dómi, hefur hann þaðan í frá í því máli sömu réttindi og skyldur og hinn reglulegi dómari.

4) Öllum, sem fullnægja lögmæltum skilyrðum, er skylt að gegna meðdómsmannastörfum. Þó gildir þetta ekki um hæstaréttardómara, hæstaréttarritara, aðra embættisdómara og dómarafulltrúa, ráðherra og ráðuneytissjóra, biskup og presta þjóðkirkjunnar, lögmenn og fulltrúa þeirra, ríkissaksóknara, vararíkissaksóknara, saksóknara og fulltrúa ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, lögreglustjórnann í Reykjavík og löglærða starfsmenn stofnana þeirra, sem þessir menn stjórna, embættislækna og ljósmæður og forstöðumenn ríkisstofnana, ef málsefnið varðar starfssvið stofnunarinnar.

5) Almenn skilyrði til meðdómsmannastarfa eru: Nægilegur þroski og líkamleg og andleg heilbrigði, óflekkað mannorð, lögræði og fjárforræði. Þá skal meðdómsmaður hafa náð 25 ára aldri. Skilyrði til þátttöku í meðferð einstaks mál eru hin sömu og hjá embættisdómurum skv. 36. gr.

6) Héraðsdómari úrskurðar um skyldu og skilyrði meðdómsmanna, en skjóta má úrskurði hans til æðra dóms með kæru. Sama er um forföll meðdómsmanna.

7) Þegar meðdómsmaður tekur í fyrsta sinn þátt í dómsstörfum við héraðsdómstóla landsins, skal hann undirrita í þingbók drengskaparheit um, að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

8) Héraðsdómari ákveður greiðslur til meðdómsmanna, en dómsmálaráðherra getur kært ákvörðunina til æðra dóms.

9) Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um fógeta-, uppboðs- og skiptarétt.

10. gr.

1. mgr. 38. gr. orðist þannig:

svarar 200% af tollverði innflutts kjarnfóðurs. Að fengnum tillögum Framleiðslu-
ráðs getur landbúnaðarráðherra ákveðið endurgreiðslu kjarnfóðurgjaldsins að
hluta eða öllu leyti eða niðurfellingu þess til bænda, m. a. mismunandi eftir svæð-
um vegna harðæris, uppskerubrests eða til að auka framleiðslu búvöru, sem
skortur er á, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypiss og ótilkvaddir gefa Fram-
leiðsluráði upp í því formi, sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju
lögbyli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbún-
aði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu
sambandi.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við
innflutning. Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að ákveða aðra innheimtuaðferð.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á
samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það sem innheimt kann að
hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal
taka gjald af birgðum söluauðila í upphafi gjaldtímabils.

Seljendur skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu,
sé þess óskað. Tilgreina skal hverjir kaupendur eru, heildarmagn til hvers kaup-
anda og einingarverð.

- c) Framleiðsluráð fer með gæslu þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimild-
um þessarar greinar, og ráðstafar því með samþykki landbúnaðarráðherra.

Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra,
sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri fram-
leiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa
fjárhæð, sem og til að jafna halla, er verða kann á útflutningi, milli söluauðila.

Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti
sem fjármagninu er varð til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir
nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stéttarsambands
bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbún-
aðarráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra svo og ákvæði annarra laga, er breytt hafa ákvæðum laga nr. 101/1966, inn í meginmál þeirra og gefa löginn út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Pálmi Jónsson.

L Ö G

um breyting á og viðauka við lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga
Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. málsg. 1. greinar laganna bætist: Löginn skulu með þeim hætti einnig taka til starfsmanna sjálfseignarstofnana, sem starfa í almannabágu samkvæmt lögum, til stofnana sem eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði eða af daggjöldum, og til sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana.

2. gr.

8. grein laganna orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi.

3. gr.

Við löginn bætist nýr kafli, X. kafli, svohljóðandi:

X. KAFLI

47. gr.

Þeir félagar BSRB, sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysisstryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu atvinnuleysisbóta til starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

48. gr.

Sveitarfélög ábyrgjast útgjöld vegna atvinnuleysisbóta vegna starfsmanna sinna og starfsmanna stofnana sveitarfélaga hvert fyrir sig eða fleiri sameiginlega eftir því sem þau sjálf ákveða.

Um starfsmenn sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga gilda hliðstæðar reglur eftir því hvort starfsmenn eru ráðnir af ríki eða sveitarfélagi.

Nánar skal kveða á um framkvæmd ákvæða þessarar greinar í reglugerð sem félagsmálaráðherra er heimilt að setja. Reglur um greiðslu atvinnuleysisbóta til fyrrverandi starfsmanna sveitarfélaga skulu settar að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og með hliðsjón af tillögum einstakra sveitarfélaga. Haft skal samráð við stjórn BSRB um setningu reglugerðar um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari grein.

49. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð tveim fulltrúum frá BSRB, einum frá fjármálaráðuneyti, einum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn skal skipaður af Hæstarétti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 42. grein laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu komi ný 43. grein svohljóðandi:

Kostnaður við að gera byggingar heilbrigðisstofnana aðgengilegar fötluðu fólki greiðist af ríki og sveitarfélögum í sömu hlutföllum og stofnkostnaður samkvæmt lögum þessum.

43. grein laganna verði 44. grein.

2. gr.

Við 23. grein laga nr. 63/1974 um grunnskóla bætist ný málsgrein svohljóðandi: Endurbætur, sem gerðar eru á húsnæði grunnskóla til þess að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð, greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

3. gr.

Við 6. grein laga nr. 112/1976 um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Kostnaður vegna breytinga á dagvistarheimilum með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

4. gr.

Við 3. grein laga nr. 107/1970 um félagsheimili bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Nú ákveða eigendur félagsheimilis að breyta því með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð og er þá heimilt að verja fé úr Félagsheimilasjóði til greiðslu allt að 40% heildarkostnaðar, sem af þessari breytingu hlýst.

5. gr.

Við 6. grein ípróttalaga nr. 49/1956 bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Heimilt er að veita úr ípróttasjóði styrk til breytinga á ípróttahúsnæði, sem miða að því að bæta fötluðum aðgang og umferð um það. Styrkurinn má nema allt að 40% af kostnaði við breytinguna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna,
með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 15/1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sjóðfélagar eru allir sjómenn sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir, en starfa að viðhaldi og viðgerð skips, flokkunarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar. Skulu þeir tryggðir í sjóðnum meðan þeir taka laun samkvæmt kjarasamningi sínum sem sjómenn. Taki sjómenn, sem þannig er ástatt um, laun samkvæmt öðrum kjarasamningi skal engu að síður skylt að tryggja þá í sjóðnum, nema tryggingarskyldu þeirra sé fullnægt með greiðslu til annars lífeyrissjóðs. Þó er heimilt að yfirmenn á farskipum skipafélaga, sem við gildistöku laga þessara hafa yfirmenn tryggða í lífeyrissjóðnum, séu tryggðir í þeim sjóðum er þau eru aðilar að. Á sama hátt er heimilt að yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna séu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Sjómönnum sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum og ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970, er heimilt að vera utan við sjóðinn fullnægi þeir tryggingarskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til annars lífeyrissjóðs.

Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem við fiskvinnslustöðvar

eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins í a. m. k. 5 almanaksár og áunnið sér a. m. k. 3 stig, sbr. 11. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að láta sjómennsku fyrir gildistöku laga þessara jafngilda iðgjaldagreiðslu í þessu sambandi. Ennfremur er stjórninni heimilt með sömu skilyrðum að leyfa sjóðfélaga að halda áfram þátttöku, ef hann tekur upp annað starf er veittir honum ekki aðild að lífeyrissjóði.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í honum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma sem úr hefur fallið af þessum sökum.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Í stjórn sjóðsins eiga sæti sex menn tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi ísl. botnvörpuskipaæigenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

Skipunar- og kjörtími stjórnar er 3 ár. Sjóðsstjórn skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðsfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn.

3. gr.

Í stað 1., 2., 3. og 4. mgr. 10. gr. komi tvær mgr. er verði 1. og 2. mgr. og orðist svo: Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda, og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga á fiskiskipum, öðrum en 500 rúmlesta skuttogurum og stærri, skulu reiknast af launum eftir því sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga á hverjum tíma. Iðgjöld vegna sjóðfélaga á öðrum skipum, þar með töldum skuttogurum 500 lesta og stærri, skulu reiknuð af heildarlaunum sjóðfélagans hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Stjórn sjóðsins ákveður hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga, sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. mgr. 2. gr.

Í 2. málslíð síðustu mgr. 10. gr. laganna standi „3. málsg.“ í stað „5. málsg.“

4. gr.

3. og 4. mgr. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er sjóðfélagi, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráður á íslenskt skip eigi skemur en í 180 daga að meðaltali á ári, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára. Á sama hátt veitir 20—25 ára starf á sjó rétt til töku ellilífeyris frá 61 árs aldri og 15—20 ára starf til töku hans frá 62 ára aldri. Fáist ekki upplýsingar um lögskráningardaga er stjórn sjóðsins heimilt að beita annarri reglu um mat á áunnum rétti til flýtingar á töku lífeyris.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnið voru fram til 65 ára aldurs um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir 65 ára aldur.

5. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Falli niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda og geti hann ekki af þeim sökum innt af hendi iðgjald til lífeyrissjóðsins ávinnur hann sér ekki réttindi

meðan svo stendur. Sama gildir ef sjóðfélagi er launalaus vegna atvinnuleysis og nýtur ekki atvinnuleysisbóta. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

6. gr.

18. og 19. gr. laganna falli brott, en í staðinn komi ný grein:

Einungis er heimilt að endurgreiða sjóðfélögum iðgjöld í því skyni að færa féð og þar með réttindi, sem þeim fylgja, milli lífeyrissjóða. Þó er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara, sem flytja af landi brott, og á þeim iðgjöldum, sem menn greiða til lífeyrissjóðsins eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og á þeim hluta iðgjalda, sem kann að fara fram úr því sem skýlt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

7. gr.

2. málslíður 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Sama gildir um sjóðfélaga, er starfað hafa samkvæmt hátakjarasamningum með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tíma-
mark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein.

8. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Árin 1980—1984 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lög-
um þessum breytast þannig, að lífeyrir miðist við grundvallarlaun samkvæmt 2. málsg. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980 og eftir það 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember ár hvert. Frá 1. janúar 1985 að telja skulu uppbætur á lífeyrisgreiðslur ákveðnar í samræmi við ákvæði 16. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um framkvæmdasjóð aldraðra.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:*

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofna fyrir aldraða. Sjóðurinn skal bera heitið Framkvæmdasjóður aldraðra.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1981 leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 100 kr. á hvern mann, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu undanþegin gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 2 500 000 gkr. Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
2. Beint framlag ríkissjóðs eftir ákvörðun við gerð fjárlaga hverju sinni.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

3. gr.

Dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. lögum þessum eru:

- a) Hjúkrunarheimili til langdvalar og/eða dagvist fyrir aldraða.
- b) Sjúkradeildir með aðstöðu fyrir öldrunarlækningar og göngudeildir, hannaðar á hliðstæðan hátt og almennar sjúkradeildir.
- c) Íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra, byggðar á félagslegum grundvelli.
- d) Dvalarheimili aldraðra með íbúðarherbergjum og snyrtingu ásamt aðstöðu fyrir tómstunda- og félagsstarfsemi fyrir vistmenn.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.

Ráðherra skipar 3 manna stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal skipuð einum manni eftir tilnefningu Öldrunarfræðafélags Íslands, einum frá félagsmálaráðuneytinu, eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, og einum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna.

Stjórnin skal gera tillögur um úthlutanir úr sjóðnum.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 3. gr. stafliði a) og b),
 2. að veita sveitarfélögum og öðrum framlög til að kaupa eða byggja húsnaði fyrir aldraða skv. 3. gr. stafliðum c) og d).
- Ráðherra setur nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð.
- Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára í senn um framkvæmdir skv. 1. gr.
- Um framkvæmdir skv. þessari grein fer skv. lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Svavar Gestsson.
A 12

L Ö G

um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

- 1.1. Lögum þessum er ætlað að tryggja landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði sem á hverjum tíma eru tök á að veita.
- 1.2. Með markvissum aðgerðum skal vinna að þessu, m. a. með því að tryggja sem best eftirlit með umhverfi, húsnæði og öðrum vistarverum, almennri hollustu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara og vernda þau lífsskilyrði, sem felast í ómengudu umhverfi, hreinu lofti, úti og inni, og ómengudu vatni. Eunnfremur með því að veita alhliða fræðslu og upplýsingar um þessi mál fyrir almenning.
- 1.3. Lög þessi ná yfir alla starfsemi og framkvæmd, sem hefur eða haft getur í för með sér mengun lofts, láðs eða lagar, að svo miklu leyti, sem það er ekki falið öðrum með sérlögum eða alþjóðasamþykktum.
- 1.4. Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd geta valdið óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

2. gr.

- 2.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra heilbrigðisreglugerð um atriði, sem sérlæg ná ekki yfir, sem gildir fyrir allt landið, landhelgi og lofthelgi.
- 2.2. Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:
 1. Hreinlæti og þrifnað utan húss.
 2. Neysluvatn, vatnsból, vatnsveitur og baðvatn.
 3. Salerni og frárennsli.
 4. Meðferð og eyðingu sorps og annars úrgangs.
 5. Meindýr og eyðingu þeirra svo og ónytjadýr, vargfugla og aflifun þeirra.
 6. Íbúðarhúsnæði.
 7. Gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.
 8. Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur svo og húsakynni, tæki og allt er snertir matvælaframleiðslu og matvælaíðnað, þar með talin notkun aukaefna í matvæli, matvörugeymslur og matvæladreifing, sbr. og reglug nr. 250/1976 ásamt síðari breytingum.
 9. Matvælaeftirlit og efna- og gerlafræðilegar rannsóknir vegna þess.
 10. Meðferð og notkun matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sem ekki uppfylla settar reglur.
 11. Skóla og aðra kennslustaði.
 12. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur.
 13. Barnaheimili, upptökuheimili og leikvelli.

14. Heilbrigðisstofnanir, stofnanir fyrir þroskahefta, drykkjusjúka og tilsvarendi, lækningastofur, dvalarheimili fyrir aldraða skv. lögum þar um o. þ. u. l.
15. Íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhallir, sundlaugar, baðhús, gufubaðstofur og almenna baðstaði o. þ. u. l.
16. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
17. Samkomuhús, þ. á m. kirkjur.
18. Kirkjugarða, líkhús og bálstofur, svo og meðferð líka.
19. Bata og skip, vélknúin ökutæki, flugvélar o. þ. u. l.
20. Gripahús og alifuglabú.
21. Hávaða og titring, m. a. frá hvers konar starfsemi og farartækjum.
22. Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem ekki fellur að öllu leyti undir mengunarvarnareglugerð skv. 3. gr.
23. Þátttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum og framkvæmd þeirra.
24. Önnur sambærileg atriði.
Ennfremur skal setja ákvæði um:
25. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.
26. Viðmiðunarreglur og staðla um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.
27. Reglur um töku sýna og úrvinnslu þeirra.
28. Undanþágur og heimildir til slíks og hvaða takmörkun slíkt skuli háð, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.

3. gr.

- 3.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra mengunarvarnareglugerð að höfðu samráði við önnur ráðuneyti, sem fara með einstaka málaflokka, er snerta umhverfismál.
- 3.2. Í mengunarvarnareglugerð skulu vera almenn ákvæði um:
 1. Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur, sem haft getur í för með sér mengun, þar sem m. a. skulu vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
 2. Eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu.
 3. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.
 4. Meðferð vatns og sjávar í iðnaði.
 5. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
 6. Frárennsli og skolp.
 7. Varnir gegn loftmengun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilega loftmengun.
 8. Hávaða og titring, þar sem fram koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
 9. Geislun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur um takmörkun geislunar.
 10. Varmamengun, þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.
 11. Önnur sambærileg atriði.
Ennfremur skal setja ákvæði um:
 12. Undanþáguheimildir og hvaða takmörkun slíkt skuli háð, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.
 13. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.

II. KAFLI

Stjórn og skipan.

4. gr.

- 4.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.
- 4.2. Landlæknir er ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt er að hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti lýtur.

5. gr.

- 5.1. Sveitarfélög annast og standa undir kostnaði við heilbrigðiseftirlit í héruðum, að svo miklu leyti sem ekki gilda hér um sérstök lög.
- 5.2. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlitandi heilbrigðiseftirlits og þjónustu heilbrigðisfulltrúa.
- 5.3. Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. okt. ár hvert gera fjárhagsáætlun og áætlun um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga í undæminu, sem miðast við íbúatölu 1. des. árið á undan. Skulu þessar áætlanir lagðar fyrir viðkomandi sveitarstjórnir til endanlegrar ákvörðunar.
- 5.4. Heilbrigðisnefndir skulu gera fyrir fram áætlanir um allar fjárfrekar framkvæmdir innan umdæmisins í samræmi við 3. tl. þessarar greinar.

6. gr.

- 6.1. Í landinu skulu starfa 47 heilbrigðisnefndir kosnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Um skipan heilbrigðisnefnda og kosningar í þær fer sem hér segir:

6.2. Reykjavíkursvæði.

Þar starfa 2 nefndir:

- 1) Reykjavík, skipuð sjö fulltrúum kosnum af borgarstjórn.
Starfssvæði: Reykjavíkurborg.
- 2) Seltjarnarnes, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður.

6.3. Vesturlandssvæði.

Þar starfa 5 nefndir:

- 1) Akranes, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmanna-
hreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur. Akraneskaupstaður
skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu
komi sér saman um tvo.
- 2) Borgarnes, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraun-
hreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalsh-
hreppur, Lundareykjadalshreppur, Reykholtisdalshreppur, Hálsahreppur,
Hvílársíðuhreppur, Þverárhliðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholts-
tungnahreppur. Borgarneshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitar-
stjórn, en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um
fjóra.
- 3) Ólafsvík, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðvíkur-
hreppur og Neshreppur. Ólafsvíkurhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Nes-
hreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á
starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

- 4) **Stykkishólmur**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur, Eyrarsveit og Flateyjarhreppur. Stykkishólmshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Eyrarsveit einn kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 5) **Búðardalur**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Hörðudalshreppur, Miðdalshreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Laxárdalshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

6.4. Vestfjarðasvæði.

Þar starfa 6 nefndir:

- 1) **Austur-Barðastrandarsýsla**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur og Múlahreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.
- 2) **Patreksfjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur og Suðurfjarðahreppur. Patrekshreppur skal eiga tvo fulltrúa, Tálknafjarðarhreppur einn og Suðurfjarðahreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
- 3) **Vestur-Ísafjarðarsýsla**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur, Auðkúluhreppur, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Þingeyrarhreppur á einn fulltrúa, Flateyrarhreppur einn og Suðureyrarhreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 4) **Bolungarvík**, skipuð þrem fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Bolungarvíkurkaupstaður.
- 5) **Ísafjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur. Ísafjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 6) **Hólmavík**, skipuð þrem fulltrúum.
Starfssvæði: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Hólmavíkurhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.5. Norðurlandssvæði vestra.

Þar starfa 4 nefndir:

- 1) **Hvammstangi**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur og Bæjarhreppur. Hvammstangahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa komi sér saman um þrjá.

- 2) **Blönduós**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðahreppur, Engihlíðahreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur. Blönduóshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Höfðahreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 3) **Sauðárkrókur**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur. Sauðárkrókskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.
- 4) **Siglufjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Siglufjarðarkaupstaður, Haganeshreppur og Holtshreppur. Siglufjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Haganeshreppur einn og Holtshreppur einn kosna af sveitarstjórnnum.

6.6. Eyjafjarðarsvæði.

Þar starfa 3 nefndir:

- 1) **Ólafsfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Ólafsfjarðarkaupstaður.
- 2) **Dalvík**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hriseyjarhreppur. Dalvíkurkaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
- 3) **Akureyri**, skipuð sjö fulltrúum.
Starfssvæði: Akureyrarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandahreppur, Grýtu-bakkahreppur og Hálsahreppur. Akureyri skal eiga fimm fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.7. Norðurlandssvæði eystra.

Þar starfa 4 nefndir:

- 1) **Húsavík**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Ljósvatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútu- staðahreppur. Húsavíkurkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjar- stjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 2) **Kópasker**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Kelduneshreppur, Öxarfjarðahreppur, Fjallahreppur og Prest- hólahreppur. Presthólahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitar- stjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 3) **Þórshöfn**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur. Þórshafnarhreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
- 4) **Raufarhöfn**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Raufarhafnarhreppur.

6.8. Austurlandssvæði.

Þar starfa 9 nefndir:

- 1) **Vopnafjörður**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur. Vopnafjarðarhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Skeggjastaðahreppur einn kosna af sveitarstjórnnum.
- 2) **Seyðisfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn Seyðisfjarðar.
Starfssvæði: Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðahreppur.
- 3) **Egilsstaðir**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðahreppur. Egilsstaðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.
- 4) **Neskaupstaður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Neskaupstaður, Mjóafjarðahreppur, Norðfjarðahreppur. Neskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
- 5) **Eskifjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Eskifjarðarkaupstaður og Helgustaðahreppur. Eskifjarðarkaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Helgustaðahreppur einn kosinn af sveitarstjórn.
- 6) **Reyðarfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Reyðarfjarðahreppur.
- 7) **Fáskrúðsfjörður**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Fáskrúðsfjarðahreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Búðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
- 8) **Djúpivogur**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur. Búlandshreppur skal eiga einn fulltrúa og Breiðdalshreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
- 9) **Höfn Hornafirði**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Bæjarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Hafnarhreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Hafnarhreppur skal eiga þrjá fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.9. Suðurlandssvæði.

Þar starfa 9 nefndir:

- 1) **Kirkjubæjarklaustur**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur. Kirkjubæjarhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 2) **Vík í Mýrdal**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Hver hreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af hreppsnefnd.
- 3) **Hvolsvöllur**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-

Landeyjahreppur, Fljótshlíðahreppur og Hvolhreppur. Hvolhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

4) **Hella**, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ása-hreppur og Djúpárhreppur. Rangárvallahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn að sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

5) **Laugarás**, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.

6) **Selfoss**, skipuð sjö fulltrúum.

Starfssvæði: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur. Selfosskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Eyrarbakkahreppur einn og Stokkseyrarhreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

7) **Hveragerði**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.

Starfssvæði: Hveragerðishreppur.

8) **Þorlákshöfn**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af Ölfushreppi.

Starfssvæði: Ölfushreppur og Selvogshreppur.

9) **Vestmannaeyjar**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.

Starfssvæði: Vestmannaeyjar.

6.10. Suðurnesjasvæði.

Þar starfar ein nefnd skipuð sjö fulltrúum.

Starfssvæði: Keflavíkurkaupstaður, Miðneshreppur, Gerðahreppur. Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur og Grindavíkurkaupstaður. Hvert sveitarfélag kýs einn fulltrúa.

6.11. Hafnarfjarðarsvæði.

Þar starfa 2 nefndir:

1) **Hafnarfjörður**, skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.

Starfssvæði: Hafnarfjarðarkaupstaður.

2) **Garðabær**, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.

Garðakaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Bessastaðahreppur einn kosinn af hreppsnefnd.

6.12. Kópavogssvæði.

Þar starfa 2 nefndir:

1) **Kópavogur**, skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.

Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.

2) **Mosfellssveit**, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Mosfellshreppur skal eiga þrjá fulltrúa, Kjalarneshreppur einn og Kjósarhreppur einn kosna af sveitarstjórnnum.

- 6.13. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og að fengnu álit Hollustuverndar ríkisins ákveðið með reglugerð breytingar á skipan sveitarfélaga í heilbrigðisnefndir og um kosningar fulltrúa í þær.
- 6.14. Þau sveitarfélög, sem eiga ekki fulltrúa í heilbrigðisnefnd, skulu eiga rétt til að sitja fundi og koma á framfæri sjónarmiðum sínum í nefndum sé fjallað um málefni er snerta þau.
- 6.15. Heimilt er að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda innan hvers svæðis. Í slíkum tilvikum skulu viðkomandi sveitarfélög gera með sér samning um stofnun einnar nefndar. Skal þar m. a. kveða á um tölu nefndarmanna, sem aldrei mega þó vera fleiri en níu, um kosningu þeirra svo og skiptingu kostnaðar af störfum nefndarinnar, sbr. 5. gr.
- 6.16. Heilbrigðisnefnd skiptir með sér störfum.
- 6.17. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sér um að kosningar í heilbrigðisnefndir fari fram.

7. gr.

- 7.1. Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum þessara laga, heilbrigðisreglugerðar, mengunarreglugerðar, heilbrigðissamþykktar sveitarfélaga, sömu leiðis ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum, sem heilbrigðisnefndum er eða kann að vera falið að annast um framkvæmd á.
- Heilbrigðisnefndir skulu sérstaklega vinna að:
1. Bættri heilbrigðisvernd í héraðinu.
 2. Bættum mengunarvörnum í héraðinu.
 3. Fræðslu um hollustuháttamál.
 4. Samvinnu við önnur yfirvöld og aðila er vinna að þessum málum beint eða óbeint.

8. gr.

- 8.1. Sveitarstjórnir, bygginganefndir og önnur yfirvöld héraðanna skulu leita álit heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og samþykktir sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum taka til.

9. gr.

- 9.1. Heilsugæslulæknar (yfirlæknar) skulu vera faglegir ráðunautar heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir, þegar þeim þykir þörf, og að þar verði tekin fyrir tiltekin mál.
- 9.2. Héraðslæknar, hver í sínu læknishéraði, segja fyrir um og skipuleggja þjónustu heilsugæslulækna við heilbrigðisnefndir.
- 9.3. Heilbrigðisnefndum og svæðisnefndum ber að senda viðkomandi sveitarstjórn- um og héraðslæknum afrit fundargerða þegar að loknum fundum.
- 9.4. Heilbrigðisfulltrúar (framkvæmdastjórar) skulu sitja fundi heilbrigðisnefnda og svæðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og tekin verði þar fyrir tiltekin mál.
- 9.5. Héraðsdýralæknum er heimilt að sitja fundi heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og að tiltekin mál verði tekin fyrir.
- 9.6. Heilbrigðisnefnd getur leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar og kvatt á sinn fund þá aðila, sem hún telur þörf á.
- 9.7. Formaður heilbrigðisnefndar skal sjá um að nefndarmenn og aðrir, sem sækja eiga fundi nefndarinnar, séu boðaðir.

10. gr.

- 10.1. Heilbrigðisnefndir skulu halda fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.
- 10.2. Afgreiðsla í heilbrigðisnefnd telst fullnægjandi sé helmingur nefndarmanna viðstaddur.
- 10.3. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður afgreiðslu máls.
- 10.4. Um vanhæfni heilbrigðisnefndarmanna til afgreiðslu mála gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

11. gr.

- 11.1. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. 23. gr., skal starfa svæðisnefnd skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis (borgarlæknis í Reykjavík), sem er formaður. Á Reykjavíkursvæði tilnefnir heilbrigðisráð 3 fulltrúa og heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar 1 fulltrúa. Á Suðurnesja-svæði fer heilbrigðisnefnd með störf svæðisnefndar auk héraðslæknis, sem er formaður.
- 11.2. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
- 11.3. Verkefni svæðisnefnda er að skipuleggja og samræma heilbrigðiseftirlit á svæðinu í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara og ákvæði reglugerða sem settar verða.

12. gr.

- 12.1. Svæðisnefndir skulu fyrir 1. júní ár hvert senda Hollustuvernd ríkisins skýrslu varðandi starfsemi nefndarinnar næsta almanaksár á undan og um áformaða starfsemi. Skýrslur þessar skulu gerðar á þar til gerð eyðublöð, sem Hollustuvernd ríkisins lætur útbúa.

III. KAFLI

Hollustuvernd ríkisins.

13. gr.

- 13.1. Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Hollustuvernd ríkisins.
- 13.2. Stofnunin hefur yfirumsjón með almennu heilbrigðiseftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknnum þessu tengdu og sér um framkvæmd þess í samræmi við lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og ákvæði annarra laga og reglna, er þessi mál snerta og heilbrigðisyfirvöldum er falið að sjá um framkvæmd á.
- 13.3. Stofnunin skal vinna að samræmingu alls heilbrigðiseftirlits í landinu, m. a. á þann hátt að koma á samvinnu allra þeirra stofnana, er að málum þessum starfa. Skal stofnunin sérstaklega gæta hagkvæmni í öllu eftirliti á sviði hollustuháttamála, m. a. með því að fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.
- 13.4. Stofnunin fer því aðeins með beint heilbrigðiseftirlit að um sérhæfð verkefni sé að ræða og lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það, og að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir.
- 13.5. Stofnunin er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum, sem með opinbert heilbrigðiseftirlit fara.
- 13.6. Stofnunin skal sjá um að haldið sé uppi skipulegri fræðslu fyrir almenning um mál, er varða hollustuhætti.
- 13.7. Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila, er að þessum málum starfa í landinu.
- 13.8. Stofnunin skal sjá um að menntun og fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa verði komið á og hefur um það samráð við þær deildir Háskóla Íslands, sem annast kennslu, er því tengist, og aðra sérfróða aðila.

- 13.9. Stofnunin skal hafa sem nánasta samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna og veita þeim alla þá þjónustu um hollustuháttamál, sem hún getur og aðstæður gera nauðsynlegar.
- 13.10. Stofnunin gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári ásamt upplýsingum um ástand hollustuháttamála í landinu.
- 13.11. Stofnunin annast upplýsingar og tilkynningar til fjölmiðla. Skulu þær vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki líði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

14. gr.

- 14.1. Stofnuninni skal skipuð sérstök stjórn sem í eiga sæti sjö menn. Sameinað Alþingi kýs tvo, landlæknir tilnefdir einn, Samband íslenskra sveitarfélaga einn, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands einn og Samtök heilbrigðisstétta einn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.
- 14.2. Stjórn stofnunarinnar hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar.

15. gr.

- 15.1. Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar. Einungis má skipa mann sem hefur menntun og/eða reynslu á sviði hollustuháttamála og í stjórnun.
- 15.2. Forstjóri annast daglega stjórnun stofnunarinnar. Hann situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Hann undirbýr fundi stjórnar og sér um framkvæmd ákvarðana hennar.

16. gr.

- 16.1. Í tengslum við almenna skrifstofu skal unnið að áætlanagerð, útgáfu upplýsinga og fræðsluefnis í samráði við deildir stofnunarinnar.
- 16.2. Þar skal vera bókasafn stofnunarinnar með sem fullkomnustum bókakosti.

17. gr.

- 17.1. Stofnuninni skal skipt í þrjár deildir, heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu og mengunarvarnir og skal starfa forstöðumaður yfir hverri.
- 17.2. Heilbrigðiseftirlit hefur yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðisreglugerðar, sbr. 2. gr. 2. tl., að svo miklu leyti sem slíkt er ekki falið öðrum deildum stofnunarinnar, sbr. 17. gr. 3. og 4. tl. Heilbrigðiseftirlit annast ennfremur framkvæmd laga nr. 27/1977 um aðgerðir til þess að draga úr tóbaksreykingum.
- 17.3. Rannsóknastofa annast þær efna- og gerlafræðilegar rannsóknir, sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Ennfremur annast rannsóknastofa sérstök rannsóknaverkefni, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.
- 17.4. Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum í mengunarreglugerð, sbr. 3. gr. 2. tl. Mengunarvarnir annast ennfremur:
1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.
 2. Starfsemi geislavarna skv. reglug. nr. 5/1968, sbr. lög nr. 95/1962.
 3. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi svo og annarra mengunarrannsókna, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

18. gr.

18.1. Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar.

19. gr.

19.1. Við stofnunina starfa þrjú forstöðumenn.

1. Forstöðumaður heilbrigðiseftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu í heilbrigðisvernd og hafa reynslu á því sviði.
2. Forstöðumaður rannsóknastofu skal hafa háskólamenntun á sviði gerla- eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á því sviði.
3. Forstöðumaður mengunarvarna skal hafa háskólamenntun á sviði verk- eða efnafræði og sérþekkingu og reynslu á sviði mengunarvarna.

19.2. Ráðherra skipar forstöðumenn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

19.3. Forstöðumenn skulu sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

20. gr.

20.1. Forstjóri ræður starfsfólk á skrifstofu.

20.2. Stjórnin ræður menn með sérþekkingu að deildum stofnunarinnar að fengnum tillögum viðkomandi forstöðumanna.

20.3. Forstöðumenn ráða annað starfsfólk hinna einstöku deilda.

21. gr.

21.2. Eiturefnanefnd, skv. lögum nr. 85/1968, Áfengisvarnaráði, skv. lögum nr. 82/1969, og Manneldisráði, skv. lögum nr. 45/1978, skal sköpuð aðstaða innan stofnunarinnar og vinna í nánú samstarfi við hana, en halda fullu sjálfstæði skv. fyrrgreindum lögum.

21.2. Stofnunin skal, eftir því sem við á, hafa samvinnu við Náttúruverndarráð, Vinnueftirlit og Siglingamálastofnun um öll mál, er varða mengunarvarnir við atvinnurekstur, skipulag mengunarvarna og skyld málefni.

IV. KAFLI

Samþykktir sveitarfélaga.

22. gr.

22.1. Sveitarfélög geta sett sér eigin heilbrigðissamþykktir um þætti, sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð, sbr. 2. gr., eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert.

22.2. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:

1. Bann eða takmörkun hundahalds.
2. Meðferð og eyðingu sorps og skolps.
3. Gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu.
4. Sérstakar ábyrgðartryggingar.

22.3. Upphæð gjalda samkv. þessum kafla skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir. Skulu slík gjöld tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sé leyfi, leiga eða þjónusta tengd notkun fasteignar.

22.4. Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd semur drög að slíkum samþykktum og breytingum þar á og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn, sem afgreiðir þau til ráðherra í formi samþykktar. Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um, hvað þurfi til að til staðfestingar komi.

22.5. Samþykktir og gjaldskrár samkvæmt þessum kafla skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

V. KAFLI

Heilbrigðiseftirlitssvæði og heilbrigðisfulltrúar.

23. gr.

23.1. Landið skiptist í heilbrigðiseftirlitssvæði í samræmi við svæðisskiptingu 6. gr. 2.—12. tl.

24. gr.

24.1. Svæðisnefnd viðkomandi svæðis, sbr. 11. gr., ákveður aðsetur heilbrigðisfulltrúa innan svæðisins.

24.2. Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.

24.3. Um skiptingu kostnaðar milli viðkomandi sveitarfélaga á eftirlitssvæði fer samkvæmt íbúafjölda.

24.4. Starf heilbrigðisfulltrúa telst fullt starf. Að jafnaði skulu ekki koma fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama fulltrúa.

24.5. Einn heilbrigðisfulltrúi hvers svæðis skal vera framkvæmdastjóri eftirlitsins á svæðinu.

25. gr.

25.1. Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og að ósk viðkomandi sveitarfélaga, kveðið á um aðra skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða en gert er í 23. gr. Skal þá tekið tillit til þess að ekki komi að jafnaði fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama heilbrigðisfulltrúa. Ennfremur skal taka tillit til umfangs og nauðsynjar á heilbrigðiseftirliti, stærð svæða og samgangna.

26. gr.

26.1. Svæðisnefndir hinna einstöku eftirlitssvæða skipuleggja heilbrigðiseftirlit innan svæðisins í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins.

26.2. Svæðisnefndir viðkomandi eftirlitssvæða ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefnda svæðisins. Skal áður leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins um hæfni þeirra.

26.3. Svæðisnefndir setja heilbrigðisfulltrúum erindisbréf að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og Hollustuvernd ríkisins.

26.4. Eingöngu má ráða sem heilbrigðisfulltrúa menn með sérmenntun á sviði heilbrigðiseftirlits.

26.5. Ef ekki er völ á sérmenntuðum manni, getur Hollustuvernd ríkisins heimilað að ráðinn sé annar maður til bráðabirgða, en hafa skal hann reynslu á þessu sviði.

26.6. Ráðherra setur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, reglugerð um sérmenntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

VI. KAFLI

Valdsvið og þvingunarúrræði.

27. gr.

A. HEILBRIGÐISNEFNDIR.

27.1. Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar skv. lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirætlum skv. þessum ákvæðum, getur heilbrigðisnefnd beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. Veitt áminningu.

2. Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.
3. Stöðvað viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf.
- 27.2. Stöðvun skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekuð sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slíkt brot að ræða, getur heilbrigðisnefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi rekstrar teljist rík ástæða til.
- 27.3. Þar sem innsigliun er beitt við stöðvun skulu heilbrigðisnefndir nota sérstök innsigli, er auðkenni þær.
- 27.4. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Hámark dagsekta skal ákveðið í heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð.
- 27.5. Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað í samræmi við þessi lög og reglur, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Kostnaður skal til bráðabirgða greiddur úr sveitarsjóði en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi.
- 27.6. Kostnað og dagsektir skv. 27. gr. 4. og 5. tl. má innheimta með lögtaki.
- 27.7. Sé vinna sú, sem heilbrigðisnefnd lætur framkvæma skv. 27. gr. 5. tl., til komin vegna vanhírðu, óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki, er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.
- 27.8. Heilbrigðisnefndum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þ. á m. sýna- og myndatöku, að öllum þeim stöðum, sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir ná yfir, og geta leitað aðstoðar lögreglu ef með þarf.
- 27.9. Heilbrigðisnefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra vara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt.
- 27.10. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita heilbrigðisnefndum allar nauðsynlegar upplýsingar, sem krafist er vegna heilbrigðiseftirlitsins.
- 27.11. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að afhenda heilbrigðisnefndum nauðsynleg sýni vegna heilbrigðiseftirlitsins endurgjaldslaust.

28. gr.

B. HEILBRIGÐISFULLTRÚAR.

- 28.1. Heilbrigðisfulltrúar hafa sama rétt til skoðunar og eftirlits innan síns eftirlitssvæðis og viðkomandi heilbrigðisnefndir, sbr. 27. gr. 8. tl.—11. tl.
- 28.2. Heilbrigðisfulltrúi getur beitt sömu aðgerðum til þess að knýja fram úrbætur og greinir frá í 27. gr. 1. tl. Með hann ástandið svo alvarlegt að beita verði stöðvun, sbr. 27. gr. 1. tl. 3., skal hann tilkynna það viðkomandi heilbrigðisnefnd og leita staðfestingar hennar eins fljótt og við verður komið.

29. gr.

C. HOLLUSTUVERND RÍKISINS.

- 29.1. Telji stjórn stofnunarinnar nauðsyn ráðstöfunar skv. lögum þessum, sem varðar almenningsheill og viðkomandi heilbrigðisnefnd lætur ekki málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum, þrátt fyrir ábendingar stofnunarinnar, skal hún gera tillögur til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunarinnar.

- 29.2. Telji stofnunin svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkunina þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal hún það tafarlaust hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Fallist heilbrigðisnefnd ekki á ráðstöfunina skal stofnunin að fenginni greinargerð heilbrigðisnefndar, sem skal vera skrifleg, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Málskotsfrestur stofnunarinnar er tvær vikur eftir að greinargerð heilbrigðisnefndar berst og frestur heilbrigðisnefndar til þess að tilkynna um ágreining er tvær vikur.
- 29.3. Ráðherra getur heimilað rýmri frest til málskots en kveðið er á um í 29. gr. 2. tl. sé sótt um slíkt og mæli ríkar ástæður með.
- 29.4. Málskot frestar ekki upphaflegri ákvörðun stofnunarinnar.
- 29.5. Fulltrúar stofnunarinnar eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda og annarra opinberra nefnda, sem um mál skv. lögum þessum fara, með tillögurétti og málfrelsi.
- 29.6. Fulltrúum stofnunarinnar er heimilt, sbr. 13. gr. 4. tl., í samráði við heilbrigðisnefndir að taka sýni þar sem starfræksla og notkun fer fram og lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir sveitarfélaga ná til, sbr. 27. gr. 8., 10. og 11. tl.

VII. KAFLI

Málsmeðferð, úrskurðir og viðurlög.

30. gr.

- 30.1. Rísi upp ágreiningur um framkvæmd laga þessara, heilbrigðisreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, heilbrigðissamþykta sveitarfélaga og ákvarðana heilbrigðisýfirvalda, annar en skv. 29. gr. 1.—2. tl. og 31. gr., er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar. Séu aðilar ekki sáttir við úrskurð stjórnarinnar er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar, er starfar skv. lögum þessum, sbr. 30. gr. 2. tl. Málskot skv. þessum tölulíð frestar ekki upphaflegri ákvörðun.
- 30.2. Í úrskurðarnefnd eiga sæti þrír menn:
Embættisgengur lögfræðingur, tilnefndur af Hæstarétti og er hann jafnframt formaður. Einn skal tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn af landlækni.
- 30.3. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.
- 30.4. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
- 30.5. Nefndinni er heimilt að kveðja tvo sérfróða menn til ráðgjafar telji hún þörf á við úrlausn einstakra mála.

31. gr.

- 31.1. Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlögum eftirlit með starfsemi, sem lög þessi taka til, og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 108/1974, um framleiðslueftirlit sjávarafurða og lögum nr. 31/1970, um dýralækna.
- 31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980, lög nr. 108/1974 og lög nr. 31/1970, skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd, sem í eiga sæti forstjórar Hollustuverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða og yfirdýralækna. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftir-

lits í takmarkatilvikum og gæta þess, að þessir aðilar fari ekki inn á annars svið né mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úr. Samstarfsnefndinni er ennfremur heimilt að gera tillögur til stjórna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um samnýtingu hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið. Skal nefndin koma saman eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

- 31.3. Rísi upp ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um tillögur eða framkvæmd hollustuháttaráðstafana skulu aðilar vísa málinu til Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra.

32. gr.

- 32.1. Fyrir brot gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga svo og fyrirmælum heilbrigðisnefnda og annarra réttshæfra aðila, gefnum skv. ákvæðum í nefndum lögum og reglum, skal refsa með sektum, en með varðhaldi, séu sakir miklar.

33. gr.

- 33.1. Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð eða heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga, skal farið að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

- 34.1. Hollustuvernd ríkisins getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlit í landinu, að svo miklu leyti sem Hollustuvernd ríkisins annar því ekki.

35. gr.

- 35.1. Ráðherra getur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

IX. KAFLI

Gildistaka.

36. gr.

- 36.1. Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1982. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 74/1977, um matvælarannsóknir ríkisins svo og ósamrýmanleg ákvæði laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, laga nr. 27/1977, um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum, laga nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislataekjum, og laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þegar í stað skal hefjast handa við að undirbúa gildistöku laga þessara. Skal ráðherra í þeim tilgangi skipa fimm manna framkvæmdanefnd, sem í eiga sæti: Einn fulltrúi landlæknis, einn frá Matvælarannsóknnum ríkisins, einn frá Sam-

- bandi íslenskra sveitarfélaga, einn frá Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands og einn fulltrúi án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Skal nefnd þessi starfa þar til stjórn Hollustuverndar ríkisins hefur tekið til starfa.
2. Reglugerðir samkvæmt lögum þessum skal setja svo fljótt sem kostur er. Þar til þær hafa verið staðfestar skulu þær reglugerðir, sem nú gilda um þau mál er lög þessi taka til, vera í fullu gildi, enda brjóti ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.
 3. Þar til reglugerð um mengunarvarnir hefur verið staðfest gilda ákvæði reglugerðar nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eitrefna og hættulegra efna, og eins skulu fyrirtæki, sem hafa starfsleyfi skv. þeim ákvæðum, halda óbreyttu starfsleyfi.
 4. Samþykktir sveitarfélaga, staðfestar af ráðherra, skv. lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, halda gildi sinu fari þær ekki í bága við ákvæði laga þessara.
 5. Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna, sem eru í starfi við gildistöku laganna, skulu að fullu halda réttindum sínum þrátt fyrir ákvæði 26. gr. 4. tl. um menntun, enda hafi þeir verið ráðnir til starfa í samræmi við gildandi lög.
 6. Stefnt skal að því á næstu fimm árum að fella starfsemi eitrefnanefndar og manneldisráðs, sbr. 21. gr. 1. tl., undir starfsemi Hollustuverndar ríkisins með breytingum á gildandi lögum þar um.
 7. Hollustuvernd ríkisins skal þegar eftir gildistöku laganna standa fyrir námskeiði fyrir heilbrigðisfulltrúa, sem hafa ekki tilskilda sérmenntun skv. lögum þessum.
 8. Hollustuvernd ríkisins skipuleggur þegar í stað í samvinnu við heilbrigðis- og fræðsluyfirvöld nám heilbrigðisfulltrúa.
 9. Ríkisstjórnin láti fara fram athugun á hvort sameina eða samræma megi frekar en gert er með lögum þessum starfsemi aðila, sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna. Jafnframt fari fram könnun á möguleikum til frekari samræmingar löggjafar um þessi mál. Skal könnun þessari lokið innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara.
 10. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja sem best góða og heilbrigða ræktun plantna hér á landi.

Í lögum þessum merkir planta heilar jurtir og viðarplöntur svo og hluta þeirra. Meín merkir frávik frá því, sem heilbriggt má teljast, og skaðvaldur merkir þær lifverur og lifræna þætti, er meinum valda á plöntum: veirur (vira), berfrymingar (mycoplasma), bakteríur (bacteria), sveppir (fungi) og meindýr.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra getur samkvæmt lögum þessum gert varnarráðstafanir og gefið út reglugerðir, sem stuðla að því: 1) að koma í veg fyrir að hættulegir skaðvaldar berist til landsins og dreifist innanlands, og útrýma skaðvöldum, sem þegar hafa borist til landsins, teljist það framkvæmanlegt, 2) að hindra að skaðvaldar, sem aðrar þjóðir vilja verjast, berist frá Íslandi.

Landbúnaðarráðherra ákveður, með hliðsjón af tillögum sérfræðinga í plöntusjúkdómum og meindýrum, hvaða skaðvald beri að telja svo hættulegan að falli undir ráðstafanir, er lög þessi heimila.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra getur m. a.:

- a) fyrirskipað eftirlit með innflutningi, útflutningi og dreifingu innanlands á öllum tegundum plantna, mold, húsdýraáburði, umbúðum og öðru, sem getur borið sjúkdóma og meindýr á plöntur.
- b) sett það skilyrði fyrir innflutningi, útflutningi eða dreifingu innanlands, að plönturnar séu algjörlega lausar við ákveðna skaðvalda, eða sett ákveðið hámark um magn þeirra.
- c) bannað ræktun tiltekinna plöntutegunda á ákveðnum svæðum eða takmarkað ræktun við plöntur gæddar ákveðnum eiginleikum.
- d) fyrirskipað landeigendum eða ræktendum að gera varnarráðstafanir gegn plöntusjúkdómum og meindýrum á eigin kostnað.
- e) fyrirskipað eyðingu eða sérstaka meðhöndlun á plöntum eða á hlutum, sem geta borið og dreift skaðvaldi (t. d. mold, verkfæri, umbúðir, flutningatæki og geymslustaðir).
- f) fyrirskipað sóttkví undir eftirliti sem skilyrði fyrir innflutningi.

4. gr.

Öllum sem hafa í fórum sínum plöntur, er ætla má að beri skaðvald, sem reglur skv. lögum þessum taka til, eða verða varir við skaðvaldinn sjálfan, ber tafarlaust að tilkynna það þeim aðila, sem landbúnaðarráðherra hefur falið að annast framkvæmd eða eftirlit með, að settum fyrirælum sé framfylgt. Plöntur má þá ekki flytja milli staða nema með samþykki þess aðila.

5. gr.

Eigendur plantna, gróðrarstöðva og annarra ræktunarstaða, flutningstækja og bygginga, og þeir, sem umráðarétt hafa yfir slíku, skulu án endurgjalds leyfa aðgang, sýnatöku, rannsóknir og aðgerðir, er fyrirskipaðar kunna að verða og nauðsynlegar mega teljast skv. 2. gr. þessara laga.

6. gr.

Þeim, sem brýtur ákvæði laga þessara, er skylt að hlíta fyrir mælum landbúnaðarráðherra eða umboðsmanna hans um varnaraðgerðir vegna brotsins. Skal hann framkvæma þau fyrirmæli á eigin kostnað og undir eftirliti opinberra aðila, en einnig eru þeim aðilum heimilar slíkar varnaraðgerðir á kostnað þess, sem sök ber. Þegar um er að ræða samræmda herferð gegn ákveðnum skaðvaldi, er heimilt að greiða kostnað við hana úr ríkissjóði.

7. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 17 frá 31. maí 1927.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Pálmi Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist þrjár nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Nú telur umsjónarnefnd eftirlauna, að störf, sem umsækjandi um ellilífeyri eða látinn maki umsækjanda um makalífeyri hefur stundað á tímabilinu 1970—1980, hafi verið tryggingarskyld samkvæmt 5. gr. laganna, en iðgjöld hafa þó ekki verið greidd af þeim til lífeyrissjóðs, og skal þá reikna hlutaðeigandi rétt samkvæmt þessum kafla er svarar til 60% þeirra tekna sem um ræðir, þó aldrei meira en 0.6 stíg hvert einstakt ár.

Ákvæði 5. málsgr. skulu gilda á hliðstæðan hátt, ef réttindi samkvæmt I. kafla hafa glatast vegna endurgreiðslu iðgjalda, sem átt hefur sér stað á tímabilinu frá 19. maí 1969 til 22. júní 1977. Telji hlutaðeigandi lífeyrissjóður, að endurgreiðslan

hafi komið í stað bótagreiðslu, og sé hann reiðubúinn að taka á sig skuldbindingar í samræmi við iðgjaldagreiðslurnar, er umsjónarnefnd þó heimilt að úrskurða lífeyri samkvæmt I. kafla í samræmi við þær.

Frá og með 1. janúar 1981 verði réttindi samkvæmt þessum kafla einungis áunnin með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóða.

2. gr.

Á eftir 1. málsg. 16. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú upplýsir lífeyrissjóður, sem afgreiðir umsókn samkvæmt I. kafla, að réttindatími sé á sviði fleiri en eins lífeyrissjóðs, og getur þá umsjónarnefnd að heiðni síððsins úrskurðað um skiptingu greiðslna milli hlutaðeigandi sjóða, en gefa skal hún hlutaðeigandi sjóðum kost á að láta í ljós álit sitt áður en úrskurður er kveðinn upp.

3. gr.

1. töluliður 1. málsg. 25. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Á eftir 25. gr. laganna komi ný grein, er verði 26. gr., svohljóðandi:

Frá og með 1. desember 1980 skulu þeir, sem réttar nióta skv. I. kafla laga þessara, fá viðbót, er nemur 3 stigum umfram þann stigafjölda, sem önnur ákvæði þessara laga kveða á um.

Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla laganna og til sérstakrar upphótar skv. 21. gr. laganna og skal horin uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Viðbót skv. 2. gr. skerðir ekki þann rétt, sem 6. mör. 12. gr. segir til um.

Þegar um er að ræða rétt skv. 13. gr. laganna skal veita viðbót skv. þessari grein í hlutfalli við þann rétt, sem reiknaður er skv. I. kafla laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. um réttindi vegna tímabilsins 1970—1980 skulu gilda frá 1. janúar 1980 að telja.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um loðdýrarækt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi um, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, eða ef dýr eru alin um stundarsakir vegna skinnnaframléiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýrabú nefnast búr og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörslu.

3. gr.

Eigi má flytja til landsins loðdýr, nema þau eða foreldrar þeirra hafi hlotið verðlaun á loðdýrasýningu eða þau séu af viðurkenndu góðu kyni að mati Búnaðarfélags Íslands.

Hverju innfluttu dýri skal fylgja vottorð dýralæknis í útflutningshöfn um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og aldur þeirra. Vottorð dýralæknis skal vera staðfest af viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum.

Leyfi til innflutnings loðdýra er háð samþykki yfirdýralæknis.

4. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýrabúum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum laga þessara.

5. gr.

Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýrabú, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um menntun og reynslu þeirra, sem eiga að sjá um hirðingu og meðferð dýranna. Umsóknum skulu einnig fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýrabúsins, gerð þess, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta á búinu. Enn fremur skal umsókninni fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar, skipulagsnefndar og heilbrigðisnefndar.

Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til stofnunar loðdýrabús að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Hvert leyfi má binda ákveðnum stærðarmörkum. Loðdýrarækt má hó ekki hefjast á búinu fyrr en trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands hefur gert úttekt á byggingum, vörslu og allri aðstöðu til staðfestingar því, að gerð búsins fullnægi ákvæðum laga og reglugerða.

Óski loðdýrabóndi að stækka bú sitt unfram það, sem tilgreint er í upphaflegu leyfi, skal hann sækja um það til landbúnaðarráðuneytisins.

Breytingar á húsum og stækkun þeirra skal taka út með sama hætti og nýbyggingar.

6. gr.

Búnaðarfélag Íslands annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar verða á grundvelli þeirra, sé fylgt.

7. gr.

Loðdýrabú skal minnst hafa tvöfalda vörn, svo dýr, sem þar eru, sleppi ekki úr vörslu.

Inngangur í loðdýrabú skal vera nægilega rúmur, með tveimur hurðum, og þannig um húsið, að ytri og innri hurð sé ekki hægt að hafa opnar samtímis.

Flutningur lífdýra milli loðdýrabúa og flutningur dýra til slátrunar skal fara fram í netbúrum og í lokuðu flutningatæki.

Um nánari gerð loðdýrabúa, rekstur svo og framkvæmd laga þessara að öðru leyfi skal skipað með reglugerð.

8. gr.

Loðdýrabú skulu byggð það fjarri þéttbýli og alfaraleiðum, að ekki hljótist af óþægindi eða ónæði fyrir byggð eða umferð.

Óheimilt er að valda ónæði á loðdýrabúum. Tjón eða skemmdir, sem verða af þeim sökum, varða sektum og bótaskyldu.

Komi sjúkdómar upp í loðdýrabúi, skal tafarlaust tilkynna það dýralækni. Verði vart við hundapest eða aðra sjúkdóma, sem ætla má að loðdýr geti sýkst af, skal dýralæknir tilkynna eigendum loðdýrabúa um hættuna, jafnframt því sem ráðstafanir séu gerðar til að fyrirbyggja, að sjúkdómar berist til loðdýrabúanna eða frá þeim.

9. gr.

Nú sleppa loðdýr úr vörslu, og skal þá sá, er vörsluna hefur, þegar í stað gera gangskör að því að handsama eða veiða dýrin og tilkynna jafnframt án tafar hvarfið til veiðistjóra og viðkomandi lögreglustjóra, og varðar sektum til ríkissjóðs, ef það er vanrækt.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Ítrekuð alvarleg brot af ásetningi, vanrækslu eða stórfelldu gáleysi skulu jafnframt valda leyfishafa réttindamissi til að reka loðdýrabú.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 68/1969, um loðdýrarækt.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Pálmi Jónsson.

L Ö G

um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að mynda sjóð, sem hafi það hlutverk að veita kaupstöðum og kauptúnum lán til kaupa á landi innan marka hlutaðeigandi sveitarfélags, enda telji sveitarstjórn nauðsyn á að eignast landið vegna almennra þarfa og ráðuneytið fallist á það sjónarmið.

Einnig er heimilt að veita í sérstökum tilfellum lán vegna nauðsynlegrar landfyllingar, þar sem skortur er á landi vegna þróunar byggðar.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytis, sem tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar svo og lántökur sjóðsins skv. 7. gr.

3. gr.

Einstök lán mega nema allt að 60% af kaupverði lands. Rétt er að synja um lánveitingu, ef ráðuneytið telur kaupverð lands óhæfilega hátt.

Kjör á útlánnum skulu vera í samræmi við útlánskjör fjárfestingarlánasjóða á hverjum tíma og kjör á lánnum, sem sjóðurinn tekur vegna starfsemi sinnar.

4. gr.

Til tryggingar lánnum skulu vera veð í hinu keypta landi svo og framlög til sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. lög nr. 73/1980. Eigi má selja land, sem keypt hefur verið skv. lögum þessum, nema samþykki ráðuneytisins komi til.

5. gr.

Auk lánveitinga skv. 2. og 3. gr. er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán vegna kaupa á landi, þannig að samanlögð lánveiting og ábyrgð nemi allt að 90% af kaupverði lands.

6. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er:

- a) Fé það, sem við gildistöku laga þessara er í sjóði skv. lögum nr. 41/1963 með síðari breytingum, svo og vextir og afborganir af því fé.
- b) Lán, sem sjóðurinn tekur skv. 2. gr. og 7. gr.
- c) Afborganir og vextir af veittum lánnum.

7. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán vegna sjóðsins svo að hann geti gegnt hlutverki sínu skv. 1. gr.

8. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast bókhald og fjárreiður sjóðsins. Heimilt er þó ráðuneytinu að semja við lánastofnun um að annast afgreiðslustörf fyrir sjóðinn, svo og bókhald og fjárreiður gegn ákveðinni þóknun.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal senda eintak af ársreikningum sjóðsins til ríkisbókhalds.

10. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, sem sveitarfélög kaupa, einnig þótt þau njóti ekki aðstoðar skv. lögum þessum. Sama gildir um önnur lánskjöf, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

11. gr.

Nú samþykkir félagsmálaráðuneytið að veita sveitarfélagi aðstoð skv. lögum þessum, en eigandi lands vill ekki selja eða samkomulag næst ekki um kaupverð, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi skv. lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41 frá 27. apríl 1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa og lög um breytingar á þeim lögum nr. 74/1963, 43/1972, 35/1973 og 50/1974.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög
nr. 55/1970 og lög nr. 30/1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. málsg. 5. gr. laganna komi ný málsg., svohljóðandi:
Í þeim bifreiðum, sem búnar eru öryggisbeltum skv. þessari grein, skulu og
vera hnakkapúðar af viðurkenndri gerð á framsætum. Ákvæði þetta gildir um
bifreiðar sem fluttar eru til landsins eftir 1. jan. 1983.

2. gr.

60. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 30/1977, breytist sem hér segir:

a. 2. málsg. orðist svo:

Heimilt er að aka á reiðhjólum og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef
það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn, sem fara
eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega víkja og hliðra til fyrir gangandi
vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða
reiðhjól.

b. 8. málsg. orðist svo:

Reglur greinar þessarar gilda einnig um létt bifhjól. Þó má ekki aka léttu bifhjólum
á gangstígum eða gangstéttum, eða flytja á því farþega. Ákvæði 4. mgr. 59. gr. gilda
og um öikumann léttis bifhjóls.

3. gr.

Á eftir 64. gr. komi nýr liður og ný grein, svohljóðandi:

H. Um notkun öryggisbelta í bifreiðum.

64. gr. a.

Hver sá, er situr í framsæti bifreiðar, sem búin er öryggisbelti, skal nota það
við akstur á vegum. Eigi er skylt að nota öryggisbelti við akstur aftur á bak. Sama
gildir um akstur á bifreiðastæðum, við bensinstöðvar eða við svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta,
ef heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður eru taldar gera slíka undanþágu brýna.

Eigi er skylt að nota öryggisbelti í leigubifreiðum til mannflutninga. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta við annan sérstakan akstur, eða við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hættu getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

4. gr.

2. málsl. 3. málsgr. 67. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 30/1977, orðist svo:
Vanræksla á notkun öryggisbúnaðar, sbr. 4. mgr. 59. gr., 8. mgr. 60. gr. og 64. gr. a, leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

5. gr.

83. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 55/1970, breytist sem hér segir:

a. 1. málsgr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar 19 menn í Umferðarráð til þriggja ára í senn.

b. Á eftir „Fræðslumálastjórn“ í 2. málsgr. komi: Heilbrigðis- og trygginga-
málaráðuneyti.

c. Á eftir „Ökukennarafélag Íslands“ í 2. málsgr. komi: Öryrkjabandalag Íslands.

6. gr.

Ákvæði 2.—4. gr. koma til framkvæmda 1. okt. 1981. Eigi skal þó refsa fyrir brot gegn 3. gr. fyrir en lokið er þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga sem hófst í september 1980.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

L Ö G

um vitamál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Yfirstjórn.**

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn vitamála.

2. gr.

Vitastofnun Íslands hefur með höndum framkvæmd vitamála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Vitamálastjóri veitir Vitastofnun Íslands forstöðu. Hann er skipaður af forseta Íslands, en gegnir jafnframt starfi hafnamálastjóra.

Ráðherra ræður annað starfslíð Vitastofnunar.

Við Vitastofnun skal starfa skipstjórnarmenntaður maður, ráðinn að fenginni umsögn Vitaneftdar. Hann skal m. a. annast eftirlit vitakerfisins.

II. KAFLI

Verkefni Vitastofnunar Íslands.

3. gr.

Verkefni Vitastofnunar Íslands er að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis siglinga við Íslandsstrendur og á fiskimiðunum í kringum landið, með þeim undantekningum, er síðar getur.

Til slíkra leiðbeininga teljast m. a. vitar og önnur föst merki á landi, fljótandi leiðarmerki og radiómerki til staðarákvörðunar.

Vitastofnun Íslands skal einnig hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningarkerfi, sem fyrir hendi eru á áðurgreindu svæði, og stuðla að útgáfu korta, er innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að sjófarendur geti notað áðurnefnd hjálpartæki. Vitastofnun Íslands skal hafa eftirlit af hálfu ríkisins með uppsetningu og rekstri leiðarmerkja, sem einstök sveitarfélög eða einstaklingar setja upp. Vitastofnunin skal annast, að beiðni Veðurstofu Íslands, veðurathuganir á vitastöðum. Þá fer Vitastofnunin með leiðsögumál, svo sem nánar er tilgreint í lögum.

III. KAFLI

Vitanefnd.

4. gr.

Vitanefnd, skipuð fulltrúum farmanna, útgerðarmanna og fiskimanna, skal hafa lagt fram álit sitt í öllum stefnumarkandi málum varðandi starfsemi Vitastofnunar Íslands áður en endanleg ákvörðun ráðuneytisins er tekin.

5. gr.

Vitanefnd skipa sex menn og jafnmargir varamenn til fjögurra ára í senn. Fimm skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka, sem tilnefna einn fulltrúa hvert: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og samtök ísl. farmflytjenda. Ráðherra skipar sjötta manninn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann Vitanefndar.

Vitamálastjóri situr fundi Vitanefndar.

Heimilt skal ráðherra, ef ástæða þykir til, að fjölga fulltrúum í Vitanefnd, enda miði fjölgunin að því, að sjónarmið notenda og þeirra, sem bera kostnað af starfi Vitastofnunar Íslands samkvæmt V. kafla þessara laga, komi sem best fram. Þá skal Landhelgisgæslunni, Flugmálastjórn, Siglingamálastofnun ríkisins, Rannsóknarnefnd sjóslysa og Slysavarnafélagi Íslands gefinn kostur á að eiga fulltrúa í Vitanefnd þegar rætt er um mál er snerta starfsemi viðkomandi aðila.

6. gr.

Formaður Vitanefndar kveður nefndina saman til funda svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Formaður undirbýr fundina ásamt vitamálastjóra. Vitanefnd skal fjalla um breytingar á álöggðu vitagjaldi, nýbyggingar vita, meiri háttar endurbætur og breytingar, rekstur vitakerfisins, svo og verulegar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi.

Þá skal nefndin segja álit sitt á uppsetningu nýrra leiðarmerkja á vegum annarra aðila en ríkisins. Einnig skal nefndin fjalla um niðurfellingu þeirra eða annarra hjálpargagna fyrir sjófarendur.

IV. KAFLI

Landsvitar og hafnarvitar.

7. gr.

Vitakerfi Íslands greinist í tvo meginþætti, landsvita og hafnarvita.

Til landsvitakerfisins heyra í meginatriðum allir þeir vitar og önnur leiðarmerki, er telja má að þjóni almennum siglingum við ströndina ásamt fiskveiðum.

Hafnarvitar teljast þeir vitar og önnur leiðarmerki, er eingöngu eru reist til að leiðbeina skipum inn á hafnarsvæði eða um ákveðnar hafnir. Með hafnarsvæði er hér átt við það svæði, er lögsaga hafnarinnar nær yfir.

Við ákvörðun um, hvaða leiðarmerki skulu tilheyra landsvitakerfinu, skal leita álits Vitanefndar.

Ef hafnarstjórn eða einstaklingur vill setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur, skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við Vitastofnun Íslands, sem leitar umsagnar Vitanefndar um málið. Leiðarmerki má ekki taka í notkun fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu Vitastofnunar Íslands, sem þá sér um að merkið verði auglýst, svo sem nánar er greint í lögum þessum.

Vitastofnun Íslands skal sjá um að landsvitakerfið starfi svo sem til er ætlast og því er lýst í vitaskrá. Vitastofnunin skal jafnframt hafa eftirlit með hafnarvitum.

Hafnarstjórn eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til og sett upp leiðarmerki, er skuldbundinn til að viðhalda merkinu og tilkynna Vitastofnun Íslands tafarlaust um allar breytingar, er á því verða. Ef merki er ekki nægilega viðhaldið, að dómi Vitastofnunar, er henni heimilt að annast nauðsynlegar lagfæringar á kostnað eiganda. Óski hafnarstjórn eða einstaklingur að leggja niður eða breyta leiðarmerki, skal um það sótt til Vitastofnunar Íslands.

Vitastofnun Íslands getur, að fenginni umsögn Vitanefndar, krafist þess, að hafnarstjórn láti gera á eigin kostnað þá vita og önnur leiðarmerki, sem Vitastofnun Íslands telur nauðsynlegt til öryggis siglinga um viðkomandi hafnarsvæði.

8. gr.

Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki, er skyggi á leiðarmerki frá sjónum yfir þann boga sjóndeildarhringsins, sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Getur Vitastofnun Íslands látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess, ef brotið er á móti þessu.

Óheimilt er að setja upp ljós eða önnur merki, sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.

9. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til vitabygginga samkvæmt lögum þessum, svo og til íveruhúsa og búskapar handa vitagæslumönnum. Enn fremur til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa, að tekin verði í landi hans grjót, mól og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vitabyggingin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Um ákvörðun bóta skal farið eftir lögum nr. 11 6. apríl 1973 um framkvæmd eignarnáms.

V. KAFLI**Vitagjald.**

10. gr.

Til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands skal greitt vitagjald af skipum þeim, er sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Gjald þetta skal aðeins heimilt að nota í áðurnefndum tilgangi. Heimilt er að færa fjármagn á milli fjárlagaára.

11. gr.

Vitagjald skal greitt af brúttórúmlestatölu skips, eins og hún er mest.

Af öllum íslenskum skipum, stærri en 10 rúmllestir, skal greitt vitagjald einu sinni á ári. Af öllum erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greitt vitagjald við hverja komu til landsins, sem svarar til $\frac{1}{5}$ hluta af almenna vitagjaldinu, en þó aldrei oftar en 5 sinnum á hverju almanaksári. Heimilt er þó í reglugerð að ákveða lægra vitagjald en hér greinir fyrir erlend skemmtiferðaskip.

12. gr.

Vitagjald skal ákveðið í reglugerð að fengnum tillögum Vitaneftndar, svo og annað það, er snertir innheimtu gjaldsins.

VI. KAFLI**Upplýsingaskylda.**

13. gr.

Vitastofnun Íslands skal sjá um, að allar breytingar á leiðbeiningum til öryggis siglinga verði tilkynntar sjófarendum. Auglýsingar skulu birtar minnst mánaðarlega í Tilkynningum til sjófarenda, er Sjósmælingar Íslands gefa út.

Upplýsingar, er varða öryggi sjófarenda og ekki verða auglýstar með nægum fyrirvara í Tilkynningum til sjófarenda, skulu tilkynntar um strandstöðvar Landsímans og í útvarpi þegar þörf krefur.

Sérhverjum, sem annast rekstur leiðarmerkis, er skylt að koma tilkynningum um breytingar og bilanir til Vitastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má, en stofnunin sér síðan um birtingu þeirra. Á sama hátt ber öllum, sem verða varir við bilanir í vitakerfi landsins, að senda tilkynningar þar um til Vitastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má. Enn fremur skal Vitastofnun Íslands tilkynnt um alla farartálma, er verða á almennt siglingaleið og ekki er getið í sjókortum eða tilkynningum til sjófarenda.

VII. KAFLI**Farartálmar.**

14. gr.

Ef skip eða annað fljótandi far ferst eða strandar á siglingaleið, ber eiganda þess að tilkynna um atburðinn tafarlaust til Vitastofnunar Íslands, sem síðan merkir staðinn, ef ástæða er talin til.

Eiganda farsins skal skylt að fyrirmælum Vitastofnunar Íslands að gera þær ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til öryggis fyrir almennar siglingar og fiskveiðar.

Að liðnum gefnum fresti getur Vitastofnun Íslands á kostnað eiganda fjarlæggt hverja þá farartálma eða flök, sem hér um ræðir.

Kostnaður við merkingu farartálma skal greiddur af eiganda hans.

VIII. KAFLI

Vitavarsla.

15. gr.

Sérhver viti eða annað leiðarmerki skal vera í vörslu ábyrgs umsjónarmanns. Leiðarmerki, sem eru í eign hafnarsjóða, skulu talin í ábyrgð hafnarstjóra eða hafnarvarðar, og er hafnarstjórn skylt að senda Vitastofnun Íslands tilkynningu um, hver sé ábyrgðarmaður merkisins.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Ráðuneytið skal setja reglugerð til nánari skýringar á lögum þessum. Í reglugerðinni skulu jafnframt vera ákvæði um skipulag og starfshætti Vitastofnunar Íslands, þar sem stefnt skal að sem mestri hagræðingu og samvinnu hennar og Hafnamálastofnunar ríkisins.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 20 22. september 1899; 23 11. júlí 1911; 16 14. júní 1929; 43 14. júní 1929; 43 19. júní 1933; 31 13. júní 1937; 63 7. maí 1940; 50 11. júní 1960 og 61 29. maí 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurskoða skal vitakerfið með tilliti til skiptingar í landsvita og hafnarvita. Skal ríkisstjórninni heimilað að afhenda hafnarstjórnnum leiðarmerki til eignar og reksturs, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Á sama hátt er vitamálastjóra heimilt fyrir hönd ríkisins að taka við leiðarmerki frá viðkomandi hafnarstjórn til eignar og reksturs, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir.

Skal þessari endurskoðun lokið innan eins árs frá gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ayse Selcan (Stella María Blöndal), barn í Reykjavík, f. í Tyrklandi 30. mars 1980.
2. Bareuther, Gudrun, húsmóðir í Reykjavík, f. í V-Þýskalandi 28. september 1936.
3. Boysen, Astrid, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 8. febrúar 1969.
4. Bronwyn Kolbrún Kjartansdóttir, barn í Vestmanneyjum, f. á Íslandi 6. febrúar 1980.
5. Butt, David John, bifvélavirki á Akranesi, f. í Englandi 15. október 1947.
6. Castros, Julie Victoria, barn í Reykjavík, f. í U.S.A. 24. mars 1975.
7. Clarke, Michael John, tónlistarkennari á Akureyri, f. í Englandi 6. ágúst 1949.
8. Clifford, Helene Arndís, verkakona í Vestmannaeyjum, f. á Íslandi 18. október 1963.
9. Dannheim, Margrét Dalhoff, húsmóðir í Reykjavík, f. í Reykjavík 13. mars 1938.
10. Deuydt, Hervé Maurice Alexandre Claude, kennari í Reykjavík, f. í Frakklandi 13. október 1957. Fær réttinn 18. nóv. 1981.
11. Diano, Christina Kristensen, barn í Keflavík, f. í Keflavík 8. febrúar 1979.
12. Diano, Theodora Kristensen, barn í Keflavík, f. á Spáni 10. júlí 1973.
13. Driscoll, Kári, barn á Egilsstöðum, f. á Íslandi 6. apríl 1980.
14. Duffield, Mark Peter, nemandi á Neskaupstað, f. í Englandi 28. nóvember 1963.
15. Enos, James Páll, nemi í Reykjavík, f. 12. febrúar 1964 í Bandaríkjunum.
16. Enos, Mary Ann, starfsstúlka á Seltjarnarnesi, f. í Bandaríkjunum 3. desember 1962.
17. Garner, Margaret Anne, kennari í Reykjavík, f. í Englandi 19. janúar 1942.
18. Gehrig, Ursula Friedel Else, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 4. febrúar 1941.
19. Guðmundson, Sólbjartur Thorbergsson, vélgæslumaður á Akranesi, f. í Færeyjum 20. ágúst 1950.
20. Guðrún Dóra Ingvarsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 29. janúar 1980.
21. Hansen, Kari Lund, siúkraliði í Reykjavík, f. í Noregi 14. mars 1935.
22. Helgi Sigurður Karlsson, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 25. apríl 1980.
23. Hintze, Hanne, húsmóðir í Mosfellssveit, f. í Danmörku 4. ágúst 1937.
24. Inaba, Takako, kerfisfræðingur í Kópavogi, f. í Japan 1. júní 1946.
25. Jouhki, Ritva Leena, húsmóðir í Reykjavík, f. í Finnlandi 14. júní 1946.
26. Kunz, Keneva Ann, kennari í Hafnarfirði, f. í Kanada 28. júní 1953.
27. Künstlich, Catherine Dory Anne, menntaskólakennari í Reykjavík, f. í Frakklandi 16. ágúst 1937.
28. Leplar, Cynthia Carrie, húsmóðir í Reykjavík, f. í Reykjavík 5. september 1953.
29. Lilleskog, Anny Petra, húsmóðir á Svalbarðsströnd, f. í Noregi 10. júlí 1944.
30. Lockhart, Peter James, verslunarmaður á Seltjarnarnesi, f. í Englandi 5. maí 1918.
31. Mazmanian, Robert, verkamaður í Reykjavík, f. í Líbanon 6. apríl 1959. Fær réttinn 8. desember 1981.

32. Mellk, Robert, kennari í Reykjavík, f. í U.S.A. 25. ágúst 1948.
33. Midjord, Friðbjörg, húsmóðir í Breiðdal, f. í Færeyjum 18. júní 1943.
34. Ohl, Elisabeth Margarethe, auglýsingateiknari í Reykjavík, f. í Þýskalandi 15. maí 1932.
35. Olsen, Henry Svenning Winther, sjómaður í Stykkishólmi, f. í Færeyjum 3. nóvember 1940.
36. Perkins, Wayne Dexter, tölvustjóri í Garðakaupstað, f. í Bandaríkjunum 24. janúar 1952.
37. Platek, Elvira, húsmóðir í Njarðvík, f. í Ástralíu 18. mars 1954.
38. Pretlove, Brenda Darlene, húsmóðir í Garðakaupstað, f. í Englandi 15. janúar 1952.
39. Raschofer, Alois, kjötiðnaðarmaður í Reykjavík, f. í Austurríki 10. desember 1936.
40. Rasmussen, Anna Ingeborg, barn á Akureyri, f. á Íslandi 21. janúar 1974.
41. Ridgwell, Peter John Colin, kennari í Reykjavík, f. í Englandi 18. nóvember 1942.
42. Ryan, Thomas William, verkamaður í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 22. janúar 1960.
43. Sokolov, Nikolaj Alexandrovits, sameindalíffræðingur í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 22. apríl 1946. Fær réttinn 8. nóv. 1981.
44. Spencer, Carl John, skrifstofustjóri í Reykjavík, f. í Kanada 13. október 1943.
45. Szebesta, Karol Zdzislaw, sjómaður í Reykjavík, f. í Póllandi 21. ágúst 1947. Fær réttinn 28. des. 1981.
46. Sönderholm, Inger, nemi í Reykjavík, f. í Reykjavík 6. mars 1962.
47. Thorsteinsson, Ásbjörg, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 13. nóvember 1937.
48. Villalobos, Ricardo Eloy, tækniteiknari í Reykjavík, f. í Perú 27. október 1945.
49. Wright, Linda, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 26. mars 1955.
50. Zawadzki, Ryszard Janusz, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. í Póllandi 2. nóv. 1950.
51. Þórunn Guðmundsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Kolumbíu 1. ágúst 1974.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taki sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 3. júní 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

L Ö G

um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Sölustofnun lagmetis er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili og varnarþing hennar er í Reykjavík.

Aðilar Sölustofnunarinnar eru þeir framleiðendur á sviði lagmetisiðnaðar, sem framleiða lagmeti til útflutnings.

2. gr.

Hlutverk Sölustofnunar lagmetis er að efla á skipulegan hátt framleiðslu og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, svo og á rækju og öðrum skelfiski fyrir aðila stofnunarinnar, sé þess óskað. Í því skyni skal stofnunin m. a.:

- a) annast sölu og dreifingu á áðurnefndum sjávarafurðum og skipuleggja markaðsleit og markaðsöflun erlendis með upplýsinga-, auglýsinga- og þjónustustarfsemi eins og nauðsynlegt telst og fjárhagsgeta leyfir hverju sinni.
- b) annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa, þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn. Sölustofnun lagmetis hefur einkarétt til sölu og útflutnings á lagmeti til þeirra landa, sem ákvæði þetta nær til. Þó er viðskiptaráðherra heimilt í einstökum tilvikum að veita aðila utan stofnunarinnar undanþágu frá einkaréttarákvæði þessu, enda sýni aðilinn fram á að hann geti fengið hagkvæmara verð en stofnunin. Leita skal umsagnar stjórnar Sölustofnunar lagmetis áður en slík undanþága er veitt.
- c) stuðla eftir föngum að auknu og bættu gæðaeftirliti með framleiðslu aðila stofnunarinnar á öllum stigum framleiðslunnar, í þeim tilgangi að tryggja að sem best sé vandað til framleiðslunnar og hún uppfylli staðlaðar kröfur.
- d) stuðla að samræmingu framleiðslu verksmiðjanna eftir áætlaðri þörf og markaðshorfum hverju sinni.
- e) annast sameiginlegan innflutning fyrir aðila stofnunarinnar eftir því sem óskað er og leitast við að tryggja aðildarverksmiðjunum þær umbúðir, sem nauðsynlegar eru.
- f) stuðla að hagkvæmri öflun hráefnis til aðildarverksmiðjanna, og skal að því stefnt að hráefni til lagmetisiðnaðar sé ekki flutt úr landi óunnið, þegar íslenskur lagmetisiðnaður býr við hráefnisskort.
- g) stuðla að aukinni fjölbreytni í framleiðslu aðildarverksmiðjanna og vöruþróun.

3. gr.

Öllum framleiðendum lagmetis til útflutnings er heimil aðild að Sölustofnun lagmetis. Aðilar geta ekki slitið aðild sinni nema með eins árs fyrirvara miðað við áramót. Með aðild sinni fela lagmetisframleiðendur stofnuninni sölu á allri framleiðslu sinni á lagmeti erlendis og er þeim óheimilt að selja vöru sína úr landi án milligöngu eða heimildar stofnunarinnar.

Öll framleiðsla, sem seld er á vegum stofnunarinnar, skal bera vörumerki hennar eða þá vörumerki sem stjórn hennar samþykkir hverju sinni.

Félagsaðilum ber að lúta þeim fyrirmælum stjórnarinnar, sem hún setur með það fyrir augum að auka gæði framleiðslunnar. Er stjórn stofnunarinnar heimilt að neita um leyfi til útflutnings á þeirri framleiðslu, sem ekki stenst þær kröfur sem gerðar eru um gæði og skal framleiðandi bera allan skaða af slíku banni.

Stofnunin skal tilkynna viðskiptaráðuneytinu árlega nöfn félagsaðila og er ráðuneytinu óheimilt að veita félagsaðilum útflutningsleyfi í eigin nafni án samþykkis stofnunarinnar.

4. gr.

Framleiðendur, sem eiga aðild að stofnuninni, mynda fulltrúaráð, sem skipað er einum fulltrúa fyrir hvern aðila.

Stjórn stofnunarinnar skipa fimm menn og jafnmargir varamenn þeirra. Fulltrúaráð kys á fundi sínum fimm aðalmenn í aðalstjórn og fimm varamenn þeirra til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Á sama hátt kys fulltrúaráðið tvo endurskoðendur og varamenn þeirra.

Atkvæðisréttur á fulltrúaráðsfundum aðila stofnunarinnar ákvarðast af verðmæti þeirrar vöru, sem stofnunin hefur flutt út fyrir aðilann á síðasta reikningsári. Enginn má þó fara með meira en 15% alls atkvæðamagns.

Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda árlega eigi síðar en í júní ár hvert. Aukafundi skal boða þegar þurfa þykir. Fulltrúaráð skal boða til aukafundar ef tveir stjórnarmenn eða helmingur fulltrúaráðs krefst þess. Fundir fulltrúaráðs skulu boðaðir með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan jafn-sannanlegan hátt með minnst viku fyrirvara.

Á aðalfundi fulltrúaráðs skal afgreiða ársreikning Sölustofnunar lagmetis fyrir liðið reikningsár og leggja fram sölu-, framleiðslu- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samráði við stjórnina.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar. Stjórnin tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

5. gr.

Hver félagsaðili ber fulla ábyrgð gagnvart stofnuninni á framleiðslu þeirri, sem hann afhendir stofnuninni til sölumæðferðar. Verði stofnunin skaðabótaskyld gagnvart kaupanda vegna vörugalla, afhendingardráttar eða rangra eða villandi upplýsinga framleiðanda eða annarra sambærilegra ástæðna á stofnunin endurkröfurétt á viðkomandi félagsaðila.

6. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist stofnsjóður. Árleg greiðsla aðila í sjóð þennan skal nema 3% af fob-andvirði þeirrar vöru, sem stofnunin selur fyrir aðila. Stofnsjóður stendur sem lán aðila til stofnunarinnar og má verja fé hans í þarfir stofnunarinnar eftir ákvörðun stjórnarinnar. Stofnsjóður er eign aðila og skiptist milli þeirra í réttu hlutfalli við útflutningsverðmæti hvers og eins og færast á sérstakan reikning hvers aðila.

Stjórn stofnunarinnar ákveður árlega ársvexti af stofnsjóðsinneign.

Félagsaðilar bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum stofnunarinnar með stofnsjóðseign sinni.

Stofnsjóður fellur til útborgunar til félagsaðila á næstu fimm árum eftir að hann hættir að vera félagi eða við félagsslit. Stjórn stofnunarinnar er þó heimilt

að greiða inneignir úr stofnsjóði fyrr, ef sérstakar ástæður mæla með því að dómi þeirrar stjórnar.

7. gr.

Sölustofnun lagmetis verður aflag tekna til starfseminnar á eftirfarandi hátt:

- a) Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd stofnunarinnar lán sem nemur allt að 5 milljónum króna skv. nánari skilyrðum sem hann setur.
- b) Félagsaðilar greiða sölulaun til stofnunarinnar og skal hundraðshluti þeirra ákveðinn af stjórn félagsins.
- c) Stofnuninni er heimilt að taka umboðslaun fyrir þær vörur, sem hún flytur inn eða útvegar samkvæmt ákvörðun stjórnar.
- d) Stofnunin skal taka greiðslur fyrir veitta þjónustu til einstakra aðila, svo sem vegna tækniráðgjafar og vörubrúnar, sem stjórnin setur nánari reglur um.

8. gr.

Starfsemi Sölustofnunar lagmetis verður ekki hætt nema samþykkt verði með tveimur þriðju hlutum alls atkvæðamagns á tveimur fulltrúaráðsfundum í röð, þar sem ákvörðun um félagslit eru eina mál á dagskrá. Eignir stofnunarinnar skulu skiptast í hlutfalli við stofnsjóðsinneign félagsaðila á slitadegi eftir að greiddar hafa verið stofnsjóðsinneignir og aðrar skuldbindingar stofnunarinnar.

II. KAFLI

9. gr.

Greiða skal iðnlánasjóðsgjald af lagmetisiðnaði skv. lögum um Iðnlánasjóð nr. 68 19. október 1967 ásamt síðari breytingum.

Lagmetisiðnaðurinn er undanþeginn útflutningsgjöldum af sjávarafurðum.

III. KAFLI

10. gr.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins skal vera sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Hlutverk hans er að efla lagmetisiðnaðinn m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflun erlendis. Í þessu skyni er stjórn sjóðsins heimilt að veita framleiðendum lagmetis til útflutnings og Sölustofnun lagmetis óendurkræfa styrki eða lán með hagkvæmum kjörum samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins hverju sinni. Ekki má verja fé sjóðsins til rekstrarstyrkja eða lána.

Iðnaðarráðherra skipar Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins fimm manna stjórn og jafnmarga til vara með eftirfarandi hætti: Einn samkvæmt tilnefningu Sölustofnunar lagmetis eða síðar sölusamtaka lagmetisframleiðenda, einn samkvæmt tilnefningu Iðntæknistofnunar Íslands, einn skv. tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn skv. tilnefningu sjávarútvegsráðherra, sem sé á árinu 1981 valinn í samráði við Samtök grásleppuhrognaf framleiðenda og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, en síðar eftir ábendingu sölusamtaka íslenskra fiskframleiðenda, einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Á sama hátt fer um varamenn þeirra.

11. gr.

Tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins eru fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti.

Fullvinnslugjald þetta skiptist þannig:

- a) 1% af fob-verði saltaðra grásleppuhrognna og skal innheimta þessa gjalds falla niður 1. apríl 1982.
- b) 1% af fob-verði lagmetis.
- c) 3% af fob-verði saltaðra matarhrognna og frystra þorskhrognna.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjald í lögum nr. 5 13. febrúar 1976.

Enn fremur skal með sama hætti innheimta 1% gjald af fob-verði saltaðra grásleppuhrognna fram til 1. apríl 1982 og renni andvirði þess til Samtaka grásleppuhrognafraframléiðenda.

12. gr.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum stjórnar Sölustofnunar lagmetis og stjórnar Þróunarsjóðs lagmetis-iðnaðarins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum. I. kafli þessara laga, þ. e. greinar 1—8 að báðum meðtöldum, fellur úr gildi 31. desember 1982.

Gjört í Reykjavík 4. júní 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

L Ö G

um stálbræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast eignaraðili að Stálfélaginu hf. og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutfé þess, enda verði hlutfé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði stálbræðslunnar.

2. gr.

Í tengslum við aðild sína að hlutfélaginu er ríkisstjórninni heimilt:

3. An amendment shall take effect for the Contracting Parties 120 days following the date of the notification by the Depositary of receipt of written notification of approval by three-fourths of all Contracting Parties, unless any other Contracting Party notifies the Depositary, within 90 days of the date of the notification by the Depositary of such receipt, that it objects to the amendment, in which case the amendment shall not take effect for any Contracting Party. A Contracting Party which has objected to an amendment may at any time withdraw its objection. If all objections to an amendment are withdrawn, the amendment shall take effect for the Contracting Parties 120 days following the date of the notification by the Depositary of receipt of the last withdrawal.

4. A Party which ratifies, accepts, approves or accedes to this Convention after an amendment has been adopted in accordance with paragraph 2 shall be deemed to have approved the said amendment.

5. The Depositary shall promptly notify the Contracting Parties of the receipt of notifications of approval of amendments, the receipt of notification of objection or withdrawal of objections, and the entry into force of amendments.

20. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar frá 18. nóvember 1980 til 28. febrúar 1981 fyrir eftirtalda aðila: Búlgariu, Danmörku vegna Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Finnland, Ísland, Kúbu, Noreg, Pólland, Portúgal, Sovétríkin, Spán, Svíþjóð og Þýska alþýðulýðveldið. Hann skal fullgiltur, staðfestur eða samþykktur svo fljótt sem auðið er og skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki komið í vörslu ríkisstjórnar Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands sem nefnt er í samningi þessum „vörsluríkið“.

2. Samningur þessi öðlast gildi eftir að ekki færri en sjö þeirra sem hafa undirritað hann hafa lagt fram skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, að því tilskildu að meðal þeirra hafi a. m. k. þrjú fiskveiðilögsögu á samningssvæðinu. Hafi samningur þessi hins vegar ekki öðlast gildi innan árs frá þeim degi er hann var lagður fram til undirritunar, en ekki færri en fimm þeirra sem hafa undirritað hann hafa lagt fram skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, þar á meðal þrjú sem hafa fiskveiðilögsögu á samningssvæðinu, geta þessir aðilar samþykkt sín á milli með sérstakri bókun dagsetningu þá er samningur þessi öðlast gildi; með tilliti til hvers þess aðila sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir síðar öðlast samningur þessi gildi þann dag er hann leggur fram skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

3. Sérhver þeirra aðila sem nefndur er í 1. mgr. og ekki hefur undirritað samning þennan getur gerst aðili að honum hvenær sem er eftir að hann hefur öðlast gildi samkvæmt 2. mgr.

4. Sérhvert ríki sem ekki er nefnt í 1. mgr. að framan, nema aðildarríki Efnahagsbandalags Evrópu, getur gerst aðili að samningi þessum hvenær sem er eftir að hann hefur öðlast gildi samkvæmt 2. mgr., að því tilskildu að umsókn um aðild þess ríkis hljóti samþykki þriggja fjórðu hluta allra samningsaðila.

Umsókn um aðild skal senda skriflega til vörsluríkisins sem skal tilkynna öllum samningsaðilunum um hana. Umsóknin er samþykkt ef, innan 90 daga frá dagsetningu slíkrar tilkynningar, þrjú fjórðu allra aðila þeirra, sem samningur þessi hefur þá öðlast gildi gagnvart, hafa tilkynnt

Article 20

1. This Convention shall be open for signature from 18 November 1980 to 28 February 1981 by **the following Parties: Bulgaria, Cuba, Denmark** in respect of the Faroe Islands, the European Economic Community, Finland, the German Democratic Republic, Iceland, Norway, Poland, Portugal, Spain, Sweden and the Union of Soviet Socialist Republics. It shall be ratified, accepted, or approved as soon as possible and the instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, referred to in this Convention as „the Depository“.

2. This Convention shall enter into force upon the deposit of instruments of ratification, acceptance or approval by not less than seven Signatories, provided that these include at least three Signatories exercising fisheries jurisdiction within the Convention Area. If, however, this Convention has not entered into force one year from the date on which this Convention is opened for signature, but not less than five Signatories have deposited instruments of ratification, acceptance or approval, including at least three Signatories exercising fisheries jurisdiction within the Convention Area, these Signatories may agree among themselves by special protocol on the date on which this Convention shall enter into force; in that case this Convention shall enter into force with respect to any Party that ratifies, accepts or approves thereafter on the date of deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

3. Any of the Parties referred to in paragraph 1 which has not signed this Convention may accede thereto at any time after it has entered into force in accordance with paragraph 2.

4. Any State not referred to in paragraph 1, except a Member State of the European Economic Community, may accede to this Convention at any time after it has entered into force in accordance with paragraph 2, provided that an application for accession of that State meets with the approval of three-fourths of all the Contracting Parties.

An application for accession shall be addressed in writing to the Depository which shall notify all Contracting Parties thereof. The application is approved if within 90 days from the date of such notification three-fourths of all the Parties in respect of which this Convention has already en-

vörsluríkinu um samþykki sitt á umsókninni.

Vörsluríkið skal tilkynna ríki því sem sækir um aðild og öllum samningsaðilunum um afgreiðslu umsóknarinnar.

5. Aðild skal ná fram með því að koma skjölum um aðild til vörsluríkisins og skal öðlast gildi á móttökudegi. Frá þeim degi skal hver sá aðili sem gerist aðili að samningi þessum vera bundinn af ályktunum sem eru, þegar hann gerist aðili, bindandi fyrir alla aðra samningsaðila svo og ályktunum sem eru þá bindandi fyrir einn eða fleiri samningsaðila og ekki eru sérstaklega undanskildir af hálfu þess sem gerist aðili í aðildarskjal hans.

6. Vörsluríkið skal tilkynna öllum þeim er undirritað hafa samninginn og öllum sem gerst hafa aðilar að honum um öll skjöl um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki og aðild sem komið hefur verið í vörslu, og skal tilkynna þeim er undirritað hafa um dagsetningu og þá aðila sem samningur þessi öðlast gildi gagnvart.

7. Vörsluríkið skal boða til fyrsta fundar nefndarinnar svo fljótt sem henta þykir eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi og skal senda bráðabirgðadagskrá til allra samningsaðilanna.

21. gr.

Hvenær sem er eftir að tvö ár eru liðin frá því að samningur þessi hefur öðlast gildi gagnvart samningsaðila getur sá aðili sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluríkisins. Sérhver slík uppsögn skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að hún hefur verið móttækin, og skal vörsluríkið tilkynna samningsaðilum um hana.

22. gr.

Samningi þessum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og eru textarnir á ensku og frönsku jafngildir. Vörsluríkið skal senda rétt staðfest endurrit til þeirra er hafa undirritað hann og gerst aðilar að honum og skal skrásetja samninginn í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í London hinn 18. nóvember 1980.

tered into force by that date have notified the Depositary of their approval of the application.

The Depositary shall notify the State applying for accession and all Contracting Parties of the result of the application.

5. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Depositary and shall take effect on the date of its receipt. As from that date any Party which accedes to this Convention shall be bound by the recommendations which are, at the time of its accession, binding on all the other Contracting Parties as well as by any other recommendations which are, at that time, binding on one or more of the Contracting Parties and are not specifically excluded by the acceding Party in its instrument of accession.

6. The Depositary shall inform all Signatories and all acceding Parties of all instruments of ratification, acceptance, approval or accession deposited, and shall notify Signatories of the date and the Parties in respect of which this Convention enters into force.

7. The Depositary shall call the first meeting of the Commission as soon as practicable after the entry into force of this Convention and shall communicate the provisional agenda to each Contracting Party.

Article 21

At any time after two years from the date on which this Convention has entered into force with respect to a Contracting Party, that Party may denounce the Convention by means of a notification in writing addressed to the Depositary. Any such denunciation shall take effect twelve months after the date of its receipt, and shall be notified to the Contracting Parties by the Depositary.

Article 22

This Convention, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited with the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland. The Depositary shall transmit duly certified copies to the Signatories and acceding Parties, and shall register the Convention in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at London this eighteenth day of November one thousand nine hundred and eighty.

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973, lög nr. 24/1976 og lög nr. 52/1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973, lög nr. 24/1976 og lög nr. 52/1980, bætist nýr töluliður, 7. töluliður, svohljóðandi:

7. Fyrir háttsemi, sem greinir í alþjóðasamningi um varnir gegn töku gísla sem lagður var fram til undirritunar 18. desember 1979. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi 103. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, mánudaginn 25. maí 1981.
Mun ég því slita Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1981

28. júlí 1981.

217

Nr. 71.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 28. júlí 1981.

Gunnar Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson.

28. júlí 1981.

Nr. 72.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð
nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands féllst hinn 17. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

2. mgr. 37. gr. orðist svo:

Ár hvert skulu aðrir en þeir, sem frumskrásettir eru til náms á tilteknu ári, láta skrásetja sig og greiða þá skrásetningargjald. Stúdentar hafa ekki rétt til þess að sækja fyrirlestra og æfingar og verða ekki skráðir til prófa, nema þeir séu skráðir í hinni árlegu skrásetningu. Þeir njóta ekki þeirra félagslegu friðinda, sem því er samfara að vera stúdent í háskólanum, sbr. 1. nr. 33/1968 um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands. Háskólaráð ákveður hvenær árleg skrásetning fer fram.

2. gr.

3. mgr. II 88. gr. orðist svo:

Halda skal áfangapróf í greinum 4, 5 og 6 miðuð við námsefni undanfarins árs, eins og það er hverju sinni, þegar gengið er undir próf. Áfangapróf kemur í stað annars þeirra prófa er fyrr getur ef stúdent hlýtur einkunnina 6.0 hið minnsta. Standist stúdent ekki áfangapróf má hann þreyta annað áfangapróf eftir reglum 1. málsl. þessarar greinar eða ganga undir 2. hluta próf. Standist stúdent áfangapróf má hann endurtaka það sem hluta af lokaprófi. Áfangapróf eru skrifleg, en heimilt er að leyfa stúdentum, sem innritaðir eru í lagadeild fyrir 1. júlí 1979 að ganga undir

A 28

munlegt áfangapróf, ef til kemur samþykki umsjónarkennara í kennslugrein og ósk meirihluta stúdenta, sem eiga eftir að ganga undir prófið.

3. gr.

Orðin „15. apríl“ í 1. og 2. mgr. III verði: 15. mars.

4. gr.

Orðin „6 ár“ í 2. málsl. 2. mgr. 89. gr. verði: 8 ár.

5. gr.

Orðin „8 ár“ í 3. málsl. 2. mgr. 89. gr. verði: 9 ár.

6. gr.

Á eftir 89. gr. komi eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:
Stúdentum skráðum í lagadeild á árinu 1977 og fyrr, sem þegar hafa þreytt áfangapróf í 2. hluta, en ekki staðist það, er heimilt að þreyta áfangapróf samkvæmt 88. gr. Þessi tilhögun gildir til vorprófa 1982.

7. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 28. júlí 1981.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 6. ágúst 1981.

Gunnar Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að ákveða nú þegar ráðstafanir til þess að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og gera honum kleift að þjóna markmiðum sínum og gæta hagsmuna þeirra, sem hlut eiga að máli. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið.

1. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir úfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1981, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum 2.286% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

2. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Liggi ríkisábyrgð fyrir, er sjóðsstjórn Verðjöfnunarsjóðs heimilt að taka lán í því skyni að gera einstökum deildum sjóðsins kleift að standa við skuldbindingar sínar. Lán þessi mega þó aldrei nema samtals meiru en 70% af heildarinnistæðu í Verðjöfnunarsjóði hverju sinni.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrir- mæli um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 28. ágúst 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 — 1981

Nr. 75.

220

14. september 1981.

LÖG

um tekjuskatt og eignarskatt

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 32. gr. laga nr. 25 21. maí 1981 hef látið fella meginmál laga nr. 7 22. febrúar 1980, laga nr. 20 7. maí 1980, laga nr. 2 13. febrúar 1981 og laga nr. 25 21. maí 1981 inn í lög nr. 40 18. maí 1978 og gef þau út svo breytt:

I KAFLI

SKATTSKYLDIR AÐILAR

Skattskylda manna

1. gr.

Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á þessum mönnum:

1. Þeim sem heimilisfastir eru hér á landi.
2. Þeim sem heimilisfastir hafa verið hér á landi en flutt úr landi og fellt hafa niður heimilisfesti sitt hér, nema þeir sanni að þeir séu skattskyldir í öðru ríki á sama hátt og menn heimilisfastir þar og hafi fullnægt þeim skattskyldum sínum. Skattskylda þessi gildir þó aðeins í þrjú ár frá næstu áramótum eftir brottflutningsdag.
3. Þeim sem dvelja hér á landi lengur en samtals 183 daga á sama almanaksári, þar með talin eðlileg fjarvera héðan af landi vegna orlofs og þess háttar.
4. Þeim sem eigi falla undir ákvæði 1.—3. tl. þessarar greinar en starfa samtals lengur en 183 daga á sama almanaksári, þar með talin eðlileg fjarvera frá starfi vegna orlofs og þess háttar, um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi.

Ríkisskattstjóri hefur úrskurðarvald um hverjir skuli teljast heimilisfastir hér á landi samkvæmt þessari grein. Við ákvörðun á heimilisfesti skal miðað við reglur laga um lögheimili, eftir því sem við á. Úrskurði ríkisskattstjóra má skjóta til dómstóla að stefndum ríkisskattstjóra vegna fjármálaráðherra.

Skattskylda lögaðila

2. gr.

Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á þessum lögaðilum:

1. Hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila, enda séu þau skráð hér á landi á lögmæltan hátt.
2. Gagnkvæmum váttryggingar- og ábyrgðarfélögum, kaupfélögum, öðrum samvinnufélögum og samvinnufélagasamböndum, enda séu þau skráð hér á landi á lögmæltan hátt.
3. Sameignarfélögum með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, enda sé félagið skráð í firmaskrá hér á landi, þess óskað við skráningu að félagið sé sjálfstæður skattaðili og við skráningu afhentur félagssamningur þar sem getið sé eignarhlutfalla eigenda, innborgaðs stofnfjár svo og hvernig félagsslitum skuli háttað. Senda skal skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga. Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geta ekki myndað sameignarfélag er sé sjálfstæður skattaðili.
4. Samlögum og samtökum sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsaðila sinna, innkaup á rekstrarvörum eða þjónustu í beinum tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi þeirra, enda séu þau skráð í firmaskrá hér á landi og þess getið við skráningu að þau séu sjálfstæðir skattaðilar. Við skráningu skal afhentur félagssamningur þar sem getið sé eignaraðildar, innborgaðs stofnfjár svo og hvernig félagsslitum skuli háttað. Senda skal skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga.
5. Öðrum félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum, sem hér eiga heimili, sbr. þó 6. tl. 4. gr., svo og dánarbúum, þrotabúum og öðrum búum sem hér er skipt.

Félag, sjóður eða stofnun telst eiga hér heimili ef það er skráð hér á landi, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi.

Sé þess ekki óskað við skráningu sameignarfélags að félagið sé sjálfstæður skattaðili eða fullnægi lögaðili skv. 1.—4. tl. þessarar greinar ekki skilyrðum til að teljast sjálfstæður skattaðili skal tekjum hans og eignum skipt milli félagsaðila í samræmi við félagssamning þeirra og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum félagsaðilanna. Kveði félagssamningur eigi á um skiptingu tekna og eigna skal þeim skipt milli félagsaðila eftir eignarhlutföllum. Ef eignarhlutföll eru ekki fyrir hendi eða þau óljós skal tekjum og eignum skipt jafnt milli félagsaðila.

Takmörkuð skattskylda

3. gr.

Takmarkaða skattskyldu bera þessir aðilar, enda falli þeir ekki undir ákvæði 1. eða 2. gr. eða séu undanþegnir skattskyldu skv. 4. gr.:

1. Allir menn sem dvelja hér á landi og njóta launa fyrir störf sín hér skulu greiða tekjuskatt af þeim launum. Hér með teljast þeir menn sem atvinnu stunda hér á landi, eða um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi, þótt dvöl þeirra eða starf vari 183 daga eða skemmri tíma á sama almanaksári.
2. Allir menn sem njóta frá íslenskum aðilum launa fyrir störf, þar með talin stjórnar-, endurskoðenda- eða nefndarstörf, eftirlauna, biðlauna, lífeyris, styrkja eða hliðstæðra greiðslna skulu greiða tekjuskatt af þeim greiðslum.
3. Allir aðilar sem fá greiðslu fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi hér á landi skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.

4. Allir aðilar sem reka hér á landi fasta starfsstöð, taka þátt í rekstri fastrar starfsstöðvar eða njóta hluta af ágóða slíkrar starfsstöðvar skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.
5. Allir aðilar sem eiga fasteign hér á landi eða hafa rétt yfir fasteign hér á landi er þeir hafa af tekjur eða teljast hafa af tekjur samkvæmt ákvæðum laga þessara skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.
6. Allir aðilar sem hafa hér á landi tekjur af leigu, afnotum eða rétti til hagnýtingar á lausafé, einkaleyfum, hvers konar réttindum eða sérþekkingu skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.
7. Allir aðilar sem hafa tekjur af íslenskum hlutabréfum, stofnbréfum eða öðrum réttindum til hlutdeildar í hagnaði eða af rekstri íslenskra fyrirtækja skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.
8. Erlendir sendiherrar, sendiráðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja hér á landi og aðrir, sem úrlendisréttar njóta, skulu greiða tekjuskatt af tekjum sem þeir njóta frá innlendum aðilum og af tekjum sem um er rætt í 4.—7. tl.
9. Allir aðilar sem eiga eignir sem skattskyldar tekjur gefa skv. 4.—8. tl. skulu greiða eignarskatt af þeim eignum.

Aðilar undanþegnir skattskyldu

4. gr.

Þessir aðilar greiða hvorki tekjuskatt né eignarskatt:

1. Forseti Íslands og maki hans.
2. Ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem hann rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á svo og Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands.
3. Sýslu- og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á.
4. Erlend ríki og alþjóðastofnanir, af fasteignum sem þær nota vegna viðurkenndrar starfsemi sinnar hér á landi.
5. Þeir lögaðilar sem um ræðir í 2. gr. og hér eiga heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.
6. Félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 5. tl. 2. gr., sem ekki reka atvinnu.
7. Aðilar sem undanþegnir eru skattskyldu með sérstökum lögum.

Skattskylda hjóna og barna

5. gr.

Hjón eru sjálfstæðir skattaðilar hvort um sig og skal þeim ákveðinn tekjuskattur og eignarskattur hvoru í sínu lagi.

6. gr.

Barn, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, er ekki sjálfstæður skattaðili sé það á framfæri foreldra sinna (þ. m. t. kjörforeldrar, stjúpfórelldrar, fósturfórelldrar). Þó skulu þær tekjur barns sem um ræðir í 1. tl. A-liðs 7. gr. skattlagðar sérstaklega.

II KAFLI SKATTSKYLDAR TEKJUR

Almenn ákvæði

7. gr.

Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru, svo sem:

A

1. Endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt er af hendi fyrir annan aðila. Hér með teljast til dæmis hvers konar biðlaun, starfslaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, eftirlaun og lífeyrir, fatnaður, fæði, húsnæði, risnufé, verkfærpeningar, ökutækjastyrkir, flutningspeningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki. Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli galdið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum.

Vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal hann telja sér til tekna sambærilegt endurgjald fyrir starf sitt og hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða á vegum þeirra aðila sem um ræðir í 2. gr. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf sem innt er af hendi af maka manns eða barni hans sé starfið innt af hendi fyrir framangreinda aðila.

2. Tryggingabætur, meðlög og styrkir. Skaðabætur og váttryggingafé vegna sjúkdóms, slysa, atvinnutaps eða launamissis og hvers konar aðrar skaðabætur og váttryggingabætur, sbr. þó 2. tl. 28. gr. Þó skal hvorki teljast til tekna barnalífeyrir, sem greiddur er skv. 14. gr. og 35. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum, vegna barns ef annað hvort foreldra er látið eða barn er ófæðrað, né heldur barnsmeðlag að því leyti sem það takmarkast af fjárhæð barnalífeyris skv. 14. gr. sömu laga. Meðlög eða framfærslulífeyrir til maka eða fyrrverandi maka telst ekki til tekna hjá móttakanda hafi hjónin slitið samvistum eða eftir lögskilnað, að því leyti sem greiðslur þessar takmarkast við sömu fjárhæð og lágmarksellilífeyrir (grunnlífeyrir) er til einstaklinga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

3. Endurgjald til höfunda og rétthafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða afnot eða sölu.

4. Verðlaun og heiðurslaun, vinningar í happdrætti, veðmáli eða keppni. Beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þar með talin afhending slíkra verðmæta í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða. Undanskildar eru þó tækifærisgjafir, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir.

B

Allar tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald fyrir selda vöru og þjónustu, umboðslaun, þóknanir, atvinnurekstrarstyrkir, rekstrarstöðvunarbætur og hvers konar tekjur sem upp eru taldar í öðrum liðum þessarar greinar og tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

C

1. Leigutekjur og arð af hvers konar lausafé, þar með talin skip og loftför.
2. Arð, landskuld og leigu eftir hvers konar fasteignir og fasteignaréttindi, þar með talin námaréttindi, vatnsréttindi, jarðvarmaréttindi, veiðiréttur og hvers konar önnur fasteignatengd hlunnindi.
Pegar heildarleigutekjur af einstökum íbúðum ná ekki hlunnindamati húsnæðis, sbr. 116. gr., skal reikna leiguna til tekna með því mati. Af íbúðarhúsnæði sem skattaðili á og notar til eigin þarfa skal hvorki reikna tekjur né gjöld.
3. Vexti, verðbætur, afföll og gengishagnað, sbr. 8. gr.
4. Arð af hlutum og hlutabréfum í félögum, sbr. 9. gr.
5. Fé sem félög þau sem um ræðir í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. færa félagsaðilum sínum til séreignar í stofnsjóði vegna viðskipta þeirra.
6. Fé sem félög þau sem um ræðir í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. greiða félagsaðilum sínum vegna viðskipta þeirra, enda séu þessi viðskipti í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi félagsaðilans eða sé varið til fjárfestingar í eignum sem notaðar eru í atvinnurekstri.
7. Fé sem félög þau sem um ræðir í 4. tl. 1. mgr. 2. gr. greiða félagsaðilum sínum út í hlutfalli við viðskipti þeirra eða færa þeim til séreignar, hvort heldur í stofnsjóð eða á annan hátt.
8. Hagnað af sölu eigna, sbr. 10.—27. gr.
9. Sérhverjar aðrar tekjur eða ígildi tekna sem eigi eru sérstaklega undanskildar í lögum þessum eða sérlögum.

Skattskyldir vextir, afföll og gengishagnaður

8. gr.

Til tekna sem vextir, afföll og gengishagnaður skv. 3. tl. C-liðs 7. gr. teljast:

1. Vextir af innstæðum í innlendum bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga svo og vextir af verðbréfum sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum. Með vöxtum teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól og vexti, verðbætur á inneignir og kröfur sem bera ekki vexti og happdrættisvinningar sem greiddir eru í stað vaxta.
2. Vextir af stofnsjóðseign í félögum skv. 2. tl. 1. mgr. 2. gr.
3. Vextir hjá innlendum og erlendum aðilum af sérhverjum öðrum innstæðum og inneignum en um getur í 1. og 2. tl., þar með taldir vextir af víxlum, verðbréfum og öllum öðrum kröfum sem arð bera eða vexti. Með vöxtum teljast einnig áfallnar verðbætur og happdrættisvinningar á sama hátt og um getur í 1. tl.
4. Afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum. Afföllin skal reikna til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma. Sé krafan látin af hendi áður en afborgunartíma er lokið telst sá hluti affallanna, sem ekki hefur þegar verið tekjufærður en fæst endurgreiddur í sölu- og afhendingarverði, til tekna í einu lagi á afhendingar- eða söluári.
5. Gengishagnaður af hvers konar eignum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast við kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris í árslok.
Frá gengishagnaði ársins skal draga gengistap, sbr. 4. tl. 1. mgr. 51. gr., og færa mismuninn til tekna sem gengishagnað.

Til tekna sem verðbætur og gengishagnaður af kröfum eða inneignum manna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, teljast þó aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengishagnaður á afborganir og vexti.

Skattskyldur arður, jöfnunarhlutabréf

9. gr.

Til arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda eða hluthafa er telja verður sem tekjur af hlutareign þeirra í félaginu. Til arðs telst þó ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa sem hefur ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareiganda eða hluthafa í hlutafélagi og telst því ekki heldur til skattskyldra tekna hlutareigandans. Útgáfa bréfanna skal byggð á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félagsins í lok þess árs sem næst er á undan útgáfuári, að teknu tilliti til opinberra gjalda sem tengd eru því ári. Til hreinnar eignar félagsins í þessu sambandi telst þó ekki varasjóður, sbr. 12. tl. 1. mgr. 31. gr. Samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna má ekki vera herra en svarar til hækunar á hlutafé félagsins í samræmi við almennar verðhækkanir frá 1. janúar 1979 eða frá stofnun hlutafélags eða innborgun hlutafjár eftir þann tíma. Ríkisskattstjóri ákveður hvernig reikna skal hina almennu verðhækkun. Arður af eigin hlutum eða hlutabréfum hlutafélags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

Nú er félagi slitið án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 56. gr., og skal þá teljast til arðs úthlutun við félagsslit umfram hlutafé félagsins, þ. e. nafnverð bréfanna, þar með talið nafnverð útgefinna jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum. Skiptir ekki máli í því sambandi hvenær eða fyrir hvaða verð hlutirnir eða hlutabréfin hafa verið keypt.

Sameiginleg ákvæði um söluhagnað eigna

10. gr.

Söluhagnaður eigna telst mismunur á söluverði þeirra og stofnverði, að teknu tilliti til fenginna fyrninga, áður fengins söluhagnaðar og verðbreytinga eftir því sem nánar er ákveðið í 11.—27. gr.

Stofnverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ. e. kaup- eða framleiðsluverð, ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu og sérhverjum öðrum kostnaði sem á eignirnar fellur, en að frádregnum óendurkræfum styrkjum, afsláttum, eftirgjöfum skulda og skaðabótum sem til falla í sambandi við kaup þeirra, framleiðslu, breytingar eða endurbætur.

Söluhagnaður eigna sem heimilt er að fyrna

11. gr.

Hagnaður af sölu eigna, sem heimilt er að fyrna skv. 32. gr., og af sölu réttinda, sem tengd eru þessum eignum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra, að frádregnum áður fengnum fyrningum hins vegar, þegar stofnverð og

fyrningar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr., sbr. einnig 36. gr.

12. gr.

Við ákvörðun söluhagnaðar af fyrnanlegum fasteignum, sem skattaðili hefur eignast fyrir árslok 1978, skal stofnverð og fengnar fyrningar ákvarðast í samræmi við endurmat þessara eigna á árinu 1979, sbr. bráðabirgðaákvæði IV að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 26. gr. eftir þann tíma.

13. gr.

Á því ári sem skattskyldur söluhagnaður eigna skv. 11. gr. færast til tekna er skattaðila heimilt að fyrna eignir, sem fyrnanlegar eru skv. 32. gr., um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Eigi skattaðili ekki eignir, sem hann getur fyrnt á þennan hátt á því ári þegar sala fer fram, getur hann farið fram á frestun skattlagningar á söluhagnaði um tvenn áramót, enda afli hann sér eigna sem fyrna má skv. 32. gr. innan þess tíma og fyrni þær um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Ef eignanna er ekki aflað innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist að viðbættu 10% álagi. Fyrning eða frestun tekjufærslu samkvæmt þessari málsgrein kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

Þegar skattskyldur söluhagnaður er ekki tekjufærður á söluári samkvæmt heimild í þessari grein skal hækka hann eða lækka samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. fram til þess árs þegar hann er tekjufærður.

Söluhagnaður eigna sem ekki er heimilt að fyrna

14. gr.

Hagnaður af sölu fasteigna, sem ekki er heimilt að fyrna skv. 32. gr., þar með talin ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, ófyrnanleg náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, svo sem lóðarréttindi, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 4. mgr. þessarar greinar, og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar. Við ákvörðun á söluhagnaði íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið sérstakri fyrningu skv. 3. mgr. 44. gr., skal sú fyrning dregin frá stofnverði framreiknuð með verðbreytingarstuðli fyrningarárs. Ef skattaðili hefur eignast hina seldu eign fyrir árslok 1978 er honum heimilt að nota gildandi fasteignamat í árslok 1979, að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 26. gr., í stað stofnverðs. Frá fasteignamati leigulóðar í þessu sambandi skal draga afgangsskvaðarverðmæti, sbr. 2. mgr. 1. tl. 74. gr.

Skattaðila er jafnan heimilt að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna í stað söluhagnaðar skv. 2. mgr.

Skattaðili getur farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðar af landi bújarða og ófyrnanlegum náttúruauðæfum á bújörðum um tvenn áramót frá söludegi, enda afli hann sér sams konar eignar eða íbúðarhúsnæðis til eigin nota í stað hinnar seldu innan þess tíma og færast þá söluhagnaðurinn framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Þessi meðferð söluhagnaðar er því aðeins

heimil að seljandi hafi haft búrekstur á hinni seldu eign að aðalstarfi í a. m. k. fimm ár á síðast liðnum átta árum næst á undan söludegi og stundi búrekstur á sama hátt á hinni keyptu bújörð eða noti hið keypta húsnæði fyrir eigin íbúð í a. m. k. tvö ár eftir kaupdag. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst söluhagnaðurinn, framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., með skattskyldum tekjum þess árs þegar skilyrðið er rofið, að viðbættu 10% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um söluhagnað af íbúðarhúsnæði sem er undir stærðarmörkum þeim er greinir í 16. gr. og er í eigu manna, sbr. 5. mgr. þeirrar greinar.

15. gr.

Hagnaður af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna skv. 32. gr., annars en hluta-bréfa og eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign. Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar.

Hagnaður manns af sölu lausafjár, sem ekki er notað í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, telst þó ekki til tekna, enda geri hann líklegt að sala þess falli ekki undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans eða að eignarinnar hafi ekki verið aflað í þeim tilgangi að selja hana aftur með hagnaði, sbr. 20. gr.

Söluhagnaður af íbúðarhúsnæði

16. gr.

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi maður átt hið selda húsnæði skemur en fimm ár, en hafi hann átt hið selda í fimm ár eða lengur telst söluhagnaðurinn ekki til skattskyldra tekna. Ákvæði þessarar greinar gilda aðeins um sölu íbúðarhúsnæðis sem er í eigu manna og aðeins að því marki sem heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis seljanda fer ekki fram úr 600 m³ á söludegi ef um einstakling er að ræða en 1 200 m³ ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut. Stærðarmörk þau sem gilda fyrir hjón gilda einnig um sölu eftirlifandi maka á íbúðarhúsnæði sem var í eigu hjónanna. Um söluhagnað af íbúðarhúsnæði umfram þessi mörk gilda ákvæði 14. gr. Ákvæði þeirrar greinar gilda einnig um meðferð söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði í eigu hvers konar lögaðila. Selji maður íbúðarhúsnæði innan árs frá því að hann keypti annað húsnæði eða innan tveggja ára frá því að hann hóf byggingu nýs íbúðarhúsnæðis, skal við ákvörðun á heildarrúmmáli íbúðarhúsnæðis í eigu seljanda við sölu miða við það heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis er var í eigu seljanda áður en hann keypti nýrra húsnæði eða hóf byggingu þess, enda sé söluandvirðinu varið til fjármögnunar á hinu nýja húsnæði.

Maður getur farið fram á frestun söluhagnaðar um tvenn áramót frá söludegi. Kaupi hann annað íbúðarhúsnæði eða hefji byggingu íbúðarhúsnæðis í stað þess selda innan þess tíma færast söluhagnaðurinn, framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum innan þessara tímamarka telst mismunurinn til skattskyldra tekna á kaupári hinnar nýju eignar. Ef eignarinnar er ekki aflað innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn, framreiknaður, með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist.

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði þess annars vegar og stofnverði þess að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr., hins vegar þegar

stofnverðið og söluhagnaðurinn hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.

Pegar maður selur íbúðarhúsnæði sem hann hefur byggt eða endurbætt og salan fer fram innan fimm ára frá því síðast var lagt í byggingarkostnað, skal einungis sá hluti söluhagnaðarins teljast skattskyldur sem svarar til þess hlutfalls af heildarbyggingarkostnaði sem í var lagt innan fimm ára frá söluþegi. Áður en þetta hlutfall byggingarkostnaðar er reiknað skal umreikna hann samkvæmt ákvæðum 26. gr.

Falli sala íbúðarhúsnæðis bæði undir ákvæði þessarar greinar og 14. gr. skal söluhagnaði skipt til skattlagningar í sama hlutfalli og er milli þess rúmmáls íbúðarhúsnæðis sem seljandi átti umfram 600 m³ á söluþegi eða 1 200 m³, eftir því sem við á, sbr. 1. mgr., og heildarrúmmáls hins selda húsnæðis.

Fjármálaráðherra skal ákveða með reglugerð hvernig reikna skuli rúmmál íbúðarhúsnæðis samkvæmt þessari grein.

Við útreikning á söluhagnaði af íbúðarhúsnæði skal ekki telja til stofnverðs eignauka vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Ákvæði þessarar greinar gilda um íbúðarhúsnæði án tillits til byggingarstigs og ná einnig til lóða eða lóðarréttinda sem slíku húsnæði fylgja, enda sé lóðin innan þeirra stærðarmarka sem almennt gerist um íbúðarhúsalóðir. Um söluhagnað lóðar umfram þessi mörk gilda ákvæði 14. gr.

Söluhagnaður af eignarhlutum í félögum

17. gr.

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hin seldu hlutabréf.

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa í hendi seljanda ákvarðast annað hvort sem samanlagt nafnverð hlutabréfanna og þeirra jöfnunarhlutabréfa sem hann hefur fengið úthlutað eða heimilt hefði verið að úthluta honum, eða sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr., sé það hærra. Kaupverð hlutabréfa sem skattaðili hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 56. gr. skal ákvarðast jafnt framreiknuðu kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi. Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt framreiknuðu meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

18. gr.

Hagnaður af sölu eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Hagnaður af sölu eignarhluta telst mismunur á söluverði hans annars vegar og kaupverði hins vegar. Kaupverð eignarhluta í hendi seljanda ákveðst sem hlutur hans í eigin fé félagsins í byrjun þess árs sem salan fer fram á eða sem raunverulegt kaupverð að frádreginni eigin úttekt, sé það hærra, þegar kaupverð og eigin úttekt hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. Til eigin fjár í þessu sambandi telst skattskyld hrein eign félagsins að meðtöldu stofnfé en að undanskildum 55% af skattalegum varasjóði, sbr. 12. tl. 1. mgr. 31. gr.

Ýmis ákvæði um söluhagnað

19. gr.

Söluverð eigna telst heildarandvirði þeirra að frádregnum beinum kostnaði við sölu.

20. gr.

Falli sala eigna undir atvinnurekstur skattaðila eða hafi eigna verið aflað í þeim tilgangi að selja þær aftur með hagnaði telst hagnaður af sölu þeirra ávallt að fullu til skattskyldra tekna á söluári án tillits til verðbreytinga, sbr. 26. gr. Með sama hætti telst söluhagnaður af rekstrarvörubirgðum og öðrum hliðstæðum eignum sem ætlaðar eru til notkunar í atvinnurekstri ávallt til skattskyldra tekna.

21. gr.

Bætur vegna altjóns eða eignarnáms teljast söluverð eigna, og reiknast söluhagnaður og fer um meðferð hans eftir ákvæðum 10.—27. gr. eftir því sem við á. Í slíkum tilvikum er skattaðila þó heimilt að færa skattskyldan söluhagnað til tekna með jöfnum fjárhæðum á allt að fimm árum, í fyrsta sinn á söluári. Ef um er að ræða eign sem ekki er heimilt að fyrna er heimilt að verja söluhagnaðinum til öflunar sams konar eignar innan þriggja ára. Söluhagnaðurinn telst þá ekki til tekna en færist til lækunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum telst mismunurinn til skattskyldra tekna.

Prátt fyrir frestun eða dreifingu skattskylds söluhagnaðar samkvæmt þessari grein skal honum ekki breytt samkvæmt verðbreytingarstuðli.

22. gr.

Hafi skattaðili eignast selt íbúðarhúsnæði við arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, skal við ákvörðun eignartíma við sölu miða við samanlagðan eignartíma arfleifanda og arftaka.

23. gr.

Tap á sölu eigna, sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, er ekki heimilt að draga frá skattskyldum tekjum. Áður en skattskyldur hagnaður af sölu eigna er ákveðinn má skattaðili þó draga frá heildarhagnaðinum það tap sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu sams konar eigna á sama ári.

Tap á sölu eigna sem notaðar er í atvinnurekstri er heimilt að gjaldfæra á söluári, sbr. 34. gr., þó ekki tap á sölu eigna þeirra sem um er rætt í 17. og 18. gr.

24. gr.

Pegar eign er látin af hendi við makaskipti skal það teljast sala hennar og fer um skattskyldu söluhagnaðar eftir ákvæðum 10.—27. gr. laga þessara.

Ef ákvörðun kaup- eða söluverðs í makaskiptasamningi er verulega frábrugðin því sem almennt gerist í hliðstæðum viðskiptum þar sem um beina sölu eða kaup er að ræða geta skattyfirvöld metið hvað telja skuli eðlilegt verð og miðað skattlagningu söluhagnaðar við það.

25. gr.

Pegar seld er sérgreind fasteign eða mannvirki, ásamt lóð, landi eða réttindum tengdum þessum eignum, í heild eða að hluta, skal söluverðinu skipt í sama hlutfalli og hinar seldu eignir eru metnar til fasteignamats á söludegi. Sama gildir um skiptingu söluverðs

mannvirkja eingöngu. Þegar um lóðarréttindi er að ræða skal afgjaldskvaðarverðmætið, sbr. 2. mgr. 1. tl. 74. gr., dregið frá fasteignamati áður en hlutfallið er reiknað.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um ákvörðun stofnverðs.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um skiptingu söluverðs milli mannvirkis og leigulóðar þegar selt er mannvirki sem stendur á leigulóð og endurmetið var í hendi seljanda á árinu 1979 á grundvelli upphaflegs stofnverðs.

26. gr.

Verðbreytingarstuðull til notkunar við ákvörðun á verðmæti eigna, söluhagnaði og fyrningum eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum skal reiknaður árlega, í fyrsta sinn fyrir árið 1980. Stuðullinn skal miðast við breytingu á meðaltalsbyggingarvísitölu milli ára, sbr. lög nr. 93/1975.

Ríkisskattstjóri skal birta verðbreytingarstuðul í lok hvers tekjuárs og gildir hann fyrir það ár.

27. gr.

Nú selur skattaðili eign með skattskyldum söluhagnaði og hluti söluandvirðis hennar er greiddur með skuldaviðurkenningum til þriggja ára eða lengri tíma og er honum þá heimilt að telja það hlutfall af söluhagnaðinum, sem svarar til hlutdeildar skuldaviðurkenninganna af heildarsöluverðmætinu, til tekna hlutfallslega eftir afborgunartíma skuldaviðurkenninganna, þó ekki á lengri tíma en sjö árum. Til skuldaviðurkenninga í þessu sambandi teljast ekki þær skuldir sem hvíla á hinni seldu eign og kaupandi tekur að sér að greiða. Skattstjóra skal tilkynnt um notkun þessarar heimildar með fyrsta framtali eftir sölundag. Þessa heimild má skattaðili þó aðeins nota að því marki sem hann hefur ekki getað notað hinn skattskylda söluhagnað til að fyrna aðrar eignir, eða lækka stofnverð sams konar eigna, í samræmi við ákvæði þessara laga.

Þrátt fyrir dreifingu skattskylds söluhagnaðar samkvæmt þessari grein skal honum ekki breytt samkvæmt verðbreytingarstuðli.

Sé heimild skv. 1. mgr. notuð kemur hún í stað annarra heimilda laga þessara til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar. Frestun tekjufærslu samkvæmt þessari grein kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

Hvað ekki telst til tekna

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna:

1. Eignaauki vegna arftöku, fyrirframgreiðslu arfs og dánargjafa, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur.
2. Eignaauki sem verður vegna greiðslu líftryggingarfjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu. Einnig skaðabætur og váttryggingabætur vegna tjóns á eignum sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, sbr. þó 21. gr. Lækka skal stofnverð eignar vegna tjónsins að svo miklu leyti sem bótagreiðslum er ekki varið til viðgerða vegna tjónsins.
3. Eignaauki sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga, enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila.
4. Eignaauki sem stafar af aukavinnu sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma við

- byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin afnota. Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis, sbr. 14. og 16. gr., telst þó sem mismunur heildarandvirðis að frádregnum beinum kostnaði við söluna annars vegar og framreiknaðs stofnverðs án eigin aukavinnu hins vegar.
5. Fæði sjómanns er hann fær hjá útgerðarmanni um borð í skipi. Sama gildir um greiðslur sem sjómenn á íslenskum fiskiskipum fá frá áhafnadeild aflatryggingasjóðs til að standa undir fæðiskostnaði sínum um borð í íslenskum fiskiskipum.
 6. Staðaruppbót sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn á vegum utanríkisráðuneytisins við sendiráð Íslands, hjá sendiráðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að.
 7. Persónuafsláttur og barnabætur sem um ræðir í VI kafla laga þessara.
 8. Endurmatshækkun fyrirlegra eigna samkvæmt ákvæðum laga þessara né matshækkun búfjár samkvæmt 2. tl. 74. gr., enda kemur matslækkun ekki til frádráttar tekjum.

III KAFLI FRÁDRÁTTUR FRÁ TEKJUM

Almenn ákvæði

29. gr.

Frá skattskyldum tekjum manns, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., er einungis heimill sá frádráttur sem sérstaklega er getið um í þessum kafla.

Frá tekjum lögaðila og tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt að draga rekstrarkostnað, það er þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við.

Frádráttur manna frá tekjum utan atvinnurekstrar

30. gr.

Frá tekjum manna skv. II kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga:

A

1. Skyldusparnað manna á aldrinum 16—25 ára sem þeim er skylt að spara samkvæmt lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins.
2. Fargjöld vegna ferða á vegum atvinnurekenda og vegna langferða milli heimilis og vinnustaðar í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.
3. Útgjöld vegna móttekens risnufjár og ökutækjastyrkja í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.
4. Þann hluta hlunninda sem veittur er með fatnaði, fæði, húsnæði og öðrum hliðstæðum hætti og innifalinn er í tekjum skv. 1. tl. A-liðs 7. gr. en eigi er talinn manni til hagsbóta með hliðsjón af heimilisaðstæðum og öðrum atvikum að mati ríkisskattstjóra. Eigi skiptir máli hvort hlunnindi þessi eru látin í té í reiðufé eða fríðu.
5. Launatekjur sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem

starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum, enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að.

6. Kostnað vegna handverkfæra innan viss hámarks er launþegar í löggiltum iðngreinum þurfa að leggja sér til vegna starfs síns. Ríkisskattstjóri skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og getur hann ákveðið hámark árlegs frádráttar mismunandi eftir iðngreinum. Þá er þeim, er hafa tekjur skv. 1. málsg. 1. töluliðs A-liðs 7. gr. af hljóðfæraleik og leggja sjálfir til hljóðfæri, heimilt að færa til frádráttar kostnað vegna hljóðfæraanna eftir nánari reglum sem ríkisskattstjóri setur.
7. Tekjur skv. 4. tl. A-liðs 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða ákvörðun fjármálaráðherra, sbr. ákvæði 120. gr.
8. Helming greiddra meðlaga með barni sem er innan 17 ára aldurs, þó að hámarki sömu fjárhæð og helming barnalífeyris sem greiddur er skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.

B

1. Vaxtatekjur, afföll og gengishagnað skv. 8. gr. enda séu tekjur þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.
2. Fenginn arð, sbr. 9. gr., að hámarki 10% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs eða hlutar. Frádráttur samkvæmt þessum tölulið skal þó aldrei vera hærri en 2 500 kr. hjá einstaklingi og 5 000 kr. hjá hjónum. Arður barns innan 16 ára aldurs sem er á framfæri foreldra sinna (þ. m. t. kjörforeldrar, stjúpforeldrar, fósturforeldrar) telst með arði foreldris, sbr. 1. mgr. 65. gr., og gilda framangreindar hámarksfjárhæðir um samanlagðan arð foreldris og barns.
3. Fé það sem fært hefur verið félagsmanni í félagi skv. 2. tl. 1. mgr. 2. gr. til séreignar í stofnsjóði hans á árinu, að hámarki 5% af viðskiptum hans utan atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi.

C

1. Sjómannafrádrátt að fjárhæð 27 kr. fyrir hvern dag sem lögskráður maður á íslensku skipi telst stunda sjómansstörf. Sama regla skal gilda um hlutaráðna sjómenn og landmenn enda þótt þeir séu ekki lögskráðir.

Fjármálaráðherra ákveður nánar í reglugerð hvernig dagafjöldi í þessu sambandi skal ákveðinn.

Sjómenn á íslenskum fiskiskipum, sem þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði og njóta ekki fæðisgreiðslu frá áhafnadeild aflatryggingasjóðs, skulu, auk þess sem um ræðir í 1. mgr. þessa töluliðar, fá fæðisfrádrátt fyrir hvern úthaldsdag að mati ríkisskattstjóra.

2. Fiskimannafrádrátt er nema skal 10% af beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum. Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn.
3. Námsfrádrátt hjá mönnum 16 ára og eldri er nema skal 5 000 kr. enda sé nám stundað í a. m. k. sex mánuði á tekjuárinu. Sé nám stundað skemur en í sex mánuði lækkar frádrátturinn hlutfallslega. Sé nám stundað erlendis skal framangreindur frádráttur vera tvöfalt hærri.

Nú nýtist námsmanni 20 ára eða eldri eða maka hans ekki námsfrádráttur samkvæmt þessum tölulið meðan á námi eftir 20 ára aldur stendur og er honum þá heimilt að draga fjárhæð, er svarar heildarupphæð hins ónýtta námsfrádráttar, frá tekjum á næstu fimm árum eftir að námi lýkur og skal við notkun þessarar heimildar taka tillit til þeirrar lækkunar í tekjuskattstofni er foreldri námsmanns kynni að hafa notið samkvæmt ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Fjárhæð frádráttarins skal skipt jafnt á hvert

Þessara fimm ára, en frádráttarfjárhæð vegna hvers árs skal síðan hækka eða lækka samkvæmt ákvæðum 26. gr.

4. Kostnað við stofnun heimilis á því ári sem maður gengur í hjúskap. Skal frádrátturinn vera 3 060 kr. fyrir hvort hjóna.

D

1. Iðgjöld af lífeyri, enda sé lífeyristryggingin keypt hjá lífeyrissjóði, váttryggingarfélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum sem fjármálaráðherra samþykkir og séu þar m. a. fyrirmæli um vörslu og ávöxtun tryggingarfjárins og eftirlit með starfsemi. Frádráttur þessi skal þó ekki vera hærri en 11% af þeim launum sem almennt eru til viðmiðunar slíkum greiðslum. Hafi atvinnurekandi greitt hluta iðgjaldsins skerðist réttur launþega til frádráttar sem því nemur.

Fjármálaráðherra getur veitt heimild til að víkja frá framangreindu hámarki iðgjaldsfrádráttar þegar sérstaklega stendur á.

2. Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða og styrktarsjóða, þó ekki umfram 5% af þeim tekjum sem almennt eru til viðmiðunar slíkum greiðslum.
3. Iðgjald af lífsábyrgð sem maður hefur keypt sér. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 660 kr.

E

1. Vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 2. mgr. 51. gr., að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.—5. tl. 1. mgr. 8. gr., allt að 25 000 kr. hjá hverjum manni, en 50 000 kr. hjá hjónum, enda séu gjöld þessi af skuldum sem sannanlega eru notaðar til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða endurbóta á því. Endurbót telst það í þessu sambandi ef heildarkostnaður við endurbæturnar á skattárinu er 7% eða meira af fasteignamatí íbúðarhúsnæðisins í árslok.

Vaxtagjöld vegna annarra skulda en fasteignaveðskulda til tveggja ára eða lengri tíma er þó einungis heimilt að draga frá tekjum:

- a. Að því er íbúðar kaup eða endurbætur varðar, á næstu 3 skattárum talið frá og með kaupári eða því ári er endurbætur eiga sér stað.
 - b. Að því er nýbyggingar varðar, á næstu 6 skattárum talið frá og með því ári sem bygging er hafin á, eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.
2. Einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 10% af skattstofni gefanda áður en gjöfin hefur verið dregin frá honum, enda sé hver gjöf ekki undir 100 kr.
- Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falli undir þennan tölulið.
3. Helming greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota enda sé hún vegna tekjuársins.

Í stað frádráttar samkvæmt D- og E-liðum 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum skv. 1. tl. A-liðs 7. gr. þegar frá þeim hafa verið dregnir þeir liðir sem um ræðir í 1.—6. tl. A-liðs 1. mgr. þessarar greinar. Hjón sem skattlögd eru samkvæmt 63. gr. verða bæði að velja sömu frádráttarreglu að þessu leyti. Hjá öðrum mönnum en þeim sem skattlagðir eru eftir reglum þeim sem gilda um hjón, sbr. 63. gr., skal þessi frádráttur aldrei nema lægri fjárhæð en 5 500 kr., hjá einstæðum foreldrum, sbr. 69. gr., skal þessi lágmarksfrádráttur vera 75% hærri.

Hafi maður beinan kostnað við öflun annarra tekna en tekna skv. 1. tl. A-liðs 1. mgr. 7. gr., án þess að hún verði talin falla undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu ákvæði 1. mgr. 1. tl. 31. gr. samt sem áður gilda um slíkan kostnað eftir því sem við á, þó ekki ákvæðin um vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna. Kostnaður þessi leyfist eingöngu til frádráttar sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á, og má frádráttur hvers árs aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur þeim tekjum sem hann leyfist til frádráttar.

Frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri

31. gr.

Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga:

1. Rekstrarkostnað, það er þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum, og það sem varið er til tryggingar og viðhalds á eignum þeim sem arð bera í rekstrinum.

Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur það endurgjald sem manni ber að reikna sér fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu sem telja ber til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. Eigi skiptir máli hvort endurgjaldið hefur verið greitt. Hafi það verið greitt skiptir heldur ekki máli hvort það hefur verið greitt í reiðufé, fært á einkareikning, greitt í fríðu eða í hlunnindum eða með vinnuskiptum.

Frá tekjum má enn fremur draga gjafir þær sem um ræðir í 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30 gr.

2. Aðstöðugjöld og landsútsvör sem ákvörðuð eru samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Gjöld þessi má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn gjaldanna myndaðist.
3. Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Útistandandi viðskiptaskuldir í árslok, sbr. 2. mgr. 5. tl. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.
4. Matsverð vörubirgða í lok reikningsárs, sbr. 4. tl. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 10% og færa þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.
5. Veittan afslátt af vörum eða þjónustu.
6. Fé það er innlend váttryggingarfélög færa í árslok í iðgjaldasjóð vegna þess hluta iðgjalda sem fellur á næsta reikningsár og í bótasjóð til að inna af hendi áfallnar skyldur sínar við váttryggingartaka.
7. Þær eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum, framreiknaðar skv. ákvæðum 26. gr., sem eigi hefur náðst að jafna með færslu úr varasjóði, sbr. 54. gr., enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist.
8. Helming þess arðs sem félög þau sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr. fá úthlutað frá sams konar félögum.
9. Helming þeirrar fjárhæðar er félög sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr. greiða eða úthluta í arð. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en sem nemur 5% af nafnverði hlutafjár. Arður samkvæmt þessum tölulíð er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.
10. Fjárhæð þá er félög, sem um ræðir í 2. tl. 1. mgr. 2. gr., greiða félagsaðilum sínum í

árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu samkvæmt lögum um samvinnufélög.

Hafi félög þessi viðskipti við aðra en félagsaðila sína er sá hluti hreinna tekna, sem svarar hlutfalli viðskipta utanfélagsaðila af heildarviðskiptum, skattskyldur hjá félögum. Félögum þessum er þó jafnan heimilt að draga frá skattskyldum tekjum arð af viðskiptum við félagsaðila sína á rekstrarárinu er nemi allt að $\frac{2}{3}$ hlutum hreinna tekna enda sé sú fjárhæð greidd félagsaðilum eða færð þeim til séreignar í stofnsjóði í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu. Slíkur arður skal þó aldrei nema meiru en 5% af viðskiptum félagsaðila.

11. Fjárhæð þá er félög, sem um ræðir í 4. tl. 1. mgr. 2. gr., greiða félagsaðilum sínum í árslok í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu, þó eigi hærra hlutfall af hreinum tekjum félags en sem svarar hlutfalli viðskipta félagsaðila af heildarviðskiptum þess.
12. Tillög sem skattskyldir aðilar skv. 1. mgr. 2. gr. leggja í varasjóð. Hámark varasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—11. tl. þessarar málsgreinar.

Hvorki er heimilt að mynda rekstrartap né fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum með frádrætti skv. 9.—12. tl. 1. mgr.

Fyrnanlegar eignir

32. gr.

Fyrnanlegar eignir eru varanlegir rekstrarfjármunir, þó ekki íbúðarhúsnæði, sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri eða í sjálfstæðri starfsemi og rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur. Helstu flokkar þeirra eru þessir:

1. Lausafé, þar með talin skip, loftför, bifreiðar, vélar og tæki.
2. Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, aðrar en íbúðarhúsnæði.
3. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptur réttur til nýtingar þeirra.
4. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, svo sem höfundarréttur, útgáfuréttur, réttur til hagnýtingar upplýsinga, réttur til einkaleyfis og vörumerkis.
5. Stofnkostnaður, svo sem kostnaður vegna skráningar fyrirtækis, öflunar atvinnurekstrarleyfa, kostnaður við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir, öflun einkaleyfis og vörumerkja.

33. gr.

Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflun tekna.

34. gr.

Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur vegna sölu eða af öðrum ástæðum, þar með talið ef eign verður ónothæf, nema söluverð eða annað andvirði sé lægra en eftirstöðvar fyrningarverðs, þ. e. bókfært verð til skatts. Er þá heimilt að gjaldfæra mismuninn.

Fyrningargrunnur eigna

35. gr.

Verðmæti sem fyrning er reiknuð af hverju sinni telst fyrningargrunnur eigna.

Fyrningargrunnur eigna telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 10. gr., að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 36. gr. Þegar stofnverð eigna hækkar eða lækkar eftir að hafin er nýting þeirra skal breytingin færð til hækkunar eða lækkunar fyrningargrunni þess árs þegar breytingin verður.

36. gr.

Fyrningargrunn fyrnanlegra eigna, eins og hann er í byrjun hvers rekstrarárs, skal hækka samkvæmt verðbreytingarstuðli viðkomandi árs, sbr. 26. gr. Sama á við um stofnverð eigna þótt ekki sé hafin nýting þeirra við öflun tekna enda séu þær í eigu skattaðila í byrjun þess rekstrarárs þegar verðbreyting er reiknuð.

Heildarfjárhæð áður fenginna fyrninga, eins og hún er í byrjun þess rekstrarárs, þegar verðbreyting er reiknuð, skal breyta á sama hátt og fyrningargrunni.

Ef fyrningargrunnur lækkar á einhverju ári samkvæmt verðbreytingarstuðli skulu áður fengnar fyrningar einnig lækkaðar. Fyrningargrunnur skal þó ekki lækkaður niður fyrir stofnverð.

37. gr.

Árlegar verðbreytingar samkvæmt 36. gr. færast til hækkunar eða lækkunar fyrningargrunni eigna og áður fengnum fyrningum. Mismunur breytinganna færist síðan á sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem teljast skal til eigin fjár.

Fyrningarhlutföll

38. gr.

Fyrning skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignarflokks sem hér segir:

1. Skip og skipsbúnaður 8%.
2. Loftför og fylgihlutir þeirra 10%.
3. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé, sem fellur ekki undir 1. eða 2. tl., 12%.
4. Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, aðrar en íbúðarhúsnæði, 2%.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið herra fyrningarhlutfall einstakra flokka eigna samkvæmt þessum tölulíð eftir notkun, gerð eða byggingarefni, þó eigi herra en 6%.

5. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptan rétt til nýtingar þeirra skal fyrna miðað við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessum tölulíð má aldrei verða hærri en fyrningargrunnur hins fyrnda að frádregnu verðmæti því sem eftir stendur að lokinni nýtingu.
6. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, stofnkostnaður og aðrar eignir, sem um er rætt í 4. og 5. tl. 32. gr., 20%.

Fyrning eigna samkvæmt þessum tölulíð er heimil í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna.

Þegar sýnt er fram á að notkunartími eigna samkvæmt þessum tölulíð er skemmri en 5 ár er heimilt að fyrna þær á notkunartíma.

Stofnkostnað skv. 5. tl. 32. gr. er heimilt að færa að fullu til frádráttar tekjum á því ári þegar hann myndast.

39. gr.

Þegar notkun einstakra eigna er þannig háttað að þær falla ekki undir sama fyrningarlutfall skal fyrningargrunni þeirra skipt eftir notkun, þó þannig að sé eign notuð að $\frac{3}{4}$ hlutum eða meira til sömu starfsemi skal eignin í heild háð sama fyrningarhlutfalli. Sé hluti eignar ekki fyrnanlegur, t. d. ef um er að ræða íbúð í fyrnanlegri eign, skal ætíð lækka stofnverð eignarinnar um hinn ófyrnanlega hluta eftir stærðarhlutföllum. Við skiptingu á fyrningargrunni bygginga skal í þessu sambandi miða við fasteignamat einstakra byggingarhluta eða við rúmmál liggi fasteignamat þeirra ekki fyrir.

40. gr.

Prátt fyrir ákvæði 38. gr. er heimilt að færa kostnaðarverð lausafjár, sem hefur skemmri endingartíma en þrjú ár, að fullu til gjalda á því ári þegar eignanna er aflað og þær teknar í notkun.

41. gr.

Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir 7 000 kr. er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað þótt endingartími sé lengri en þrjú ár.

42. gr.

Við sölu eigna, sem færðar hafa verið til frádráttar tekjum samkvæmt heimild í 40. og 41. gr., telst söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári. Sama gildir um tjónbætur eða annað andvirði fyrir afhendingu slíkra eigna.

43. gr.

Kostnað við viðgerðir eða endurbyggingu fyrnanlegra eigna vegna tjóns má gjaldfæra á því ári þegar viðgerð fer fram, að svo miklu leyti sem kostnaðurinn fer fram úr tjónbótum. Hér er aðeins átt við kostnað við að koma eign í sama ástand og hún var í áður en tjónið varð.

44. gr.

Til viðbótar fyrningu skv. 38. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færist til tekna. Einnig er heimilt að fyrna sömu eignir um fjárhæð er nema má allt að 40% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr. Þegar 60% af tekjufærslu ársins skv. 53. gr. eru hærri en fjármagnskostnaður skv. 51. gr. að frádregnum fjármagnstekjum skv. 8. gr. er heimilt, auk fyrninga skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar, að fyrna þessar eignir um fjárhæð er nemur allt að þessum mun að viðbættum 6% af þeim stofni er tekjufærsla skv. 53. gr. er reiknuð af.

Heimilt er að fyrna sérstakri fyrirframfyrningu þá varanlegu rekstrarfjármuni sem ætlaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri, sbr. 32. gr., en ekki hafa verið teknir í notkun í ársbyrjun, enda hafi beinn fjármagnskostnaður á byggingartíma verið eignfærður. Skal hundraðshluti þessarar fyrirframfyrningar nema að hámarki sama hundraðshluta og tekjufærsla skv. 53. gr. og reiknast hann af fjárhæð sem er jafnhá fjárfestingu í þessum rekstrarfjármunum í lok næst liðins árs. Fyrirframfyrning samkvæmt þessari málsgrein og 2. málsl.

1. mgr. skal þó aldrei vera hærrí en nemur heildarfjárhæð tekjufærslu samkvæmt 53. gr. vegna viðkomandi árs.

Þrátt fyrir ákvæði 32. gr. er heimilt að fyrna íbúðarhúsnæði, sem notað er til öflunar tekna í atvinnurekstri, sérstakri fyrningu samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Eigi má mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt þessari grein, og ekki má nota þær til að fresta yfírfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.

45. gr.

Eignir skv. 1. og 2. tl. 32. gr. má aldrei fyrna meira en svo að ávallt standi eftir sem niðurlagsverð eignar 10% af fyrningargrunni hennar.

Ýmis ákvæði um fyrningar

46. gr.

Við ákvörðun fyrningargrunns eignar, sem yfirtekin er við makaskipti, skal farið eftir ákvæðum 24. gr.

47. gr.

Verði eigendaskipti að eign við arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, skal fyrningargrunnur slíkrar eignar óbreyttur standa í hendi erfingja frá því sem hann var í hendi arfleifanda.

48. gr.

Á því ári þegar rekstri er hætt, hann seldur eða látinn af hendi á annan hátt er ekki heimilt að fyrna eignir sem við hann voru bundnar. Ákvæði 40. og 41. gr. eiga þá ekki við.

49. gr.

Ríkisskattstjóra er heimilt að gera öllum framtalsskyldum aðilum að halda skrá um fyrnanlegar eignir í því formi og með þeim hætti er hann ákveður.

50. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá framangreindum reglum um fyrningarhlutföll og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávíka.

Vaxtagjöld, afföll og gengistöp

51. gr.

Til gjalda sem vextir, afföll og gengistöp af skuldum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 31. gr., teljast:

1. Vextir af skuldum, föstum og lausum, þar með taldir dráttarvextir. Til vaxtagjalda má og telja lántökukostnað og árlegan eða tímabundinn fastakostnað eða þóknanir af lánum, þar með talið af víxillánum og stimpilgjöld af víxlum. Með vaxtagjöldum í þessu sambandi teljast og áfallnar verðbætur á höfuðstól og vexti.
2. Afföll af seldum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum skuldarviðurkenningum, enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur. Afföllin skulu reiknuð til frádráttar með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma. Sé skuld yfirtekin af öðrum eða falli greiðsluskylda niður áður en afborgunartíma er lokið teljast eftirstöðvar affalla ekki til

frádráttar tekjum. Hafi skuld verið yfirtekin í sambandi við eignasölu er seljanda þó heimilt að lækka söluverð eignarinnar um fjárhæð sem nemur eftirstöðvum affallanna, enda hafi hann verið upphaflegur skuldari hinnar yfirteknu skuldar.

3. Vextir af stofnsjóðsinnstæðum í félögum sem um ræðir í 2. tl. 1. mgr. 2. gr.
4. Gengistöp af hvers konar skuldum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast þau við sölugengi viðkomandi erlends gjaldeyris í árslok.

Frá gengistapi ársins skal draga gengishagnað, sbr. 5. tl. 8. gr., og færa mismuninn til gjalda sem gengistap.

Gjöld samkvæmt þessari grein eru aðeins frádráttarbær að fullu séu þau tengd atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Um gjöld skv. 1., 2. og 4. tl., sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, fer eftir ákvæðum 1. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr. Til gjalda sem verðbætur og gengistöp skv. 1. mgr., sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti.

Hvað ekki telst rekstrarkostnaður

52. gr.

Til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. eða til frádráttar skattskyldum tekjum á einn eða annan hátt er ekki heimilt að telja:

1. Gjafir, nema um sé að ræða kaupauka sem þá telst til endurgjalds fyrir vinnu eða starf.
2. Fjársektir eða önnur viðurlög, hverju nafni sem nefnast, vegna refsiverðs verknaðar skattaðila sjálfs, þar með talið verðmæti upptækra eigna eða greiðslur þess í stað. Enn fremur kostnað, hverju nafni sem nefnist, við öflun ólöglegs upptæks hagnaðar eða tengdan sagnæmum brotum.
3. Arð eða vexti af framlögðu fé manns til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi, hvort heldur reksturinn er á eigin ábyrgð eiganda eða með ótakmarkaðri ábyrgð í sameign með öðrum, sbr. og 2. mgr. 2. gr.

Tekjur og gjöld vegna verðbreytinga

53. gr.

Hjá lögaðilum skal árlega tekið tillit til þeirra áhrifa sem almennar verðbreytingar hafa á eignir þeirra og skuldir, eftir því sem nánar er ákveðið í grein þessari. Sama á við hjá þeim mönnum er hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi varðandi þær eignir þeirra og skuldir sem rekstrinum eru tengdar.

Árlega skal reikna tiltekinn hundradshluta af mismun eigna þeirra, er um ræðir í 3. mgr., og skulda þeirra, er um ræðir í 4. mgr., og færa þá fjárhæð, er þannig reiknast, til gjalda skv. 1. mgr. 1. tl. 31. gr. séu eignirnar hærri, en til tekna skv. B-lið 7. gr. séu skuldirnar hærri.

Til eigna skattaðila við útreikning skv. 2. mgr. teljast allar óverðtryggðar eignir, eignir sem ekki hækka í verði við almennar verðhækkunir svo og þær eignir sem eru verðtryggðar eða hækka í verði við almennar verðhækkunir, en verðtryggingin eða verðhækkunin telst til skattskyldra tekna samkvæmt lögum þessum. Hér til teljast t. d. sjóðseign, innlendar og erlendar bankainnstæður, viðskiptakröfur, viðskiptavíxlar og aðrar skammtímakröfur, skuldabréf og aðrar langtímakröfur, fyrirframgreiðslur og vörubirgðir. Til eigna í þessu

sambandi teljast hins vegar ekki verðtryggðar eignir, eignir sem halda verðgildi sínu við almennar verðhækkningar eða eignir sem heimilt er að endurmeta samkvæmt lögum þessum án þess að verðbætur af þeim, hækkun á peningaverði þeirra eða endurmat þeirra teljist til tekna samkvæmt lögum þessum. Til þessara eigna teljast t. d. fyrnanlegar eignir, íbúðarhúsnæði og aðrar ófyrnanlegar fasteignir og eignarhlutar í félögum. Helmingur af matsverði bústofns telst til eigna við útreikning þennan. Niðurfærsla skv. 4. tl. og 2. mgr. 5. tl. 74. gr. skal dregin frá viðkomandi eignum áður en útreikningur fer fram.

Til skulda skattaðila skv. 2. mgr. teljast hvers konar skuldir, sbr. 76. gr., en þar með telst þó ekki hlutafé, stofnsjóðir, stofnfé, endurmatsreikningur, varasjóður og aðrir eiginfjárreikningar. Ógreidd hlutafjárloforð og skuldir og inneignir eignaraðila sameignarféлага, sbr. 3. tl. 2. gr., teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan. Ekki teljast heldur til skulda í þessu sambandi ógreiddar uppbætur á innlagðar afurðir mjólkurbúa og sláturhúsa. Hjá mönnum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast ekki með í þessu sambandi skuldir og inneignir þeirra hjá atvinnurekstrinum og ekki heldur skuldir og eignir þessara aðila sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Pegar heildarskuldir skattaðila skv. 76. gr. eru hærri en heildareignir hans skv. 73. gr. í lok reikningsárs skal sá hluti reiknaðrar tekjufærslu samkvæmt þessari grein falla niður sem umfram er tap ársins og ójöfnuð töp frá fyrri árum. Með tapi ársins er í þessu sambandi átt við skattskyldar tekjur ársins að frádregnum frádráttarbærum gjöldum ársins án tillits til verðbreytingarfærslu. Hjá mönnum, er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er með heildareignum og heildarskuldum í þessari málsgrein átt við allar framtalsskyldar eignir þeirra og skuldir án tillits til þess, hvort þær eru tengdar rekstrinum eða ekki. Til eigna í þessu sambandi telst þó ekki verðmæti íbúðarhúsnæðis til eigin nota og einkabifreiðar allt að 500 000 kr. og til skulda teljast ekki þær skuldir sem sannanlega hafa verið notaðar til öflunar þessara eigna. Fjárhæð í 4. málslíð þessarar mgr. er grunnfjárhæð og skal hún hækkuð eða lækkuð árlega samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., í fyrsta skipti við álagningu skatta ársins 1982.

Hinn reiknaði hundraðshluti skv. 2. mgr. skal vera jafn hundraðshluta verðbreytinga milli ára, sbr. 26. gr.

Verðbreytingarfærslu samkvæmt þessari grein skal reikna í lok hvers reikningsárs og skal miða við stöðu eigna og skulda í lok næst liðins reikningsárs.

IV KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI UM TEKJUR

Ráðstöfun varasjóðs

54. gr.

Aðilum sem myndað hafa varasjóð samkvæmt ákvæðum 12. tl. 1. mgr. 31. gr. ber að ráðstafa honum til að mæta yfirferanlegu rekstrartapi sínu, sbr. 7. tl. 1. mgr. 31. gr. Sama gildir um þann varasjóð sem myndaður hefur verið samkvæmt ákvæðum fyrri skattalaga. Sé varasjóði ráðstafað á annan hátt skal telja þá fjárhæð, sem þannig er ráðstafað, að viðbættu 25% álagi til skattskyldra tekna.

55. gr.

Það telst m. a. skattskyld ráðstöfun á varasjóði ef aðili ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

1. Veitir hluthöfum, aðilum samvinnufélaga, eigendum sameignarfélaga eða samlaga, stjórnendum þessara félaga eða aðilum þeim tengdum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins, eða veitir þeim nokkur friðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun, venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur, eða úttekt af eigin fé (höfuðstól) í sameignarfélagi sem er hærra en svarar til 10% af bókfærðu eigin fé félagsins í byrjun úttektarárs eftir að tekið hefur verið tillit til opinberra gjalda sem álögd eru vegna fyrra árs. Skattalegur varasjóður telst ekki til eigin fjár í þessu sambandi.
2. Kaupir eign á óeðlilega háu verði eða selur eign á óeðlilega lágu verði. Skulu skattyfirvöld þá meta hvað telja skuli eðlilegt kaup- eða söliverð. Mismunur kaupverðs eða söliverðs annars vegar og matsverðs hins vegar telst skattskyld ráðstöfun úr varasjóði.

Nú ráðstafar aðili fé úr varasjóði á einhvern þann hátt sem greinir í 1. mgr. og fellur það þá til skattgreiðslu á ráðstöfunarárinu samkvæmt ákvæðum 54. gr., þó eigi hærrí fjárhæð en nemur varasjóði í lok tekjuársins að viðbættu 25% álagi skv. 54. gr. Óheimilt er að veita frádrátt frá tekjum skv. 12. tl. 1. mgr. 31. gr. af þessari tekjufærðu fjárhæð.

Sameining félaga

56. gr.

Sé hlutafélagi slitið þannig að það sé algjörlega sameinað öðru hlutafélagi og hluthafar í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu hlutabréf í síðarnefnda félaginu sem gagnjald fyrir hlutafé sitt í félagi því sem slitið var, þá skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem hlutabréfin lét af hendi. Við slíkan samruna hlutafélaga skal það félag, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess félags sem slitið var.

Þegar samvinnufélög sameinast eftir 27. gr. laga nr. 46/1937 skal hið sameinaða félag taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum hinna fyrri félaga.

57. gr.

Sé sameignarfélagi, sem myndað hefur varasjóð skv. 12. tl. 1. mgr. 31. gr., slitið, þannig að það sé algjörlega sameinað öðru slíku sameignarfélagi eða hlutafélagi og eigendur í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu eignarhluta eða hlutabréf í síðarnefnda félaginu sem gagnjald fyrir eignarhluta sína í félagi því sem slitið var, þá skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem lét eignarhluta sinn af hendi og heldur ekki fyrir félag það sem slitið var. Við slíkan samruna félaga skal það félag, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess félags sem slitið var.

Ef sameignarfélagi, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, er breytt í hlutafélag þannig að eigendur í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu hlutabréf í síðarnefnda félaginu sem gagnjald fyrir eignarhluta sína í félagi því sem slitið var, þá skal þessi breyting ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigendur sameignarfélagsins eða félagið sjálft. Við slíka breytingu skal hlutafélagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum sameignarfélagsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. bera eigendur sameignarfélags, sem slitið er eða breytt er í hlutafélag, ótakmarkaða ábyrgð á greiðslu þeirra opinberu gjalda sem varða reikningsár fyrir slit eða breytingu.

Óvenjuleg skipti í fjármálum

58. gr.

Ef skattaðilar semja um skipti sín í fjármálum á hátt sem er verulega frábrugðinn því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna.

Kaupi skattaðili eign á óeðlilega háu verði eða selji eign á óeðlilega lágu verði geta skattyfirvöld metið hvað telja skuli eðlilegt kaup- eða söluverð. Mismun kaupverðs eða söluverðs annars vegar og matsverðs hins vegar skal telja til skattskyldra tekna hjá þeim aðila sem slíkra viðskipta nýtur.

Ákvörðun launa við eigin atvinnurekstur

59. gr.

Ef maður, er starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða hjá aðila honum tengdum, telur sér til tekna af starfi þessu lægri eða hærri fjárhæð en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launþegi hjá óskyldum aðila, sbr. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., án þess að skýringar fylgi, skal skattstjóri skriflega skora á framteljanda að láta í té skriflegar skýringar á framtöldu endurgjaldi studda nauðsynlegum gögnum, sbr. 1. mgr. 96. gr. Berist ekki fullnægjandi skýringar eða gögn innan tilskilins tíma skal skattstjóri ákvarða honum endurgjald fyrir starfið. Ríkisskattstjóri skal árlega setja viðmiðunarreglur til leiðbeiningar fyrir skattstjóra varðandi þessa ákvörðun og reglur um framkvæmd greinarinnar að öðru leyti. Ríkisskattstjóri skal miða viðmiðunarreglurnar við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma. Skal hann hafa hliðsjón af gildandi kjarasamningum og raunverulegum tekjum í viðkomandi starfsgrein. Viðmiðunartekjur þeirra, er landbúnað stunda, skulu miðast við vinnuþátt í verðlagsgrundvelli landbúnað-arafurða að frádregnum einum þriðja, þó að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, svo sem þess ef bændur ná ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis eða annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra. Skattstjóri skal við ákvörðun sína gæta aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Við ákvörðun launa elli- eða örorkulífeyrisþega skal þess gætt, að tap myndist ekki við það á rekstrinum. Við ákvörðunina skal taka tillit til launatekna frá öðrum. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má aldrei mynda tap sem er meira en nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. og gjaldfærslu skv. 53. gr.

Telji skattyfirvöld að endurgjald fyrir starf maka manns eða barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., sé herra en makinn eða barnið hefði aflað hjá óskyldum eða ótengdum aðila skulu þau ákvarða tekjur makans eða barnsins af starfinu.

Tekjutímabil

60. gr.

Tekjuskatt skal miða við tekjur næsta almanaksár á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila eða hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár. Getur skattstjóri þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári sem þær verða til, þ. e. þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.

61. gr.

Skattstjóri getur heimilað þeim sem atvinnurekstur stunda eða sjálfstæða starfsemi og selja þjónustu að miða tekjuuppgjör rekstrarins við innborganir vegna seldrar þjónustu, í stað þess að miða við unna og bókfærða þjónustu, í þeim tilvikum sem vinnuþáttur hinnar seldu þjónustu er almennt yfir 70%. Enn fremur getur hann heimilað þeim sem hafa mjög breytilegar tekjur milli ára af framleiðslu og sölu eigin verka, svo sem listaverka, að telja þær tekjur til skattskyldra tekna á fleiri en einu ári. Einnig er skattstjóra heimilt að leyfa sams konar dreifingu á skattlagningu björgunarlauna sem áhafnir skipa, annarra en björgunar-skipa, hljóta.

V KAFLI TEKJUSKATTSSTOFN

Almenn ákvæði

62. gr.

Tekjuskattstofn er sú fjárhæð sem skattur er reiknaður af og ákveðst þannig:

1. Tekjuskattstofn manna, sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, telst tekjur samkvæmt II kafla, eftir því sem við á, að teknu tilliti til þess frádráttar sem slíkum aðilum er heimilaður skv. 30. gr.
2. Tekjuskattstofn lögaðila, sbr. 2. gr., telst tekjur samkvæmt II kafla, að teknu tilliti til þess frádráttar sem þessum aðilum er heimilaður skv. 31. gr.
3. Tekjuskattstofn manna, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er þessi:
 - a. Tekjur samkvæmt II kafla, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 30. gr.
 - b. Tekjur samkvæmt II kafla, sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 31. gr.

Samanlagðar tekjur ákveðnar eftir a- og b-liðum mynda tekjuskattstofn aðila samkvæmt þessum tölulíð. Sé tap á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þannig að b-liður þessa tölulíðar verði neikvæður, telst tekjuskattstofn einungis tekjur samkvæmt a-lið.

Tap af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er aldrei heimilt að draga frá tekjum sem ekki eru tengdar slíkri starfsemi, en heimilt er að yfirfæra það skv. 7. tl. 1. mgr. 31. gr. og draga það frá hagnaði sem síðar kann að myndast í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi aðila.

Tekjuskattstofn hjóna og barna

63. gr.

Hjón sem samvistum eru skulu telja fram tekjur sínar sem hér segir:

1. Hvoru hjóna um sig ber að telja fram tekjur sínar skv. A-lið 7. gr. Frá þessum tekjum skal síðan draga frádrátt skv. A- og C-liðum 1. mgr. 30. gr. svo og D-lið 1. mgr. þeirrar greinar eða fastan frádrátt skv. 2. mgr. sömu greinar velji hjónin þá frádráttarreglu,
2. Tekjur hjóna skv. C-lið 7. gr. skal leggja saman og telja til tekna hjá því hjóna sem hærri hefur hreinar tekjur skv. 1. tl. þessarar greinar. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af

séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign. Frá tekjum þess hjóna skal síðan draga frádrátt skv. B-lið 1. mgr. 30. gr. svo og frádrátt skv. E-lið 1. mgr. 30. gr. velji hjón ekki fastan frádrátt skv. 2. mgr. þeirrar greinar.

3. Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. B-lið 7. gr. og 31. gr., skal telja hjá því hjóna sem stendur fyrir rekstrinum og skulu þær skattlagðar með öðrum tekjum þess, sbr. ákvæði 3. tl. 62. gr.

Þegar atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi er háð sérþekkingu eða persónubundnum rekstrarleyfum skulu hreinar tekjur af rekstrinum taldar hjá því hjóna sem sérþekkinguna eða leyfið hefur. Starfi hjón sameiginlega að atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og hafi bæði þá sérþekkingu eða leyfi sem krafist er, eða sé slíkrar sérþekkingar eða leyfa ekki krafist, skal skipta hreinum tekjum af rekstrinum í hlutfalli við vinnuframlag hvors um sig og telja til tekna hjá hvoru hjóna. Geri hjón ekki fullnægjandi og rökstudda grein fyrir vinnuframlagi hvors um sig eða þyki skýrslur þeirra tortryggilegar skulu skattyfirvöld áætla skiptingu hreinna tekna af atvinnurekstrinum eða hinni sjálfstæðu starfsemi.

Um meðferð á tapi af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi fer eftir sömu reglum og gilda um hreinar tekjur, sbr. 1. og 2. mgr. þessa töluliðs.

Nemi heildarfrádráttur, er um ræðir í 1. og 2. tl. 1. mgr., hærrí fjárhæð hjá öðru hjóna en tekjur þær, er um ræðir í 1., 2. og 3. tl. 1. mgr., skal það, sem umfram er, dregið frá tekjum hins hjóna við álagningu.

Karl og kona, sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.

64. gr.

Þeir skattaðilar sem uppfylla skilyrði 63. gr. aðeins hluta úr ári, t. d. vegna stofnunar eða slita hjúskapar á árinu, slita á samvistum eða andláts maka, skulu telja fram tekjur sínar á þeim tíma sem umrædd skilyrði voru uppfyllt í samræmi við ákvæði 63. gr. og skulu skattlagðir sem hjón þann tíma. Tekjur á öðrum tíma ársins skal telja fram hjá þeim, sem þær hafði, sem einstaklingi, og skattleggja þær samkvæmt því. Um útreikning tekjuskatts og ónýtt persónuafsláttar fer eftir ákvæðum 2. mgr. 70. gr., en tímamörk skulu miðast við þann dag sem til hjúskapar var stofnað eða skilnaður eða sambúðarslit fóru fram eða maki andaðist. Þeim sem gengið hafa í hjúskap á árinu eða uppfyllt hafa skilyrði 3. mgr. 63. gr. er þó jafnan heimilt að telja fram allar tekjur sínar á árinu sem hjón í samræmi við ákvæði 63. gr. og fer þá um álagningu tekjuskatts og ákvörðun ónýtt persónuafsláttar samkvæmt því. Á sama hátt er eftirlifandi maka heimilt að telja fram allar tekjur sínar og hins látna maka á andlátsári hans í samræmi við ákvæði 63. gr. Þá er hjónum sem slíta hjúskap eða samvistum á árinu heimilt að telja fram allar tekjur sínar á því ári hvoru í sínu lagi.

Sé svo ástatt hjá hjónum að annar hvor makanna er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. en hinn makinn ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum, þá skal sá maki sem skattskyldur er hér á landi skattlagður sem einstaklingur. Til tekna hjá honum skal telja allar sérafla- og séreignatekjur hans í samræmi við ákvæði um ótakmarkaða skattskyldu hér á landi að viðbættu sannanlegu framfærslufé frá hinum makanum. Sé eigi unnt að færa sönnur á slíkt framfærslufé skal skattyfirvöldum heimilt að áætla sanngjarnt og hæfilegt framfærslufé með hliðsjón af öllum aðstæðum hjónanna.

Barnabætur skv. 69. gr. skulu skiptast milli þeirra aðila sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar og miðast við tímabil framfærsluskyldu. Sá aðili sem um er rætt í 2. mgr. þessarar greinar skal njóta helmings barnabóta skv. 1. mgr. 69. gr., eftir því sem við á.

65. gr.

Tekjur barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., skulu teljast með tekjum þess foreldris sem hærri hefur hreinar tekjur skv. 1. tl. 1. mgr. 63. gr. ef foreldrar þess eru skattlagðir sem hjón en ella með tekjum þess foreldris eða manns sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. 69. gr.

Þær tekjur barns sem um ræðir í 1. tl. A-liðs 7. gr. að frádregnum frádrætti skv. 2.—5. tl. A-liðs svo og 1. og 2. tl. C-liðs og D-lið 1. mgr. 30. gr. skulu þó skattlagðar sérstaklega hjá því í samræmi við ákvæði 2. mgr. 67. gr.

Heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni

66. gr.

Skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannlát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.
3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.
7. Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett af ríkisskattstjóra. Skattstjóri getur veitt ívilnanir samkvæmt þessari grein án umsóknar. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má skjóta til ríkisskattstjóra sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum, sem skattstjórar veita samkvæmt þessari grein, og sjá til þess að samræmis sé gætt og réttum reglum fylgt.

VI KAFLI

TEKJUSKATTSÚTREIKNINGUR, AFSLÆTTIR OG BARNABÆTUR

Skattstigi manna

67. gr.

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 32 413,79 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 25%, af næstu 29 655,17 kr. af

tekjuskattsstofni reiknast 35% en af tekjuskattsstofni yfir 62 068,96 kr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 7% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

Persónuafsláttur

68. gr.

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 5 248,28 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur sem enn er óráðstafað fellur niður, nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar sem þá verður enn óráðstafað fellur niður.

Barnabætur

69. gr.

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 1 500 kr. með fyrsta barni, en 2 150 kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó vera 2 800 kr. með hverju barni án tillits til barnafjölda. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 650 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á tekjuárinu vegna barnsins.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur eftirtalinna opinberra gjalda framfærandans í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Útsvars sem á er lagt vegna tekjuársins.
5. Aðstöðugjalds sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógoldins útsvars og aðstöðugjalds frá fyrri árum.
7. Annarra gjalda eða skatta en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

Framfærandi samkvæmt þessari grein telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón sem skattlögð eru samkvæmt 63. gr. teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr., enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Fyrir barn, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu, skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitarsjóðs er sameiginleg er fjármálaráðherra heimilt með reglugerð að kveða svo á að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangs röðinni.

Tekjuskattur manna sem heimilisfastir eru á Íslandi hluta úr ári o. fl.

70. gr.

Hjá manni sem hefur tekjur sem um ræðir í 5. tl. A-liðs 1. mgr. 30. gr. skal við álagningu tekjuskatts á aðrar tekjur hans nota það skattþrep sem beita skyldi ef hann hefði ekki notið frádráttar sem þar um ræðir.

Í tekjuskattsstofn manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. en hafa einungis verið heimilisfastir hér á landi hluta tekjuársins, skal deila með fjölda dvalarmánaða þeirra hér á landi á árinu og margfalda síðan þá útkomu með 12. Tekjuskattur skal síðan reiknast skv. 67. gr. af þannig reiknuðum tekjuskattsstofni, að teknu tilliti til 68. gr., eins og um væri að ræða menn heimilisfasta hér á landi allt árið. Í þá fjárhæð skal deila með 12 og margfalda útkomu með fjölda dvalarmánaða þeirra hér á landi á árinu. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, skal vera endanlega ákvarðaður og álagður tekjuskattur eða ákvarðaður ónýttur persónuafsláttur.

Dvalarmánuði skal telja í heilum mánuðum. Brot úr mánuði skal teljast sem heill mánuður.

Tekjuskattur aðila með takmarkaða skattskyldu

71. gr.

Tekjuskatt aðila, sem skattskyldir eru skv. 3. gr., skal ákvarða sem hér segir:

1. Tekjuskatt manna, sem um ræðir í 1. tl. 3. gr., skal ákvarða á sama hátt og um er rætt í 2. mgr. 70. gr. Sama gildir ef um ónýttan persónuafslátt er að ræða.
2. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 2., 3. og 7. tl. 3. gr., skal nema 35% af tekjuskattsstofni þeirra. Þessi hundraðshluti reiknast m. a. af launum eða þóknunum til listamanna og annarra þeirra, sem fram koma í atvinnuskyni til skemmtunar eða í hvers konar keppni, en með launum og þóknunum teljast hvers konar hlunnindi, þar með talinn flutningur að og frá landinu hafi móttakandi ekki greitt hann sjálfur. Eigi skiptir máli hvort aðili kemur fram á eigin vegum eða í nafni annars aðila, eða hvort greiðsla er frá innlendum eða erlendum aðila.
- Sá aðili sem kemur fram í atvinnuskyni til skemmtunar eða keppni, sbr. 1. mgr. þessa töluliðar, án ákveðinna launa eða þóknunar, en nýtur í þess stað afraksturs af slíkrí starfsemi, skal greiða 20% tekjuskatt af heildartekjum af slíku starfi án nokkurs frádráttar.
3. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 4., 5., 6. og 8. tl. 3. gr., skal, ef um mann er að ræða, reiknast af tekjuskattsstofni skv. 1. mgr. 67. gr. Tekjuskatt lögaðila, sbr. 3. gr., skal reikna skv. 72. gr.

Tekjuskattsstofn erlendra váttryggingafélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna hér á landi og iðgjaldatekna af allri starfsemi þeirra.

Tekjuskattur lögaðila

72. gr.

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 65% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

VII KAFLI
EIGNARSKATTUR

Skattskyldar eignir

73. gr.

Til skattskyldra eigna skal telja allar fasteignir, lausafé og hvers konar önnur verðmæt eignarréttindi, með þeim takmörkunum sem um ræðir í 75. gr., og skiptir ekki máli hvort eignirnar gefa af sér arð eða ekki.

74. gr.

Við mat skattskyldra eigna gilda eftirfarandi reglur:

1. Allar fasteignir, hverju nafni sem nefnast, skal telja til eignar á gildandi fasteignamatsverði. Sé fasteignamatsverð ekki fyrir hendi skal eignin talin til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum fengnum fyrningum og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr., eða á áætluðu fasteignamatsverði sambærilegra eigna, hvort sem hærra er. Skattstjóri skal áætla fasteignamatsverð í þessu sambandi með hlíðsjón af gildandi ákvæðum um fasteignamat.

Eiganda leigulóðar skal talið afgangsskvaðarverðmæti hennar til eignar en leigjanda skal talinn til eignar mismunur fasteignamatsverðs og afgangsskvaðarverðmætis.

2. Búpening skal telja til eignar svo sem hann væri framgenginn að vori næst á eftir, með verði er ríkisskattstjóri ákveður til eins árs í senn.
3. Lausafé, þar með talin skip og loftför, telst til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum heimiludum og notudum fyrningum og að teknu tilliti til endurmats samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV og verðbreytinga eftir árið 1979 skv. 26. gr.

Lausafé manna, sem ekki er heimilt að fyrna og ekki er notað í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, skal telja til eignar á upphaflegu kaup- og kostnaðarverði án endurmats.

4. Vörubirgðir verslana og framleiðsluaðila, þar með taldar rekstrarvörubirgðir, svo sem hráefni, eldsneyti, veiðarfæri og vörur á framleiðslustigi, skal telja til eignar á kostnaðar- eða framleiðsluverði eða dagverði í lok reikningsárs, að frádregnum afföllum á gölluðum og úreltum vörum. Þó skal heimilt að draga allt að 10% frá þannig reiknuðu matsverði.
5. Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess. Sama gildir um stofnsjóðsineignir hjá samvinnufélögum og stofnfjáreignir í sameignarfélögum. Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól. Séu hlutabréf eða önnur verðbréf skráð á opinberu kaupþingi skal telja þau til eignar á kaupþingsverði síðasta kaupþingsdags fyrir lok reikningsárs.

Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól í lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi viðskiptaskulda er þó heimilt að draga allt að 5% og mynda með því mótreikning fyrir skuldum sem kunna að tapast. Útistandandi við-

- skiptaskuldir í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast hafa vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því að til þeirra var stofnað.
6. Erlenda peninga, innstæður og kröfur skal telja til eignar á kaupgengi í árslok.
 7. Réttindi til stöðugra tekna skal telja til eignar eftir því endurgjaldi sem hæfilegt væri fyrir þau í lok hvers árs. Skattstjóri getur metið verð þessara réttinda.

Hvað ekki telst til eignar

75. gr.

Til eignar, sbr. 73. gr., telst ekki:

1. Skilyrt fjárréttindi, svo sem réttur til líftryggingarfjár sem ekki er fallið til greiðslu.
2. Réttur til eftirlauna, lífeyris, framfærslu eða annarra slíkra tímabilsgræðslna sem bundinn er við einstaka menn.
3. Réttur til leigulauss bústaðar og hliðstæð afnotaréttindi, sbr. þó 2. mgr. 1. tl. 74. gr.
4. Til eignar hjá mönnum telst ekki fatnaður til einkanota, húsgögn, húsmunir, bækur og munir sem hafa persónulegt gildi.
5. Eignar hlutabréf hlutafélags, sbr. 1. tl. 1. mgr. 2. gr.

Frádráttur frá eignum

76. gr.

Frá eignum, sbr. 73. gr., skal draga skuldir skattaðila. Með skuldum í þessu sambandi teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól þeirra. Skuldir í erlendum verðmæli skal telja á sölu-gengi í árslok. Til skulda teljast öll opinber gjöld er varða viðkomandi reikningsár, þó ekki þau gjöld sem lögð eru á tekjur eða hreina eign á næsta ári eftir lok reikningsárs.

Frá eignum aðila, sem um ræðir í 4. tl. 3 gr., má einungis draga skuldir sem beint eru tengdar starfsemi þeirra hér á landi.

Frá eignum aðila, sem um ræðir í 5.—8. tl. 3. gr., má einungis draga skuldir sem á eignum þessum hvíla.

77. gr.

Lögðilum skv. 2. gr. er heimilt að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., hlutafé, stofnsjóði og nafnskráð stofnfé.

78. gr.

Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., innstæður sínar í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, svo og verðbréf, sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, að því marki sem innstæður þessar og verðbréf eru umfram skuldir, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Tímaviðmiðun eignarskattsstofns

79. gr.

Eignarskatt skal miða við eignarskattsstofn skattaðila í árslok. Þó mega þeir, er með leyfi skattstjóra neta annað reikningsár en almanaksár, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs síns sem er næst á undan skattálagningu.

Eignarskattsstofn

80. gr.

Eignarskattsstofn eru þær eignir, sem eftir verða, þegar frá verðmæti eigna, sem um ræðir í 73. gr., hafa verið dregnar fjárhæðir, sem um ræðir í 76., 77. og 78. gr., eftir því sem við á.

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun eignarskattsstofns hans þegar svo stendur á sem greinir í 1. og 7. tl. 1. mgr. 66. gr.

Eignarskattsstofn skal ákvarða í heilum tugum króna og sleppa því sem umfram er.

81. gr.

Hjón sem samvistum eru, sbr. 5. gr., skulu telja saman allar eignir sínar og skuldir og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða séreign eða skuldir tengdar henni. Eignarskattsstofni skal skipta að jöfnu milli þeirra og reikna eignarskatt af hvorum helmingi fyrir sig skv. 83. gr. Karl og kona, sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt til að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.

82. gr.

Eignir barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. 69. gr. Gilda ákvæði 78. gr. einnig um þar greindar eignir barns.

Eignarskattsútreikningur

83. gr.

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 150 000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns sem umfram er greiðist 1,2%.

84. gr.

Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr., skal vera 1,2% af eignarskattsstofni.

VIII KAFLI

SKATTUMDÆMI, SKATTSTJÓRAR, RÍKISSKATTSTJÓRI, SKATT-
RANNSÓKNARSTJÓRI, RÍKISSKATTANEFND O. FL.**Skattumdæmi**

85. gr.

Á landinu skulu vera þessi skattumdæmi:

1. Reykjavíkurdæmi; nær yfir Reykjavíkurborg.
2. Vesturlandsumdæmi; nær yfir Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
3. Vestfjarðumdæmi; nær yfir Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað og Strandasýslu.

4. Norðurlandsumdæmi vestra; nær yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
5. Norðurlandsumdæmi eystra; nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstað.
6. Austurlandsumdæmi; nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
7. Suðurlandsumdæmi; nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnassýslu.
8. Vestmannaeyjauumdæmi; nær yfir Vestmannaeyjakaupstað.
9. Reykjanesumdæmi; nær yfir Gullbringusýslu, Kjósarsýslu, Seltjarnarneskaupstað, Kópavogskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað og Keflavíkurflugvöll.

Fjármálaráðherra ákveður aðsetur skattstjóra í hverju umdæmi. Þá getur fjármálaráðherra, ef sérstaklega stendur á, ákveðið önnur mörk milli einstakra skattumdæma en í 1. mgr. segir.

Skattstjórar

86. gr.

Tekju- og eignarskattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstjórum, en þeir eru einn í hverju skattumdæmi. Fjármálaráðherra skipar skattstjóra. Engan má skipa skattstjóra nema hann uppfylli eftirgreind skilyrði:

1. Hafi óflekkað mannorð eða hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.
2. Sé lögráða og hafi forræði fjár síns.
3. Sé íslenskur ríkisborgari.
4. Hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði eða sé löggiltur endurskoðandi. Víkja má þó frá ákvæði þessa tölulíðar ef maður hefur aflað sér víðtækrar sérmenntunar eða sérþekkingar um skattalöggjöf og framkvæmd hennar eða hefur áður verið skipaður skattstjóri.

Umboðsmenn skattstjóra

87. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að skipa umboðsmann skattstjóra utan aðseturs skattstjóra. Hreppstjóra, sveitarstjóra, bæjarstjóra og oddvita er skylt að gegna störfum umboðsmanns sé þess óskað.

Fjármálaráðherra skal gefa út erindisbréf fyrir umboðsmenn.

Ríkisskattstjóri o. fl.

88. gr.

Fjármálaráðherra skipar ríkisskattstjóra. Engan má skipa í það embætti nema hann fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í 86. gr., um embættisgengi skattstjóra.

Þá skipar fjármálaráðherra vararíkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra. Fullnægja skulu þeir hinum sömu skilyrðum um embættisgengi og ríkisskattstjóri.

Ríkisskattanevnd

89. gr.

Fjármálaráðherra skipar sex menn í ríkisskattanevnd og hefur nefndin aðsetur í Reykjavík og skulu tveir nefndarmanna hafa nefndarstörfin að aðalstarfi og fer um heimild þeirra til að gegna öðrum störfum eftir 2. mgr. 34 gr. laga nr. 38/1954. Fjármálaráðherra skipar annan þessara manna formann nefndarinnar, en hann skal fullnægja skilyrðum til að verða skipaður héraðsdómari. Aðrir nefndarmenn skulu hafa lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði, vera löggiltir endurskoðendur eða hafa aflað sér sérmenntunar í skattarétti og skattamálum. Um skipunartíma þeirra tveggja nefndarmanna, sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi, fer eftir almennum reglum um skipun opinberra starfsmanna, sbr. 4. gr. laga nr. 38/1954. Aðrir nefndarmenn skulu skipaðir til sex ára í senn.

Ríkisskattanevnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum um ákvörðun skattstofna og skatta eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Þeir nefndarmenn skulu úrskurða í hverju máli eftir nánari ákvörðun formanns nefndarinnar. Jafnan skal annar hinna fastráðnu nefndarmanna taka þátt í úrlausn hvers máls og ætíð skal löglærður nefndarmaður úrskurða í hverju máli.

Eigi má maður taka þátt í meðferð máls ef honum bæri að víkja sæti í því sem dómari samkvæmt lögum um meðferð einkamála í héraði.

IX KAFLI

FRAMTÖL OG SKÝRSLUGJAFIR

Framtals- og skattlagningarstaður

90. gr.

Menn, sem um ræðir í 1. gr., skulu telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuári. Þó skulu menn, sem um ræðir í 2. tl. 1. gr., telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir áttu síðast lögheimili fyrir brottflutningsdag. Þá skulu þeir, er um ræðir í 4. tl. 1. gr., telja fram og vera skattlagðir þar sem skip þeirra eða loftfar er skrásett.

Aðilar, sem um ræðir í 2. gr., skulu telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir eiga heimili, en heimili þeirra telst þar sem þeir eru skráðir, telja heimili sitt samkvæmt samþykktum sínum eða þar sem raunveruleg stjórn þeirra er. Dánarbú, þrotabú og önnur bú undir skiptum skulu telja fram og skattleggjast þar sem skipti fara fram.

Aðilar sem hér eru skattskyldir skv. 3. gr. skulu telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir eiga eignir eða hafa tekjur.

Megi samkvæmt framangreindu skattleggja skattaðila á fleiri stöðum en einum eða sé annars vafi á hvar skattaðili skuli skattlagður skal ríkisskattstjóri skera úr.

Skattframtöl

91. gr.

Allir, sem skattskyldir eru samkvæmt I kafla laga þessara, svo og þeir sem telja sig undanþegna skattskyldu skv. 5. tl. 4. gr., skulu afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skriflega skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður þar sem greindar eru að viðlögðum drengskap tekjur á síðastliðnu ári og eignir í árslok, svo og önnur atriði sem máli skipta við skattálagningu. Skýrslu bókhaldsskyldra aðila skal fylgja ársreikningur í samræmi við ákvæði

bókhaldslaga ásamt þeim breytingum sem nauðsynlegar kunna að vera til samræmis við ákvæði skattalaga. Skýrslu þeirra sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, en ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt ákvæðum bókhaldslaga, skal enn fremur fylgja rekstrar- og efnahagsreikningur.

Framtalsskyldan hvílir á hverjum manni. Fjárhaldsmenn skulu telja fram fyrir þá sem ekki eru fjárráða. Erfingjar skulu telja fram fyrir bú sem er undir einkaskiptum. Skiptaráðendur og skiptaforstjórar skulu telja fram fyrir þrotabú, dánarbú og önnur bú er þeir hafa undir skiptum. Skattframtölin skulu undirrituð af framteljendum. Ef um bókhaldsskylda aðila er að ræða skal ársreikningurinn, sbr. 1. mgr., undirritaður af sömu aðilum.

Framtalsskyldan hvílir á stjórnnum lögaðila. Sé um bókhaldsskylda aðila að ræða skal framtalinu fylgja ársreikningur, sbr. 1. mgr., undirritaður af stjórninni. Í skráðum félögum er nægilegt að jafnmargir stjórnarmenn og binda félagið undirriti ársreikninginn.

Ef skattaðili er búsettur erlendis, dvelur erlendis eða getur af öðrum ástæðum eigi talið fram sjálfur er honum heimilt að veita manni, er lögheimili hefur hér á landi, umboð til að gera framtal og undirrita það og skal þá skriflegt umboð fylgja.

Nú er framtalsskyldur maður að mati skattstjóra ófær um að gera framtal sitt sökum hrumleika, sjúkdóms eða annarra hliðstæðra ástæðna og skal þá skattstjóri eða umboðsmaður hans veita honum aðstoð til þess, en framteljandi skal láta í té allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn. Sá er aðstoð veitir skal rita á skattframtalið yfirlýsingu um að hann hafi aðstoðað við gerð þess.

Launaskýrslur o. fl.

92. gr.

Allir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða þeim endurgjald fyrir starfa, þar með talin ágóðabóknun, ökutækjastyrkur, húsaleigustyrkur og hvers konar önnur fríðindi og hlunnindi, eftirlaun, biðlaun og lífeyrir, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um greiðslur þessar ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Ef framangreindar greiðslur eru inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila og sá, er unnið var fyrir, getur eigi látið umkrafðar upplýsingar í té, hvílir skýrslugjafarskyldan á milligöngu-aðilanum.

Allir, sem hafa á leigu eða hafa afnot gegn gjaldi af fasteign, námurétti eða veiðirétti, lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti, útgáfurétti eða sérþekkingu, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um greiðslur vegna leigunnar eða afnotanna ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Skylt er móttakanda greiðslu samkvæmt þessari grein að sýna greiðanda nafnskríteini sitt, en á greindum skýrslum skal nafnnumers móttakanda getið.

Ríkisskattstjóri getur ákveðið almenna skyldu til að afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu ókeypis og í því formi sem hann ákveður um önnur atriði sem máli skipta varðandi álagningu skatta samkvæmt lögum þessum, svo sem um greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu, kaup og sölu á hráefnum og afurðum, hlutafé og arð, stofnfé og stofnfjávexti og vinninga í happdrætti og keppni.

Framtalsfrestur

93. gr.

Framtalsskyldir menn, sbr. 90. gr., sem eigi hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skulu skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en

10. febrúar ár hvert. Skattstjóra er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita frest til að skila framtali, þó ekki lengur en til febrúarloka.

Framtalsskyldir menn, sbr. 90. gr., sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skulu skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 15. mars ár hvert. Skattstjóri getur veitt þessum aðilum skilafrest til 15. apríl.

Framtalsskyldir lögaðilar skulu skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 31. maí ár hvert.

Þeir menn sem skattskyldir eru hér á landi samkvæmt 1. tl. 3. gr. og eru á förum úr landi skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en viku fyrir brottför sína.

Ríkisskattstjóri skal eigi síðar en 1. janúar ár hvert ákveða hvenær skila skuli gögnum er um ræðir í 92. gr.

Upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir

94. gr.

Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila, sem beiðninni er beint til, eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með henni.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela skatteftirlitsstörf, krafist þess að framtalsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri vegna rannsókna skv. 102. gr.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 2. mgr. þessarar greinar gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir, svo sem öllum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri þá leitað um hann úrskurðar sakadóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

X KAFLI

ÁLAGNING, KÆRUR O. FL.

Álagning

95. gr.

Þegar framtalsfrestur er liðinn skal skattstjóri leggja tekjuskatt og eignarskatt á skattaðila samkvæmt framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar reikningsskekkjur. Enn fremur getur skattstjóri leiðrétt fjárhæðir einstakra liða ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli skattyfirvalda, svo og einstaka liði framtals ef telja má að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattaðila viðvart um slíkar breytingar. Þá skal skattstjóri ákvarða um ívilnanir skv. 66. gr.

Telji skattaðili eigi fram innan tilskilins framtalsfrests, sbr. 93. gr., skal skattstjóri áætla tekjur hans og eign svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru og ákvarða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. 106. gr.

96. gr.

Komi í ljós fyrir eða eftir álagningu að framtal eða einstakir liðir þess eða fylgigögn séu ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmæltan hátt eða ófullnægjandi undirrituð eða skattstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði, skal hann skriflega skora á framteljanda að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn, þar með talið bókhald og bókhaldsgögn, sem skattstjóri telur þörf á að fá. Fái skattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma leggur hann skatt á eða endurákvæðar skattinn samkvæmt framtali og fengnum skýringum og gögnum, sbr. þó 106. gr. Ef eigi er bætt úr annmörkum á framtali, svar frá framteljanda berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir, send gögn eru ófullnægjandi eða tortryggileg eða bókhald og önnur gögn, sem skattframtal byggist á, verða ekki talin nægilega örugg heimild um atvinnurekstur eða starfsemi, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattaðila svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru og ákvarða eða endurákvæða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. þó 106. gr.

Hafi skattaðili eigi talið fram til skatts og álagning skatta því byggð á áætlun, en síðar kemur í ljós að áætlun hefur verið of lág, skal áætla honum skattstofna að nýju og reikna skatta hans í samræmi við það. Á sama hátt skal ákvarða eða endurákvæða skattaðila skatt ef í ljós kemur að honum hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum eða ef ekki hefur verið lagt á skattaðila. Séu skattar endurákvæðaðir samkvæmt þessari málsgrein skal gæta ákvæða 1. mgr. þessarar greinar, sbr. einnig 106. gr., eftir því sem við á.

Sé framtali breytt fyrir álagningu með stoð í 1. mgr. þessarar greinar skal skattstjóri tilkynna skattaðila eða þeim, sem framtalsskyldan hvílir á, skriflega um breytingarnar, þar með talin áætlun, og af hvaða ástæðum þær eru gerðar. Sé ekki kunnugt um dvalarstað skattaðila, framteljanda eða umboðsmanns hans má þó skattstjóri gera breytingar án þess að tilkynna um þær.

Sé gerð breyting á framtali eða sköttum eftir álagningu eða fari fram ný skattákvörðun, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal gæta ákvæða 3. mgr. eftir því sem við á og senda tilkynningu um breytinguna í ábyrgðarbréfi. Tilkynning um skattbreytingu skal þó eigi send viðkomandi innheimtumanni fyrr en að loknum kærufresti til skattstjóra eða að loknum úrskurði kæru, hafi breytingin verið kærð, sbr. 99. gr. Samrit tilkynningar til innheimtumanns ríkissjóðs skal sent til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Hafi skattstjóri grun um að veruleg skattsvik hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra sem ákveður hver annast skuli rannsókn í málinu.

97. gr.

Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 96. gr. nær til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram.

Hafi skattaðili látið í té í framtali sínu eða fylgigögnum þess fullnægjandi upplýsingar, sem byggja mátti rétta álagningu á, er þó eigi heimilt að endurákvæða honum skatt nema vegna síðustu tveggja ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram þótt í ljós komi að álagning hafi verið of lág.

98. gr.

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skv. 95. gr. og eftir því sem við á skv. 3. mgr. 96. gr. og skulu skattstjórar þá semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir skv. lögum þessum. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m. a. í Lögbirtinga-
blaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár liggi frammi. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Þegar lokið er álagningu skatta og kærumeðferð, sbr. 99. gr., skulu skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina álagðan tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skattskrá liggur frammi.

Kæzur til skattstjóra

99. gr.

Nú telur skattaðili skatt sinn eða skattstofn, þar með talin rekstrartöpp, eigi rétt ákveðinn og getur hann þá sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan 30 daga frá og með dagsetningu auglýsingar skattstjóra um að álagningu skv. 1. mgr. 98. gr. sé lokið eða innan 30 daga frá og með póstagningardegi tilkynningar um endurákvörðun. Skattframtal, sem berst eftir lok framtalsfrests, en áður en álagningu er lokið skv. 1. mgr. 98. gr., skal tekið sem kæra til skattstjóra hvort sem skattaðili kærir skattákvörðun eða ekki. Innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur. Úrskurðir skattstjóra skulu rökstuddir og sendir kærendum í ábyrgðarbréfi. Samrit úrskurða skulu þegar í stað send ríkisskattstjóra. Breytingar á skatti skal jafnframt senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Úrskurðir skulu uppkveðnir og undirritaðir af skattstjóra eða af þeim starfsmönnum hans sem fengið hafa sérstaka heimild ríkisskattstjóra til þess starfs.

Kæzur til ríkisskattanefndar

100. gr.

Úrskurði skattstjóra, sbr. 99. gr., má skjóta til ríkisskattanefndar. Kærufrestur skattaðila til ríkisskattanefndar skal vera 30 dagar frá póstagningu úrskurðar skattstjóra.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurði skattstjóra til ríkisskattanefndar á næstu þremur mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar skattstjóra.

Kæzur skulu vera skriflegar og studdar þeim gögnum sem kærandi telur nauðsynleg.

Ríkisskattanefnd skal tafarlaust senda ríkisskattstjóra endurrit kæru skattaðila ásamt endurriti af þeim gögnum sem kunna að fylgja kæru hans. Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal ríkisskattanefnd senda skattaðila endurrit kæru ásamt gögnum, sem henni kunna að hafa fylgt, og gefa honum kost á, innan hæfilegs frests, að koma fram með andsvör sín og gögn.

Ríkisskattstjóri skal koma fram fyrir hönd fjármálaráðherra gagnvart ríkisskattanevnd. Hann skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum að því marki sem hann telur ástæðu til. Greinargerð skal hann hafa sent ríkisskattanevnd innan mánaðar frá því að honum barst málið.

Skattaðila er heimilt að krefjast þess að hann eða umboðsmaður hans með skriflegu umboði fái að flytja mál sitt fyrir ríkisskattanevnd. Ríkisskattanevnd getur einnig ákveðið sérstakan málflutning ef mál er flókið eða hefur að geyma vandasöm úrlausnarefni. Málflutningur má vera munnlegur ef ríkisskattanevnd ákveður. Um málflutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, eftir því sem við á. Í þessum málum er nefndin ekki bundin við þau tímatakmörk um afgreiðslu máls sem sett eru í 8. mgr. þessarar greinar.

Nú telur nefndin mál ekki nægilega upplýst og getur hún þá beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringar.

Berist ríkisskattanevnd kæra og hún er rökstudd með skattframtali, sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá skattstjóra, getur nefndin sent kærana til skattstjóra til uppkvaðningar kæruúrskurðar að nýju. Nefndin skal tilkynna skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun. Skattstjóri skal hafa kveðið upp kæruúrskurð í slíku máli innan 30 daga frá því honum barst það til meðferðar.

Ríkisskattanevnd skal hafa lagt úrskurði á allar kærur sex mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig, að aðilar megi sjá á hvaða kæruatriðum og skattheimildum skattstofn eða álagning sé byggð. Breytingar á gjöldum skal tilkynna innheimtumanni skattsins og ríkisskattstjóra. Afrit úrskurða skal ríkisskattanevnd senda viðkomandi skattaðilum, skattstjóra og ríkisskattstjóra.

Ríkisskattanevnd skal gefa út úrskurði nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í útgáfu þessari, en tryggt skal að úrskurðir, sem almennt gildi hafa, birtist þar.

Úrskurður ríkisskattanevndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna má bera undir dómstóla.

Ríkisskattanevnd skal úrskurða kærur um gjöld sem skattstjórar leggja á samkvæmt ákvæðum laga um þau efni. Gilda ákvæði þau, sem að framan eru rakin, um slíkar kærur, eftir því sem við á. Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart ríkisskattanevnd fyrir hönd gjaldkrefjenda.

XI KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI UM SKATTYFIRVÖLD

Ríkisskattstjóri

101. gr.

Ríkisskattstjóri skal auk þeirra starfa, sem honum eru falin með öðrum ákvæðum laga þessara, hafa eftirlit með störfum skattstjóra og gæta þess að samræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum. Hann skal setja þeim framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum og kynna þeim úrskurði og dóma sem þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra. Ríkisskattstjóri skal gefa út og hafa til sölu fyrir almenning reglur og gögn sem hann metur að rétt sé að kynnt skuli almenningi.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað framtöl aðila og hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara og annarra laga um skatta og gjöld sem álögd eru af skattstjórum. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra og aðilum sem um ræðir í 94. gr.

Telji ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun skattstjóra um skattstofn eða skattálagningu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um skatta og gjöld, sem skattstjórar leggja á, getur hann ákvarðað skattaðila skattstofn og skatt að nýju eða falið það skattstjóra, enda séu uppfyllt skilyrði 96. og 97. gr., ef um hækkun er að ræða. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar eftir reglum 99. og 100. gr.

Skattrannsóknarstjóri, skatteftirlit

102. gr.

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild er hafi með höndum skatteftirlit og rannsóknir samkvæmt lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri stýrir starfsemi deildarinnar.

Skattrannsóknarstjóri skal hafa með höndum skatteftirlit og rannsóknir samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum. Hann skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skatta lagða á samkvæmt lögum þessum eða aðra skatta og gjöld, sbr. 2 mgr. þessarar greinar. Hann skal annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra og hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 4. mgr. 96. gr., nema hann feli skattstjóra rannsóknina. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um er getið í þessari málsgrein.

Pegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina, sbr. 3. mgr. 101. gr., nema hann feli hana skattstjóra.

Vanhæfi skattyfirvalda

103. gr.

Eigi má maður taka þátt í rannsókn eða annarri meðferð máls, hvorki skattákvörðun né kæru, ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómara í málinu.

Gerðabækur

104. gr.

Skattstjórar, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og ríkisskattanefnd skulu halda gerðabækur um þau atriði og í því formi, er fjármálaráðherra gefur fyrirmæli um.

Eftirlit fjármálaráðherra

105. gr.

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að skattstjórar, skattrannsóknarstjóri og ríkisskattstjóri ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til að fá til athugunar skattframtöl og gögn varðandi þau og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er framkvæmd laga þessara varðar.

Ráðherra skal enn fremur fylgjast með því að ríkisskattanefnd ræki skyldur sínar og skal nefndin senda ráðherra árlega skýrslu um störf sín.

XII KAFLI VIÐURLÖG OG MÁLSMEÐFERÐ

Álag

106. gr.

Telji framtalsskyldur aðili ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta 25% álagi við þá skattstofna sem hann áætla. Berist framtal, sem álagning verður byggð á, eftir lok framtalsfrests, en áður en álagningu skattstjóra er lokið, má þó aðeins bæta 1% álagi á skattstofna fyrir hvern dag sem skil hafa dregist fram yfir frestinn, þó ekki hærra álagi en 15%.

Séu annmarkar á framtali, sbr. 96. gr., eða einstakir liðir ranglega fram taldir má skattstjóri bæta 25% álagi við áætlaða eða vantalda skattstofna. Bæti skattaðili úr annmörkum eða leiðrétti einstaka liði á framtali áður en álagning fer fram, má skattstjóri þó eigi beita hærra álagi en 15%.

Fella skal niður álag samkvæmt grein þessari ef skattaðili færir rök að því að honum verði eigi kennt um annmarka á framtali eða vanskil þess, að óviðráðanleg atvik hafi hamlað því að hann skilaði framtali á réttum tíma, bætti úr annmörkum á framtali eða leiðrétti einstaka liði þess.

Um kærur til skattstjóra og ríkisskattanefndar fer eftir ákvæðum 99. og 100. gr. laganna.

Refsingar

107. gr.

Skýri skattaðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt skal hann greiða sekt allt að tífaldrí þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin. Einnig má, að fullnægðum sömu saknæmisskilyrðum, sekta skattaðila, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífalda þá skattfjárhæð sem áætlun reyndist of lág, ef skattur er reiknaður að nýju skv. 2. mgr. 96. gr. Skattur af álagi skv. 106. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Skýri framteljandi rangt eða villandi frá einhverjum atriðum er varða framtal hans, má gera honum sekt allt að 10 000 kr., enda þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur.

Verði brot skv. 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús skal úr búinu greiða sekt allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir má gera búinu sekt allt að 5 000 kr.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi skattframtöl annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni samkvæmt 92. gr., skal greiða sekt allt að jafnhárrí þeirri fjárhæð er undan skyldi dregin með upplýsingunum eða vanrækt var að gefa upplýsingar um. Sömu sekt skal sá sæta sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda. Að öðru leyti skal hver sá sem vísitandi vanrækir skyldu sína samkvæmt ákvæðum 91. og 94. gr. greiða sekt allt að 10 000 kr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirvarsmáður félags, stofnunar, samtaka eða annars lögaðila framið brot, sem refsivert er skv. 4. mgr. þessarar greinar, má

einnig gera lögaðila þeim sem í hlut á sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Sé brotið ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti varðar brot auk sektar varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð, eftir því sem segir í III kafla almennra hegningarlaga, og varða slík brot sektum allt að 10 000 kr. nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

Málsmeðferð og opinber rannsókn. Fyrningarreglur

108. gr.

Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 107. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. eftir því sem við á og veita sakborningi færi á að taka til varna. Skattrannóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Skattrannóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfdáðum svo og eftir ósk sökunauts, ef hann vill eigi hlíta því að mál verði afgreidd af ríkisskattanefnd skv. 1. mgr.

Mál út af brotum gegn skattalöggjöf skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Skattkröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum ríkisskattanefndar. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um skatta skv. lögum þessum, þar á meðal um lögtaksrétt.

Sök samkvæmt 107. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

XIII KAFLI

INNHEIMTA OG ÁBYRGÐ

Innheimtuaðilar

109. gr.

Skattar álagðir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð og hafa lögreglustjórar á hendi innheimtu þeirra, sbr. þó 2.—4. mgr. þessarar greinar.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að fela öðrum aðila en lögreglustjóra innheimtu skatta samkvæmt lögum þessum í tilteknu umdæmi eða umdæmum. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að sami innheimtumaður annist innheimtu í fleiri en einu umdæmi.

Þá er fjármálaráðherra, sveitarstjórnnum og forráðamönnum annarra opinberra stofnana heimilt að semja svo um að innheimta skuli í einu lagi öll gjöld sem greiða ber þessum aðilum. Má fela gjaldheimtuna innheimtumanni ríkissjóðs, sveitarfélagi eða sérstakri innheimtustofnun. Allar heimildir og skyldur innheimtumanna ríkissjóðs, sveitarfélaga og stofnana vegna gjaldheimtu skulu þá færast til þess aðila sem tekur gjaldheimtuna að sér.

Fjármálaráðherra skal setja nánari ákvæði með reglugerð um framkvæmd slíkrar sam-
eiginlegrar gjaldheimtu, m. a. um samræmingu gjalddaga einstakra opinberra gjalda sem
innheimt verða með þessum hætti, um samræmingu dráttarvaxtareglna og um skyldur
launagreiðenda.

Gjalddagar

110. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur hvers gjaldanda skal greiddur á tíu gjalddögum á ári
hverju. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

Þar til álagning liggur fyrir skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga ákveðinn
hundraðshluta skatta er honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðinn
með reglugerð fyrir hvert ár og skal við ákvörðun hans gæta tekjubreytinga, sem orðið hafa,
svo og almenns efnahagsástands.

Hafi tekjur gjaldanda á liðnu ári verið mun lægri en á næsta ári þar áður eða ástæður
hans hafa með öðrum hætti breyst mjög má lækka mánaðarlega fyrirframgreiðslu samkvæmt
nánari ákvörðun í reglugerð.

Álagða skatta, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar
greinar, skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu
þegar álagning fer fram.

Vangreiðsla að hluta veldur því að skattar gjaldandans falla í eindaga 15 dögum eftir
gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Séu skattar gjaldanda hækkadir eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10
dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða
landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á tekju- og eignarskatti
sínun fyrir brottför af landinu.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð sams konar fyrirkomulag og ákveðið er í
þessari grein á fyrirframinnheimtu annarra þinggjalda.

111. gr.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga tekju- eða
eignarskatts né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans. Víkja
má frá þessu, ef sérstaklega stendur á, samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Ef skattur er
lækkaður eftir úrskurði eða dómi eða fellur niður skal endurgreiðsla þegar fara fram.

Vextir

112. gr.

Sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti
af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv.
1.—4. og 6.—8. mgr. 110. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 110. gr.
hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofn-
unum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta lýkur eða við endurákvörðun skatta, að
gjaldandi hefur greitt meira en endanlega álögðum sköttum nemur og skal þá endurgreiða
það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu ríkissjóðs. Skulu

vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Skyldur launagreiðanda

113. gr.

Allir þeir er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., skulu senda innheimtumanni skrá um alla launþega sína. Eru launagreiðendur skyldir að halda eftir af kaupum launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum skv. lögum þessum og gjöldum skv. IV. kafla laga nr. 73/1980. Skulu í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 1. mgr. 112. gr. frá þeim degi sem skila átti fénu til innheimtumanns.

Ábyrgð á skattgreiðslum

114. gr.

Hjón, sbr. 63. og 81. gr., bera óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau eru lagðir og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslur annast, að krefjast endurgreiðslu af hinu hjóna á þeim hluta skatts er það hefur greitt umfram það sem að réttum hlutföllum kemur í þess hlut miðað við tekjur og eign hvors hjóna.

Peir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslum þeirra. Eigendur sameignarfélags, sem er sjálfstæður skattaðili, bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þess. Erfingjar í dánarbúi, sem skipt er einkaskiptum, bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum hins látna og dánarbúsins. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. og 4. tl. 3. gr., bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þessara lögaðila.

Peir sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslauslausa menn, er fengið hafa landvistar- eða dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, bera ábyrgð á skattgreiðslum þeirra. Peir sem greiða aðilum, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti, útgáfurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur, sem um er rætt í 3. gr., bera ábyrgð á sköttum viðtakenda vegna þessara greiðslna.

Oheimilt er að slíta félagi fyrr en allir skattar þess hafa verið að fullu greiddir. Hafi félagi verið slitið án þess að skattar hafi verið greiddir bera skilaneftandarmenn búskipta ábyrgð á skattgreiðslum.

Gera má lögtak hjá þeim, sem ábyrgð ber á skatti, til tryggingar þeim sköttum er hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfskuldarábyrgð.

Fjármálaráðherra er heimilt að krefjast þess að aðilar, sem um ræðir í 3. gr., setji

tryggingu fyrir væntanlegum sköttum sínum og gjöldum svo og fyrir skattgreiðslum annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

XIV KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI

115. gr.

Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og ríkisskattanefnd er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Hið sama gildir um þá er veita þessum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl. Þagnarskyldan helst þó menn þessir láti af störfum.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skattyfirvöld gefa Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslur, í því formi er þeir aðilar ákveða, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð þeirra. Þá er skattyfirvöldum heimilt að veita gjaldeyris-
eftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyris-
málum, enda standi ákvæði milliríkjasamninga ekki í vegi fyrir því.

116. gr.

Ríkisskattstjóri skal árlega gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum.

117. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi skattalög-
gjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og erlendis.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti og um innheimtu opinberra gjalda við önnur ríki.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur og eignir skv. 1. mgr. og skattaðili, sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. og 2. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af tekjum sínum og eignum sem skattskyldar eru hér á landi og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattaðila eða ábendingu skattstjóra, að lækka tekjuskatt og eignarskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans.

118. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum sem um ræðir í 93., 98., 99. og 100. gr. ef brýna nauðsyn ber til.

119. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem nánar um ákvörðun tekna og eigna, störf skattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskatt-
stjóra og ríkisskattanefndar.

Ráðherra getur kveðið á í reglugerð um sérstakt bókhald framtalsskyldra aðila, þar á meðal birgðabókhald. Einnig getur hann kveðið á um form reikningsskila og geymslu bókhalds og annarra ganga er varða skattframtöl.

120. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, fyrir eitt ár í senn, að vinningar í tilteknum happdrættum teljist ekki til skattskyldra tekna, enda sé öllum ágóða af happdrættunum varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

121. gr.

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 2. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68 gr., 69. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1981.

122. gr.

Nú hafa undirskattanefndum eða yfirskattanefndum verið falin sérstök störf samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum og skulu þá skattstjórar leysa þau störf af hendi uns öðruvísi verður ákveðið.

123. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. tl. C-liðs 1. mgr. 30. gr. og ákvæði 3. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr. skulu eigi koma til framkvæmda fyrir en við álagningu skatta á árinu 1982 vegna tekna ársins 1981.

Ákvæði til bráðabirgða**I**

Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara og verið hafa sjálfstæðir skattaðilar en fullnægja ekki skilyrðum 3. tl. 1. mgr. 2. gr., skulu eigi síðar en með skattframtali sínu á árinu 1980 senda skattstjóra þar tilgreind gögn um að skilyrðum hafi verið fullnægt, æski þau þess að teljast áfram sjálfstæðir skattaðilar.

II

Úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem byggð er á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1978 að teknu tilliti til opinberra gjalda sem tengd eru því ári, er ávallt heimil án þess að hún teljist til arðs, sbr. 9. gr. Til hreinnar eignar félags í þessu sambandi telst þó ekki varasjóður sem myndaður hefur verið samkvæmt eldri skattalögum, sbr. einnig 12. tl. 1. mgr. 31. gr. Skattfrelsi slíkrar úthlutunar er því skilyrði bundið að hún hafi ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareigenda eða hluthafa í hlutafélagi.

Um úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem byggð er á breytingu hreinnar eignar eftir árslok 1978, fer eftir ákvæðum 9. gr.

III

Yfirferanleg rekstrartöp, sem myndast hafa fyrir ársbyrjun 1979, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr. laga nr. 68/1971, skal heimilt að flytja milli ára og draga frá tekjum, sbr. ákvæði 7. töluliðs 1. mgr. 31. gr., og skulu þau framreiknuð með sama stuðli og gildir um tap ársins 1979.

IV

Á árinu 1979 skal framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. þessara laga og 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, sem voru í eigu skattaðila í byrjun þess árs.

Endurmatið skal þannig framkvæmt að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar nýjan fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1979. Hafi gengistap eða verðbætur af skuldum verið fært til hækkunar heildarfyrningarverði eigna fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1971, skal það ekki teljast til kostnaðarverðs í þessu sambandi og fer um meðferð þess eftir ákvæði til bráðabirgða VII.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu, sem um getur í 38. gr., eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1978. Auk þessara fyrninga reiknast til frádráttar áður fengnar fyrningar á tekjuárunum 1971 til 1978 vegna þessara eigna samkvæmt ákvæðum lokamálsgreinar D-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 og skulu þær margfaldaðar með verðbreytingarstuðli þess árs þegar þær voru notaðar. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning, en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. þessara laga.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. Aðrar áður fengnar fyrningar skv. 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, skulu ekki hafa áhrif á eftirstöðvar fyrningarverðs í þessu sambandi.

Ríkisskattstjóri skal fyrir árslok 1979 reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem skattaðili hefur eignast á árunum 1964 til 1978. Stuðullinn skal miðast við breytingu á meðaltalsbyggingarvísitölu milli ára, sbr. nú lög nr. 93/1975. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. eða 5. tl. 32. gr. þessara laga fyrir ársbyrjun 1964 skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tl. 32. gr., sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur, skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tl. 32. gr., er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1979 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Fengnar fyrningar á tekjuárunum 1971 til 1978 vegna þessara eigna samkvæmt ákvæðum lokamálsgreinar D-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 skulu margfaldaðar með verðbreytingarstuðli þess árs þegar þær voru notaðar. Samtala þessara fyrninga, þannig framreiknaðra, telst fengin heildarfyrning. Aðrar áður fengnar fyrningar skv. 15. gr. laga nr. 68/1971, með síðari breytingum, skulu ekki hafa áhrif á eftirstöðvar fyrningarverðs þegar fasteignamatið er notað sem endurmatsverð samkvæmt þessari málsgrein.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Skattaðilar, sem eiga eignir í ársbyrjun 1979 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra eigi síðar en með skattframtali 1980, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Á árinu 1979 skal útreikningur skv. 53. gr. miðast við verðbreytingarstuðul þess árs, en það skal vera sami stuðull og notaður er til framreiknings á eignum sem aflað er á árinu 1978.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færast í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

V

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir árið 1979, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

Pegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tl. 32. gr., sem skattaðili eignaðist fyrir ársbyrjun 1964, eru seldar, skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

VI

20. Til vetrarsamgangna í Ólafsfirði	15 000.	
Stofnstyrkur	30 000	
21. Til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði	8 000	
22. Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	20 000	
23. Snjóbifreiðar á Akureyri	14 000	
24. Flugbjörgunarsveitin, Akureyri	12 000	
25. Snjóbifreið í Hálshreppi, S.-Þing.	14 000	
26. Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	30 000	
27. Snjóbifreið Óxarfjörður-Kópasker	16 000	
28. Til vetrarsamgangna á Bakkafjörð	15 000	
29. Til vetrarsamgangna í Vopnafirði	27 000	
30. Til vetrarsamgangna í Borgarfjörð eystra	38 000	
31. Til póst- og vöruflutninga á Jökuldal	11 000	
Stofnstyrkur	20 000	
32. Til vetrarsamgangna á Jökuldal	20 000	
33. Snjóbifreið á Fljótshéraði	14 000	
34. Snjóbifreið á Fjarðarheiði	140 000	
35. Snjóbifreið á Oddsskarði	130 000	
Stofnstyrkur	20 000	
36. Snjóbifreið á Fagradal	20 000	
Stofnstyrkur	15 000	
37. Snjóbifreið, Stöðvarfjörður, Egilsstaðaflugv. .	20 000	
38. Til vetrarsamgangna á Breiðdalsvík	15 000	
39. Til vetrarsamgangna Djúpivogur-Hornafjörður	40 000	
Stofnstyrkur	40 000	
40. Svínafell í Nesjum	14 000	
41. Til vöruflutninga á Suðurlandi	120 000	
		<hr/>
		1 486 000

b. Flóabátar:

	Kr.	
1. Akraborg, til rekstrar ...	1 000 000	
Stofnstyrkur	800 000	
	<hr/>	1 800 000
2. Baldur		2 800 000
3. Langeyjarnesbátur		16 000
4. Mýrabátur		1 000
5. Fagranes		2 200 000
6. Dýrafjarðarbátur		13 000
7. Hríseyjarferja, til rekstrar	400 000	
Stofnstyrkur	1 160 000	
	<hr/>	1 560 000

		Kr.	Kr.
8. Drangur, til rekstrar	1 500 000		
Stofnstyrkur	1 400 000		
		2 900 000	
		420 000	
9. Mjóafjarðarbátur		4 100 000	
10. Herjólfur			15 810 000
			17 296 000

14. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 0103).

1. Akranes	1 000 000
2. Borgarnes	1 300 000
3. Ólafsvík	500 000
4. Grundarfjörður	2 800 000
5. Stykkishólmur	1 000 000
6. Örlygshöfn	400 000
7. Patreksfjörður	400 000
8. Tálknafjörður	1 900 000
9. Flateyri	800 000
10. Súgandafjörður	1 700 000
11. Ísafjörður	1 200 000
12. Bolungarvík	1 500 000
13. Norðurfjörður	400 000
14. Hólmavík	1 800 000
15. Hvammstangi	1 000 000
16. Blönduós	1 100 000
17. Sauðárkrókur	900 000
18. Hofsós	1 000 000
19. Siglufjörður	1 700 000
20. Ólafsfjörður	2 000 000
21. Dalvík	1 400 000
22. Akureyri	2 300 000
23. Svalbarðseyri	300 000
24. Grenivík	700 000
25. Grímsey	900 000
26. Húsavík	1 100 000
27. Hallbjarnarstaðakrókur	300 000
28. Raufarhöfn	1 450 000
29. Þórshöfn	100 000
30. Vopnafjörður	700 000
31. Borgarfjörður eystri	300 000
32. Seyðisfjörður	200 000
33. Neskaupstaður	900 000
34. Eskifjörður	400 000
35. Fáskrúðsfjörður	1 100 000
36. Stöðvarfjörður	300 000
37. Breiðdalsvík	500 000
38. Djúpvogur	700 000
39. Höfn í Hornafirði	3 300 000
40. Dyrhólaey	300 000
41. Stokkseyri	200 000

Kr.

Kr.

42. Eyrarbakki	900 000	
43. Sandgerði	2 100 000	
44. Garður	500 000	
45. Vogar	500 000	
46. Hafnarfjörður	3 000 000	
		48 850 000

15. Sjóvarnargarðar (10 333 0108).

1. Akranes	50 000
2. Árskógssandur	10 000
3. Bolungarvík	50 000
4. Búðardalur	50 000
5. Flateyri	50 000
6. Garðskagi	50 000
7. Gerðar	50 000
8. Grenivík	50 000
9. Hjalteyri	50 000
10. Húsavík	50 000
11. Hvaleyri	50 000
12. Miðneshreppur	50 000
13. Ólafsvík	50 000
14. Reykjanes, rannsóknir	75 000
15. Seltjarnarnes	50 000
16. Stokkseyri	50 000
17. Vogar	50 000

835 000

16. Hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar (10 33 0112).

1. Akranes	2 000 000
2. Stykkishólmur	600 000
3. Ísafjörður	2 000 000
4. Skagaströnd	2 000 000
5. Húsavík	500 000
6. Vestmannaeyjar	4 000 000
7. Garðabær	4 400 000
8. Reykjavík	1 500 000

17 000 000

17. Framkvæmdir í flugmálum (10 471 6).

1. Reykjavík	2 680 000
2. Vestmannaeyjar	800 000
3. Kirkjubæjarklaustur	40 000
4. Vík í Mýrdal	200 000
5. Selfoss	300 000
6. Sjúkraflugvellir í Suðurlandskjördæmi	200 000
7. Rif	510 000
8. Stykkishólmur	710 000
9. Grundarfjörður	620 000
10. Búðardalur	600 000
11. Húsafell	50 000

	Kr.	Kr.
12. Stóri-Kroppur	100 000	
13. Sjúkraflugvellir í Vesturlandskjördæmi	150 000	
14. Ísafjörður	1 230 000	
15. Bolungarvík	250 000	
16. Suðureyri	1 080 000	
17. Flateyri	160 000	
18. Þingeyri	460 000	
19. Bíldudalur	670 000	
20. Patreksfjörður	510 000	
21. Hólmavík	500 000	
22. Gjögur	1 065 000	
23. Sjúkraflugvellir í Vestfjarðakjördæmi	250 000	
24. Blönduós	110 000	
25. Hvammstangi	60 000	
26. Sauðárkrókur	1 825 000	
27. Siglufjörður	900 000	
28. Sjúkraflugvellir í Norðurlandskjörd. vestra	100 000	
29. Akureyri	2 330 000	
30. Ólafsfjörður	660 000	
31. Húsavík	1 410 000	
32. Kópasker	1 150 000	
33. Þórshöfn	710 000	
34. Raufarhöfn	360 000	
35. Grímsey	300 000	
36. Sjúkraflugvellir í Norðurlandskjörd. eystra	100 000	
37. Egilsstaðir	850 000	
38. Bakkafjörður	250 000	
39. Borgarfjörður eystri	760 000	
40. Vopnafjörður	350 000	
41. Norðfjörður	560 000	
42. Breiðdalsvík	1 070 000	
43. Djúpvogur	600 000	
44. Hornafjörður	2 110 000	
45. Sjúkraflugvellir í Austurlandskjördæmi	200 000	
46. Leiðarflugþjónusta	2 400 000	
47. Ýmis verkefni	600 000	
48. Óráðstafað	200 000	
		<hr/>
		33 100 000

18. Fjárfestingar Póst- og símamálastofnunar (30 101 983).

1. Sjálfvirkar símstöðvar	5 760 000
2. Línukerfi fyrir símnotendur:	
2.1. Í bæjum og kaupúnum	10 000 000
2.2. Símasjálfsalar	2 350 000
3. Landsímasambönd:	
3.1. Jarðsímaleiðir	1 200 000
3.2. Fjölsímar	9 710 000
3.3. Radíóleiðir	8 215 000
4. Radíósendingstöðvar	8 300 000

	Kr.	Kr.
5. Húsbyggingar	14 065 000	
6. Bifreiðar og vinnuvélar	3 000 000	
7. Tölvubúnaður á póstgíróstofu	400 000	
	<hr/>	63 000 000

Fjárfesting í sveitum 1982 skv. lögum nr. 32/1981.

1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1. Nýjar stöðvar	1 505 000	
1.2. Stækkanir á eldri stöðvum	4 275 000	
2. Jarðsímur	20 330 000	
3. Fjölsímur	2 790 000	
4. Radíóleiðir	3 200 000	
5. Húsbyggingar	2 110 000	
	<hr/>	34 210 000

Fjárfesting, sundurliðun:

1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1. Stækkanir á eldri sjálfvirkum símstöðvum:		
a. Varmá	1 440 000	
b. Akranes	210 000	
c. Bolungarvík	210 000	
d. Þingeyri	140 000	
e. Skagaströnd	150 000	
f. Sauðárkrókur	120 000	
g. Hofsós	50 000	
h. Reykjavík	2 710 000	
i. Dalvík	50 000	
j. Reykjahlíð	50 000	
k. Breiðdalsvík	50 000	
l. Laugarvatn	50 000	
m. Hella	80 000	
n. Vík	130 000	
o. Óskilgreint og ófyrirséð	320 000	
	<hr/>	5 760 000
2. Línukerfi fyrir símnotendur:		
2.1. Í bæjum og kaupúnum:		
a. Reykjavíkursvæðið	5 400 000	
b. Umdæmi I	2 200 000	
c. Umdæmi II	500 000	
d. Umdæmi III	1 400 000	
e. Umdæmi IV	500 000	
	<hr/>	10 000 000
2.2. Símasjálfsalar		2 350 000
3. Landssímasambönd:		
3.1. Jarðsímaleiðir:		
a. Borgarfjörður eystri	600 000	
b. Suðureyri	600 000	
	<hr/>	1 200 000

3.2. Fjölsímaleiðir:		
a. Breiðdalsvík — Stöðvarfj. — Reyðarfjörður	2 218 000	
b. A.-Hún. — Egilsst. — Hvolsvöllur	684 000	
c. Reyðarfj. — Eskifj. — Neskaupstaður	2 100 000	
d. Reykjavík — Reyðarfjörður	630 000	
e. Egilsstaðir — Reyðarfjörður	1 303 000	
f. Akureyri — Dalvík	660 000	
g. Hólmavík — Hvammstangi — Laugarb.	1 424 000	
h. Ýmis ófyrirséður búnaður	691 000	
	<hr/>	9 710 000
3.3. Radíóleiðir:		
a. Suðurlandsörbylgja	2 970 000	
b. Gaumkerfi	1 500 000	
c. Hafnarnes — Reyðarfjörður	3 095 000	
d. Streiti — Breiðdalsvík	650 000	
	<hr/>	8 215 000
4. Radíósendistöðvar:		
a. Bílasími	4 000 000	
b. Reykjavík — Radíó	1 950 000	
c. Metrabylgja — skip	1 550 000	
d. Faststillt viðtæki	800 000	
	<hr/>	8 300 000
5. Húsbyggingar:		
a. Múlastöð	7 315 000	
b. Varmahlíð	2 170 000	
c. Kirkjubæjarklaustur	2 450 000	
d. Akureyri	1 200 000	
e. Ísafjörður, birgðahús	500 000	
f. Fáskrúðsfjörður, tækjahús	200 000	
g. Birgðastöðin Jörfa	230 000	
	<hr/>	14 065 000

19. Almennar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 1982 (31 321 983).

Virkjanir:

Lagarfoss	1 500 000
-----------	-----------

Stofnlínur:

Búrfell — Flúðir	600 000
Ljósafoss — Hveragerði	8 100 000
Hveragerði — Þorlákshöfn	500 000
Ólafsvík — Rif — Hellissandur	1 450 000
Sauðárkrókur — Hofsó	1 000 000
Akureyri — Dalvík	6 430 000
Laxá — Lindarbrekka	10 860 000
Hólar — dreifilína	730 000
Athuganir, endurbætur o. fl.	1 450 000
	<hr/>
	31 120 000

Aðveitustöðvar:	Kr.	Kr.
Hella	6 530 000	
Flúðir	301 000	
Hveragerði	9 520 000	
Vatnshamrar	4 838 000	
Ólafsvík	1 240 000	
Hvammstangi	245 000	
Laxárvatn	559 000	
Sauðárkrókur	4 318 000	
Hofsós	245 000	
Grenivík	232 000	
Laxárvirkjun	1 485 000	
Lindarbrekka	222 000	
Raufarhöfn	84 000	
Brúarland	2 978 000	
Eskifjörður	349 000	
Stuðlar	131 000	
Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík	1 581 000	
Varaspennir	3 961 000	
Verk færð 1982	1 721 000	
	<hr/>	40 540 000
Geymsluhús o. fl.		2 000 000
Innanbæjarkerfi		44 000 000
Vélar og tæki		4 000 000
Dísilstöðvar		1 500 000
		<hr/>
Almennar framkvæmdir samtals		124 660 000
Fjáröflun:		
Heimtaugargjöld	6 000 000	
Lántökur samkvæmt lánsfjáráætlun	118 660 000	
	<hr/>	124 660 000

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

LÖG

um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég hef látið fella meginmál laga nr. 68 31. maí 1976, laga nr. 15 1979 og laga nr. 45 29. maí 1981 um breyting á lögum nr. 101 8. des. 1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. inn í lög nr. 101 8. des. 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl. og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

Um skipan og verkefni Framleiðsluráðs.

1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara, og skal það skipað þannig: 7 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda á fulltrúafundi þess, og sé einn þeirra formaður Framleiðsluráðs, og 4 mönnum, er stjórn Stéttarsambandsins skipar samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila, einn frá hverjum: þeirri deild Sambands ísl. samvinnufélaga, er fer með sölu landbúnaðarafurða, Mjólkursamsöluinni í Reykjavík, Sláturfélagi Suðurlands og mjólkurbúunum utan mjólkursölvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, allir til tveggja ára í senn. Framleiðsluráð kys sér formann til sama tíma.

Þegar rætt er um málefni, er varða Sölufélag garðyrkjumanna, Samband eggjaframleiðenda eða Hagsmunafélag hrossabænda, ber að gefa fulltrúum þeirra félaga, einum frá hverju, kost á að sitja fund Framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Framleiðsluráð kys úr sínum flokki 3 menn í framkvæmdanefnd og jafnmarga til vara. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál, sem ekki þykir fært að fresta til fundar framleiðsluráðs.

Framleiðsluráð ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfslíð, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Aðalverkefni Framleiðsluráðs (auk þess sem um ræðir í 1. gr.) eru:

1. að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara;
2. að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún fullnægi, eftir því sem kostur er á, þörfum þjóðarinnar;
3. að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna;
4. að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir þessar vörur utan lands og innan;

5. að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast best þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma.

Í því skyni heimilast Framleiðsluráði landbúnaðarins:

- a. Að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð til framleiðenda eftir árstímum og innheimta verðjöfnunargjald af innveginni mjólk.
 - b. Að ráðstafa því fé, sem fást kann í verðjöfnunarsjóð samkv. a-lið, til verðuppbóta á þær vörur, sem Framleiðsluráð telur þörf á, svo sem til útflutningsuppbóta til viðbótar því fé, sem greitt er úr ríkissjóði samkv. 12. gr. Gjöld þau, sem um ræðir samkv. a-lið, hafa ekki áhrif á útsöluverð landbúnaðarvara til neytenda;
6. að ákveða verðmiðlun á kindakjöti, mjólk og mjólkurvörum samkvæmt fyrirmælum laga þessara;
7. að ákveða mjólkursölusvæði samkvæmt lögum þessum;
8. að verðskrá landbúnaðarvörur í einstökum atriðum á grundvelli verðákvarðana samkvæmt 6. og 7. gr., enda sé sú verðskráning samþykkt af sexmannanefnd.

2. gr. a. sbr. l. 45/1981.

Nú verður búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fæst viðunandi verð fyrir umframframleiðslu á erlendum mörkuðum að mati Framleiðsluráðs, er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda, heimilt með reglugerð að grípa til eftirtalinna tímabundinna ráðstafana:

- a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Að greiða hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stíglækkandi eftir því sem framleiðslan vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra.

Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til.

Heimilt er að ákveða sérstaklega með reglugerð rétt þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvörutegundir eða hætta búskap. Ennfremur þeirra, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna bygginga sem teknar hafa verið í notkun 1976 eða síðar.

Heimilt er að nota samtímis ofangreindar heimildir.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem ákveðin er hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindra geimilda, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs.

- b) Að innheimta gjald af innfluttu kjarfóðri. Gjald þetta skal annaðhvort vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu kjarnfóðurs eða tiltekið hlutfall af tollverði kjarnfóðurs. Aldrei má gjald skv. þessari mgr. þó nema meiru en sem svarar 200% af tollverði innflutts kjarnfóðurs. Að fengnum tillögum Framleiðsluráðs getur landbúnaðarráðherra ákveðið endurgreiðslu kjarnfóðurgjaldsins að hluta eða öllu leyti eða niðurfellingu þess til bænda, m. a. mismunandi eftir svæðum vegna hardæris, uppskerubrests eða til að auka framleiðslu búvöru sem skortur er á, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypiss og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp í því formi sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning. Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að ákveða aðra innheimtuaðferð.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

Seljendur skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu, sé þess óskað. Tilgreina skal hverjir kaupendur eru, heildarmagn til hvers kaupanda og eining-arverð.

- c) Framleiðsluráð fer með gæslu þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar, og ráðstafar því með samþykki landbúnaðarráðherra.

Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra, sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, sem og til að jafna halla, er verða kann á útflutningi milli söluaðila.

Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stéttarsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu landbúnaðarvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma.

Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, er hafa með höndum vinnslu eða sölu landbúnaðarvara, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þær geta veitt.

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarafurða, svo sem kjöts, mjólkur, mjólkurvara, garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu, skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs. Skal þess jafnan gætt, að innflutningur á landbúnaðarvörum fari því aðeins fram, að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni, og útflutningur því aðeins, að nægilegt sé eftir í landinu til nota fyrir almenning af þeirri vöru, sem út er flutt.

II. KAFLI

Um verðskráningu.

4. gr.

Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

Í verðlagsgrundvelli skal, sbr. ákvæði 6. gr., tilfæra ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og virða vinnutíma til samræmis við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils. Eigi skal þó taka til viðmiðunar ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna né aflahlut sjómanna.

Til kaupgjalds teljast hvers konar samningsbundin fríðindi.

5. gr.

Nefnd sex manna, tilnefnd af samtökum framleiðenda og neytenda, skal á grundvelli ákvæða 4. gr. ákveða afurðaverðið til framleiðenda og verð landbúnaðarvara í heildsölu og

smásölu, samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga. Af hálfu framleiðenda hefur stjórn Stéttarsambands bænda rétt til þess að tilnefna tvo menn, en Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann, en af hálfu neytenda hafa stjórnir eftirtalinna samtaka rétt til þess að tilnefna einn mann hvert: Alþýðusamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna og Sjómannafélag Reykjavíkur. Tilnefningu fulltrúa í sexmannanefndinni skal lokið 15. júlí ár hvert. Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar, og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka framleiðenda, er ekki nota rétt sinn, en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað samtaka neytenda. Nefndin skal fullskipuð 1. ágúst ár hvert.

Hagstofustjóri og forstöðumaður Búreikningaskrifstofunnar skulu vera nefndinni til aðstoðar.

6. gr.

Sexmannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll, þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða og um verð til framleiðenda á einstökum landbúnaðarvörum. Náist um slíkan verðlagsgrundvöll samkomulag, er stutt sé af meiri hluta nefndarmanna, skal verð það til framleiðenda, sem í honum felst, gilda við verðlagningu landbúnaðarvara frá byrjun viðkomandi verðlagsárs.

Samhliða því að sexmannanefnd fjallar um ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsg. þessarar gr., skal Framleiðsluráð landbúnaðarins láta í té rökstuddar tillögur um raunverulegan vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara og um smásöluálagningu, til verðlagningar á söluvörum landbúnaðarins frá byrjun viðkomandi verðlagsárs. Jafnframt skal Framleiðsluráð leggja nefndina tillögu um hækkanir á söluverði kindakjöts og garðávaxta vegna geymslukostnaðar á verðlagsárinu. Sexmannanefnd skal, með hliðsjón af þessum tillögum Framleiðsluráðs, leitast við að ná samkomulagi um vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu og um geymslukostnað kindakjöts og garðávaxta. Þegar rætt er í sexmannanefnd um álagningu á búvöru í smásölu, ber að gefa fulltrúum Kaupmannasamtaka Íslands kost á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Nú næst ekki meiri hluti í sexmannanefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar, eða varðandi verðlagningu söluvara skv. 2. málsg. þessarar greinar, og skal þá vísa ágreiningnum til sáttasemjara ríkisins. Skal sáttasemjari leitast við að finna málamiðlun í ágreiningsatriðum og leggja fram tillögur þeim til úrlausnar, er meirihluti fæst fyrir í nefndinni. Heimilt er sáttasemjara að leita álits þeirra aðila, er annast tilnefningu í sexmannanefnd, um ágreiningsatriði varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar eða verðlagningu söluvara. Beri sátttaumleitani ekki árangur innan þess tíma, er 7. gr. kveður á um, skal skipa 3 manna nefnd, er felli fullnaðarúrskurð. Hvor nefndarhluti sexmannanefndar hefur rétt til þess að tilnefna mann í þá nefnd, þó ekki úr hópi nefndarmanna, en oddamaður skal tilnefndur af nefndinni í heild. Nú fær enginn stuðning meirihluta sexmannanefndar sem oddamaður, og tilnefnir þá Hæstiréttur oddamanninn. Nú notar annar eða báðir nefndarhlutar ekki rétt sinn til tilnefningar, samkv. 5. málslíð, og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra af hálfu framleiðenda, ef þeir nota ekki rétt sinn, en félagsmálaráðherra af hálfu neytenda. Þó er ráðherrum eigi heimilt að tilnefna menn, sem eiga sæti í sexmannanefnd.

Ákvæði um úrskurð samkvæmt ákvæðum 3. málsg. þessarar gr. gilda, meðan verð landbúnaðarvara er greitt niður með opinberu fé eða greiddar eru útflutningsuppbætur á þær úr ríkissjóði.

7. gr.

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðenda skv. 3. gr. gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagstímabils 1. september, og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert, nema annað sé ákveðið með samkomulagi í sexmannanefnd. Þó skal taka inn verðlagsbreytingar reksturskostnaðar skv. útreikningum Hagstofu Íslands, en launabreytingar og

breytingar á vinnslu- og dreifingarkostnaði fara eftir ákvæðum 9. gr. Þó gildir verðlagsgrundvöllur sá, er ákveðinn verður haustið 1966, aðeins í eitt ár. Verðlagsgrundvöllur hvers tímabils framlengist sjálfkrafa um tvö ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum framleiðenda eða fulltrúum neytenda fyrir 1. júní á því ári, sem óskað er breytinga á honum. Þó getur nefndin komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp, færir Hagstofa Íslands hann fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir útreikningsreglum, sem ákveðnar hafa verið af sexmannanefnd.

8. gr.

Hagstofa Íslands skal fyrir 15. ágúst ár hvert afla fullnægjandi gagna handa sexmannanefnd um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og um afurðamagn, svo og um tekjur vinnandi stétta á undangengnu ári, sbr. ákvæði 4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal á ári hverju afla fullnægjandi gagna um dreifingar- og vinnslukostnað landbúnaðarvara og leggja þau fyrir sexmannanefnd svo tímanlega, að verðlagningu samkvæmt 6. gr. geti verið lokið á tilsettum tíma, sbr. ákvæði 7. gr.

Búreikningaskrifstofa ríkisins skal afla árlega rekstursreikninga frá bændum, nægjanlega marga að dómi Hagstofu Íslands, er sýni raunverulegan framleiðslukostnað landbúnaðarvara. Skulu þeir vera tilbúnir og uppgerðir fyrir 15. júní ár hvert fyrir næsta ár á undan. Reikningar þessir skulu vera til afnota fyrir Hagstofu Íslands og sexmannanefnd. Stjórn Búreikningaskrifstofunnar, ásamt Hagstofu Íslands, skipuleggur þetta starf hennar að fengnum tillögum frá sexmannanefnd.

Sexmannanefnd getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingagrundvöll fyrir þau atriði, er máli skipta fyrir verðlagningu landbúnaðarafurða, svo sem framleiðslu- og dreifingarkostnað, vinnutíma o. fl. Skylt er að stofna til slíkra rannsókna, ef 3 nefndarmenn eða fleiri krefjast þess. Skal nefndin í því efni leita samstarfs við Hagstofu Íslands, Búreikningaskrifstofu ríkisins og aðrar opinberar stofnanir, að því leyti sem rannsóknir þessar snerta starfssvið viðkomandi stofnana. Að því leyti sem umræddar stofnanir telja sig ekki geta látið í té starfslíð til þess að framkvæma þær rannsóknir, er sexmannanefnd hefur ákveðið að fram skuli fara, er nefndinni heimilt að ráða til þess nauðsynlegt starfslíð, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta þeim, er rannsóknirnar framkvæma, í té nauðsynlegar upplýsingar.

9. gr.

Heimilt er að breyta afurðaverði til framleiðenda — og þar með söluverði landbúnaðarvara — ársfjórðungslega frá 1. desember, 1. mars og 1. júní vegna hækkunar á kaupí, svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá hækkun, sem kann að hafa orðið á kaupí í almennri verkamanna-vinnu í Reykjavík á undangegnu þriggja mánaða tímabili.

Nú telur Framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild til verðbreytingar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar, og skal það tilkynna sexmannanefnd áform sitt í því efni. Skal þá sexmannanefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar og því skotið til úrskurðar skv. 3. málsgr. 6. gr., ef ekki fæst meirihluti í sexmannanefnd um afgreiðslu þess.

Nú telur Framleiðsluráð rétt að breyta söluverði landbúnaðarvöru til samræmis við breytingu, sem orðið hefur á vinnslu- og dreifingarkostnaði, og skal það þá án tafar tilkynna sexmannanefnd áform sitt í því efni. Skal þá sexmannanefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar og því skotið til úrskurðar samkvæmt 3. málsgr. 6. gr., ef ekki fæst meiri hluti í sexmannanefnd um afgreiðslu þess.

10. gr.

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. sept-

ember, skal ákveða verð á kjöti af því fé þeim mun hærra en hið ákveðna haustverð, sem nemur væntanlegum þyngdarauka kindanna, að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

Ákvæðum 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um verðlagningu garðávaxta, sem koma á markað fyrir 15. september. Skal verð þeirra við það miðað, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Í hvert skipti, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins telur rétt að ákveða sumarverð á kjöti eða garðávöxtum eða að breyta áður ákveðnu sumarverði samkvæmt 1. og 2. málsg. þessarar gr., skal það tilkynna sexmannanefnd áform sitt í því efni. Skal þá sexmannanefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar og því skotið til úrskurðar samkvæmt 3. málsg. 6. gr., ef ekki fæst meirihluti í sexmannanefnd um afgreiðslu þess.

11. gr.

Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

12. gr.

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. málsg. þessarar greinar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal framleiðsluráð standa straum af kostnaði við öflun gagna skv. ákvæðum 2. málsg. 8. gr., sem það leggur fyrir sexmannanefnd.

III. KAFLI

Um sauðfjárafurðir.

14. gr.

Framleiðsluráð úthlutar sláturleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða versla með kjöt af því í heildsölu án leyfis Framleiðsluráðs.

Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem slátrunarleyfi höfðu haustið 1965, svo og þeim, sem eignast hafa sláturhús þessara aðila og tekið við rekstri þeirra.

Framleiðsluráð getur ennfremur veitt öðrum aðilum sláturleyfi, eftir því sem það telur ástæðu til. Leyfi samkvæmt þessari málsgrein skulu því aðeins veitt, að aðilar fullnægi skilyrðum nýafgreiddra laga frá Alþingi um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Framleiðsluráð getur ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands, svo og hvernig kjötið af því fé skuli verkað.

Framleiðsluráð getur svipt leyfishafa sláturleyfi, hafi hann ekki greitt hið ákveðna verðjöfnunargjald, eftir að tiltekinn greiðslufrestur hefur verið veittur, eða hafi hann brotið önnur ákvæði laga þessara eða fyrirsmæli, sem sett eru samkvæmt þeim.

15. gr.

Þeir, sem slátra fé til sölu, gefa ráðinu skýrslu um daglega slátrun, staðfesta af kjötmatsmönnum, og standa skil á verðmiðlunargjaldinu til Framleiðsluráðs. Stjórn neytenda-

félags, er fengið hefur slátrunarleyfi, skal einnig senda slíka skýrslu og standa skil á verðmiðlunargjaldinu. Gjaldalagi er, þegar slátrun fer fram, nema Framleiðsluráð heimili annað.

16. gr.

Framleiðsluráð ákveður, um leið og það veitir slátrunarleyfi ár hvert, hversu miklu hverjum leyfishafa ber að halda eftir af verði kjötsins til verðmiðlunar.

17. gr.

Skylt er öllum, sem versla með sauðfjárafurðir, að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar og skýrslur, er það óskar eftir og þeir geta veitt, viðvíkjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum bæði innan lands og utan.

18. gr.

Framleiðsluráð gerir þær ráðstafanir, er það telur þurfa, til þess að innlendi markaðurinn fyrir kjöt og slátrur notist sem allra best og fullnægt verði sanngjörnum óskum neytenda. Það hefur eftirlit með allri meðferð sláturfjárafurða, stuðlar að notkun bestu aðferða við geymslu kjötsins og leiðbeinir eða hlutast til um, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og alla meðferð þessara vara og verslun með þær. Það getur ennfremur takmarkað flutning á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum milli markaðsstaða, ef það telur það hagkvæmara fyrir sölu.

19. gr.

Framleiðsluráði er heimilt, ef það telur þess þörf, að láta ákvæði þessara laga um sölu og verðmiðlun gilda um aðrar sauðfjárafurðir.

IV. KAFLI

Um sölu stórgripakjöts.

20. gr.

Framleiðsluráð úthlutar leyfum til slátrunar stórgripa, nautgripa og hrossa og má enginn slátra stórgripum til sölu né versla með kjöt af þeim í heildsölu nema hann hafi fengið til þess slíkt leyfi. Um úthlutun slátrunarleyfa á stórgripum gilda sömu ákvæði og um úthlutun slátrunarleyfa fyrir sauðfé, sbr. 14. gr. þessara laga.

Landbúnaðarráðherra getur fyrirskipað eftir tillögum Framleiðsluráðs, að slátrun svína og alifugla skuli fara fram í löggiltum slátruhúsum, sbr. lög nr. 30 frá 28. apríl 1966.

Framleiðsluráð skal hafa eftirlit með sölu og meðferð stórgripakjöts.

21. gr.

Framleiðsluráð verðskráir hrossakjöt á innlendum markaði, samkvæmt ákvæðum 6. gr. og 7. gr., að fengnum tillögum Hagsmunafélags hrossabænda.

Nú hafa framleiðendur slátruhrossa myndað með sér félag, sem Framleiðsluráð viðurkennir, og skal þá Framleiðsluráð setja reglugerð um sölu og meðferð slátruhrossa og hrossakjöts, ef félagið, er að framan greinir, óskar þess.

Í reglugerð þessari skal tekið fram meðal annars:

1. Um skiptingu landsins í sölusvæði.
2. Bann gegn sölu afsláttarhrossa og hrossakjöts milli sölusvæða nema með samþykki Framleiðsluráðs.
3. Að Framleiðsluráð ákveði kjötverð í heildsölu og smásölu eftir árstíðum og gæðum.
4. Um mat og flokkun hrossakjöts.
5. Um skipun söluráðs hvers sölusvæðis, er starfi undir yfirumsjón Framleiðsluráðs.
6. Um úthlutun söluleyfa, er miðist við markaðshorfur á hverjum tíma og hrossaeign manna á hverju sölusvæði samkv. síðasta skattframtali, eftir því sem við verður komið.

V. KAFLI

Um sölu mjólkur og mjólkurafurða.

22. gr.

Framleiðsluráð ákveður skipun mjólkursölusvæða. Að jafnaði markar sú aðstaða mjólkursölusvæði, að hægt sé að selja daglega til kaupstaða eða kauptúna innan mjólkursölusvæðisins óskemmda mjólk af öllu svæðinu, annaðhvort frá einstaklingum eða viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á því mjólkursölusvæði.

Nú getur sveit eða hérað ekki flutt mjólk daglega til sölustaðar, og er Framleiðsluráði þó engu að síður heimilt, ef svæði þetta hentar sérstaklega til mjólkurframleiðslu eða ef þar er sérstök þörf á aukningi mjólkurframleiðslu, að færa þær byggðir undir það mjólkursölusvæði, er best hentar vegna samgangna og annarrar aðstöðu, enda sé þá jafnframt tekið tillit til þess, hvar mjólkurinnar er mest þörf.

Við skiptingu í mjólkursölusvæði skal Framleiðsluráð ennfremur taka tillit til þess, hvar einstaklingar eða mjólkurbú hafa selt neyslumjólk sína. Óheimilt er öllum mjólkurframleiðendum að selja mjólk eða rjóma og nýtt skyr (ófryst) utan þess mjólkursölusvæðis, sem þeir eru búsettir á, nema með leyfi Framleiðsluráðs.

23. gr.

Framleiðendur solumjólkur á hverju mjólkursölusvæði velja sér stjórn, er hefur á hendi stjórn mjólkurmálanna á því sölusvæði, þ. á m. heildsölundreifingu mjólkur, rjóma, skyr og annarra skyldra mjólkurvara. Hún annast ennfremur innheimtu verðmiðlunargjalds af neyslumjólk og afhendingu þess til Framleiðsluráðs. Nú eru starfandi fleiri en eitt mjólkurbú, sem viðurkennd eru af Framleiðsluráði og hafa á hendi daglega sölu á mjólk og rjóma til neytenda, skulu þau þá, ef Framleiðsluráð ákveður, hafa sameiginlega yfirstjórn, er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið, sem svo kys stjórn samsölnnar á því svæði.

Nú er ekkert mjólkurbú starfandi á mjólkursölusvæði, og getur þá Framleiðsluráð hlutast til um og fyrirskipað, að bændur þeir, er mjólk selja í kaupstað eða kauptún innan þess svæðis, myndi með sér félagsskap og kjósi stjórn, er sjái um mjólkursölna og annað, er hana snertir.

24. gr.

Á mjólkursölusvæðum, þar sem starfandi er samsölustjórn, skv. ákvæðum 23. gr., skal greiða sérstakt gjald af allri neyslumjólk, sem samsalan selur frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum á svæðinu. Heimilt er að taka gjald þetta af fleiri vörutegundum. Gjald þetta nefnist verðjöfnunargjald mjólkursvæða og ákveðst fyrirfram af stjórn hlutaðeigandi mjólkursömsölu og má breyta því eftir því, sem þurfa þykir.

Verðjöfnunargjald skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu á viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á mjólkursölusvæðum. Verðjöfnun innan hvers mjólkursölusvæðis skal jafnan miðuð við það, eftir því sem við verður komið, að mjólkurframleiðendur á mjólkursölusvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína komna á móttökustöð.

Skyllt er að greiða framleiðendum mjólkur hæst verð fyrir 1. flokks mjólk, en stíglækkandi fyrir aðra flokka.

25. gr.

Þar sem samsölustjórn er starfandi samkvæmt ákvæðum 23. gr., skal hún annast alla heildsölundreifingu á mjólk, rjóma og nýju skyri á sölusvæðinu.

Sexmannanefnd ákveður hverju sinni verð á mjólk og rjóma í heildsölu og smásölu, sbr. 2. málsg. 6. gr. Í því sambandi skal hún einnig ákveða losunargjald, sem heildsöluaðila er heimilt að taka í hvert skipti sem mjólk, rjómi eða aðrar skyldar mjólkurvörur eru afgreiddar við dyr smásöluverslunar eða aðra útsölastaði. Getur nefndin ákveðið gjald þetta jafnhátt að

krónutölu, hvort sem afgreitt er mikið eða lítið magn vöru hverju sinni, sé um sölu í þéttbýli að ræða. Heildsöluaðila (samsölu eða mjólkurbúi) er heimilt að selja mjólk og mjólkurvörur á hinu skráða smásöluverði til aðila, sem ekki reka smásöluverslun. Skal þá ekki taka losunargjald.

Mjólkursamlögum og verslunum, er selja mjólk og mjólkurvörur, ber að hlíta verð-ákvörðunum sexmannanefndar, og má aldrei grípa til sölustöðvunar á mjólk og skyldum vörum þó að ósamkomulag kunni að koma upp út af verðlagningu þeirra vara.

Ekki má selja mjólk, rjóma og skyr eða skyldar mjólkurvörur til annarra verslana en þeirra, er fengið hafa samþykki heilbrigðisfirvalda í viðkomandi sveitarfélagi til sölu mjólkur. Skal í þeim efnum fylgt ákvæðum gildandi laga og reglugerða á hverjum tíma.

26. gr.

Þar sem eitt mjólkurbú er starfandi á mjólkursölu svæði, skal stjórn þess annast alla heildsölu á mjólk, rjóma, skyri, súrmjólk, jógurt og öðrum skyldum mjólkurafurðum, sbr. 1. málsg. 25. gr.

27. gr.

Nú er starfandi mjólkurbú eða samsala, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur viðurkennt, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk, rjóma, skyr, súrmjólk og aðrar skyldar mjólkurafurðir í heildsölu á því sölu svæði.

Nú kemur upp deila milli mjólkurbúa og framleiðenda á einhverju sölu svæði um móttöku mjólkur eða önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila, og skal þá Framleiðsluráð leitast við að jafna ágreininginn milli málsaðila og úrskurða, ef með þarf.

28. gr.

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til heildsölu á mjólk, sbr. ákvæði 25. gr., að sjá um að ætíð sé nóg neyslumjólk til sölu á sölu svæði þeirra, sé þess nokkur kostur. Öll mjólk og allur rjómi, sem seldur er frá sölu miðstöð mjólkurbúa samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneyddur.

Verslanir, sem leyfi hljóta til sölu á mjólk, rjóma og skyri, skulu einatt hafa á boðstólum allar vörutegundir, sem mjólkursamsala og mjólkursamlögin hafa til sölu á hverjum tíma.

Nú telja héraðsdýralæknir, mjólkureftirlitsmaður eða héraðslæknir, að mjólk frá einhverjum framleiðanda sé ekki söluhæf, og geta þeir þá, hver um sig eða allir saman, stöðvað mjólkursölu frá viðkomandi framleiðanda.

Um framkvæmd þess sölubanns skal setja ákvæði í reglugerð.

Nú telur heilbrigðisnefnd eða héraðslæknir meðferð sölumjólkur áfátt hjá einhverju mjólkurbúi eða mjólkursölu aðila (verslun), og getur heilbrigðisnefndin þá stöðvað sölu mjólkur frá þeim aðila og krafist úrbóta á því sem áfátt er, áður en sala hefur verið leyfð að nýju. Um slíkar aðgerðir ber nefndinni að hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit ríkisins.

29. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi yfirstjórn mjólkursölu mála landsins. Skal það stuðla að því, að ávallt sé næg neyslumjólk og mjólkurvörur til sölu í kaupstöðum, kaптúnunum og þorpum, þar sem stöðugur markaður fyrir þessar vörur er fyrir hendi og líkur benda til, að markaður vinnist með skipulegri sölu.

Framleiðsluráð skal fylgjast með sölu mjólkur og mjólkurvara um land allt, ásamt þörfum neytenda fyrir þessar vörur. Það aflar sér nauðsynlegra skýrslna og upplýsinga, er að þessu líta, og er mjólkurbúum og öðrum félögum eða fyrirtækjum, er að þessum málum starfa, skylt að láta Framleiðsluráði í té allar upplýsingar um þessi efni, er þau geta.

30. gr.

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum, og skal þá Framleiðsluráð hlutast

til um, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæði og forráðamenn hlutaðeigandi kaupstaða og kauptúna, að bót fái á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Ennfremur er Framleiðsluráði heimilt, ef mjólk vantar á vissum tíma árs, að fyrirskipa misjafnt mjólkurverð til framleiðenda eftir árstíðum og gera aðrar ráðstafanir, er líklegar þykja til að tryggja jafnari mjólkurframleiðslu á mjólkursölusvæðinu.

Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf einstakra byggðarlaga verður aðeins fullnægt með kostnaðarsömum flutningum milli sölusvæða, og er Framleiðsluráði þá heimilt að styrkja þá flutninga. Ber sexmannanefnd að taka tillit til aukakostnaðar, er af slíku leiðir. Því fé, sem sexmannanefnd ákveður í þessu skyni, skal haldið aðskildu frá öðru ráðstöfunarfé Framleiðsluráðs.

31. gr.

Framleiðsluráð hlutast til um, að mjólkurframleiðendur komi sér upp mjólkursölustöðvum í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem engar eru fyrir eða ófullnægjandi og þeirra er full þörf að dómi Framleiðsluráðs. Getur Framleiðsluráð krafist þess, að byggingu stöðvarinnar sé hagað þannig, að mjólkursölustöðin geti einnig tekið á móti mjólk til vinnslu, þegar þörf krefur. Í því sambandi er Framleiðsluráði heimilt í samráði við stjórnir mjólkurmálanna á hlutaðeigandi mjólkursölusvæði að ákveða stofngjald á alla innvegna mjólk, er lagt sé í sérstakan sjóð, er varið sé til að bæta og tryggja skilyrði til vinnslu og sölu mjólkurinnar.

Mjólkursölustöðvar, sem jafnframt hafa vinnslu, skulu reistar þar sem skilyrði til mjólkurframleiðslu þykja álitleg og Framleiðsluráð telur þeirra þörf og þá samkvæmt fyrirsögn sérfróðs manns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Telji framleiðsluráð félagsskap framleiðenda, er að slíkri byggingu stendur, svo traustan, að af framkvæmdum hans megi vænta varanlegra umbóta á sviði mjólkurmálanna, skal ríkissjóður styrkja þær stöðvar að $\frac{1}{4}$ stofnkostnaðar, enda leggi hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélag stöðinni til ókeypis lóð á hentugum stað. Hafa stöðvar þessar sömu réttindi og skyldur og mjólkurbú samkv. lögum þessum.

Framleiðsluráð getur í samráði við heilbrigðisstjórn ríkisins heimilað sölustöðvum þessum, er því þykir nauðsyn til bera, að selja ógerilsneydda mjólk, en lúta verða þær að öðru leyti öllum fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar um alla meðferð mjólkurinnar.

VI. KAFLI

Um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu.

32. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins. Það skal stuðla að því, að markaðurinn notist sem allra best og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að bestu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Enginn má versla með kartöflur, gulrötur, gulrætur né hvers konar gróðurhúsaframleiðslu í heildsölu nema með leyfi Framleiðsluráðs. Leyfi skal veitt til eins árs í senn.

33. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn og rekstur Grænmetisverslunar landbúnaðarins, sem annast verslun með kartöflur og annað grænmeti.

34. gr.

Ríkisstjórnin (landbúnaðarráðuneytið) hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti. Ákvæði þetta tekur þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur og grænmeti, ef birgðirnar eru að áliti hlutaðeigandi tollyfirvalda eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

35. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins velur sér umboðsmenn víðs vegar um landið til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum. Framleiðsluráð ræður Grænmetisverslun landbúnaðarins framkvæmdastjóra.

36. gr.

Framleiðsluráði er heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda svo og Samband eggjaframleiðenda sem sölufélag eggjaframleiðenda, enda starfi þessi félag á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Framleiðsluráði.

Nú hefur Framleiðsluráð viðurkennt framangreinda aðila samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar, og er þá öðrum aðilum óheimilt að afhenda vörur þær, sem hér um ræðir, til mäsöluverslana, nema með leyfi Framleiðsluráðs.

37. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins vinnur að því, að komið verði upp þar, sem hentugt þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helstu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.

Til þess enn fremur að tryggja árvíssa sölu garðávaxta skal Grænmetisverslun landbúnaðarins leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslunnar, sem selst ekki til mannelis hverju sinni.

38. gr.

Framleiðsluráði er heimilt að skipta landinu í sölusvæði, ef ástæða þykir til. Grænmetisverslun landbúnaðarins sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal hún þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafrbrigða með því að semja við einstaka kartöflufframleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum tegundum, og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

39. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa kafla laganna, þar sem m. a. er ákveðið:

1. um starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins;
2. um flokkun og mat garðávaxta;
3. um stofnræktun úrvals tegunda;
4. um ráðstafanir til að greiða fyrir sölu úrvals matjurta, þegar mikið berst á markaðinn.

VII. KAFLI

Um verðmiðlun.

40. gr.

Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig, að sama verð fáiast fyrir sams konar vörur komnar á vinnlustað miðað við meðalvinnslukostnað og nýtingu. Verðjöfnunargjald skal teljast til dreifingarkostnaðar. Skal því hagað þannig:

- a. Kjöt: Af öllu kindakjöti skal greiða sérstakt gjald, er nota skal til verðjöfnunar. Við verðjöfnun er Framleiðsluráði heimilt að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar sláturhúsa og mismunandi flutningskostnaðar frá sláturstað til markaðsstaðar. Auk þess er Framleiðsluráði heimilt að framkvæma útjöfnun á flutningskostnaði sláturfjár að sláturhúsi, sérstaklega þegar svo stendur á, að það getur auðveldað hagkvæman rekstur sláturhúsa. Þá er Framleiðsluráði heimilt að taka upp verðjöfnun á stórgripakjöti, er taki til svipaðra aðstæðna og segir í grein þessari varðandi kindakjöt.

- b. Mjólk og mjólkurvörur: Greiða skal sérstakt gjald af allri innveginni mjólk í mjólkursamlög og skal verja því til þess að koma á hentugri vinnuskiptingu milli þeirra svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða. Í því sambandi er heimilt að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar mjólkurbúanna. Þá er og heimilt að verja fé til jöfnunar á flutningskostnaði mjólkur að samlagi ef þörf krefur að mati Framleiðsluráðs.
- c. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af eggjum.
- d. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum, til jöfnunar á flutningskostnaði milli sölusvæða.
- e. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af öllum búvörum til að jafna halla af útflutningi, ef verðábyrgð skv. 12. gr. nægir ekki. Gjald þetta hefur ekki áhrif á dreifingarkostnað eða útsöluverð, sbr. 1. málsg. 12. gr.

41. gr.

Framleiðsluráð ákveður árlega, hve hátt verðmiðlunargjald skal tekið í samræmi við 40. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, sem þar um ræðir, og standa strauum af framkvæmd laga þessara, þar á meðal kostnaði við Framleiðsluráð o. fl. (sjá þó 13. gr.).

42. gr.

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkursamlaga eða mjólkursölusvæða og aðrir sem versla með gjaldskyldar vörur skv. 40. gr., skulu standa Framleiðsluráði skil á verðjöfnunargjaldi skv. fyrirmælum þess. Selji framleiðandi búvörur sínar beint til neytenda ber honum að standa skil á verðjöfnunargjaldi til Framleiðsluráðs.

Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðjöfnunar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita Framleiðsluráði upplýsingar er að þessu lúta og þær geta látið í té.

VIII. KAFLI

Um iðnað úr landbúnaðarvörum.

43. gr.

Framleiðsluráð safnar árlega skýrslum um öll iðnfyrirtæki hér á landi, er vinna úr íslenskum landbúnaðarvörum, hvers konar vinnsla þeirra er og magn hrávöru og vinnsluvöru. Ennfremur ber ráðinu að afla sér upplýsinga um markaði og markaðshorfur innan lands og utan fyrir íslenskar iðnaðarvörur, unnar úr framleiðsluvörum landbúnaðarins.

44. gr.

Nú telur Framleiðsluráð, að skortur sé innanlands á iðnaðarvörum þeim, er um ræðir í 43. gr., eða að ónotuð séu góð markaðsskilyrði erlendis, svo að til tjóns sé fyrir landbúnaðinn, og ber þá Framleiðsluráði að stuðla að því, að ný iðnaðarfyrirtæki verði stofnuð eða önnur eflað svo, að fullnægt verði varanlegri eftirspurn eftir þessum vörum og hinir erlendu markaðir nýttist eftir því sem best má verða.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

45. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum Framleiðsluráðs.

Komi ósk frá sölusamlögum eggjaframleiðenda eða grænmetisframleiðenda um, að Framleiðsluráð hafi með höndum verðskráningu á framleiðsluvörum þeirra getur landbúnaðarráðherra ákveðið það með reglugerð í samráði við Framleiðsluráð.

46. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá 50—500 kr., nema þyngri refsing liggí við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má beita dagsektum frá 1—100 kr.

47. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. og síðari breytingar á þeim lögum, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum er kynnu að koma í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 11. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Pálmi Jónsson.

